Allt hér eftir er bónus

Auður Jónsdóttir horfir þakklát yfir sviðið og segist vera búin að fá fullt. ➤ 30

Gæðin minnka en verðið hækkar

Sigurður Héðinn segir búið að skáka Íslendingum út af borðinu í laxveiði hér á landi. ➤ 38

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

FRÉTTABLAÐIÐ

229. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 20. NÓVEMBER 2021

Óhuggulegt að vera hræddur heima hjá sér

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri gerir upp 20 ára feril sinn í borgarstjórn og ræðir skotárásina og veikindin af hispursleysi, en svo er hann að gefa út bók um borgina sem hann ann svo mjög – og gerir þar upp við pólitíska rússíbanareið sem hefur á köflum verið lyginni líkust. ➤ 26

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAMSUNG

Galaxy Buds2

Jólagjöfin í ár er Samsung Galaxy

ELKO

Jóhannes var nýlega dæmdur í sex ára fangelsi fyrir fjórar nauðganir.

Tvær nýjar kærur lagðar fram vegna meðhöndlarans

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Tvær nýjar kærur á hendur meðhönlaranum Jóhannesi Tryggva Sveinbjörnssyni eru til rannsóknar hjá lögreglu. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Jóhannes var nýverið dæmdur í sex ára fangelsi í Landsrétti fyrir fyrir að nauðga fjórum konum. Ákæra vegna meintrar fimmtu nauðgunar er til meðferðar í Héraðsdómi Reykjaness

Rannsókn málsins hófst fyrir þremur árum þegar á annan tug kvenna kærðu Jóhannes fyrir kynferðisbrot. Verjandi hans, Steinbergur Finnbogason, hélt því fram að þáverandi réttargæslumaður kærendanna hefði auglýst eftir brotaþolum í málinu.

Aðspurður segist Steinbergur ekki hafa séð nýjar kærur, en samkvæmt heimildum á lögregla enn eftir að taka skýrslur vegna þeirra. ■

Jólaköttur gengur laus

Hinn rómaði jólaköttur er kominn á sinn stað á Lækjartorgi fjórða árið í röð. Nú bregður hins vegar svo við að hann horfir inn Austurstræti en ekki til Bankastrætis eins og á aðventum undanfarinna ára. Jólakötturinn er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Garðlistar og MK-illumination í Austurríki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tilraun skilar árangri í Breiðholti

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Tilraunaverkefnið Frístundir í Breiðholti hefur þegar borið árangur, að sögn Söru Bjargar Sigurðardóttur, varaborgarfulltrúa og formanns íbúaráðs Breiðholts. Frístundastyrkur fyrir börn í fyrsta og öðrum bekk í hverfinu hefur verið hækkaður úr 50.000 í 80.000 krónur í tilraunaskyni en í ljós hafði komið að börn í hverfinu nýttu frístundastyrki verr en börn í öðrum hverfum.

Síðastliðið vor skráðu 69 krakkar sig í frístundastarf sem ekki höfðu verið þátttakendur áður. Í haust komu ábendingar um 112 börn og ungmenni, sem eru nú til meðhöndlunar. „Það er jákvæð þróun í hverfinu en hún gerist ekki á einni nóttu," segir Sara Björg. Markviss kynning hafi orðið á íþrótta- og frístundastarfi í náinni samvinnu við samtök íbúa af erlendum uppruna. Áskorun sé að ná til breiðs hóps af erlendum uppruna sem býr í Breiðholti en fjölbreyttur félagsauður sé einn helsti styrkur hverfisins. ■

> Það er jákvæð þróun í hverfinu og hún gerist ekki á einni nóttu.

Sara Björg Sigurðardóttir, varaborgarfulltrúi



Telja virkjun á Folaldahálsi ógn við stórbrotið landslag

Bæjarráð Hveragerðis óttast að ný virkjun á Folaldahálsi verði aðeins upphafsskref inn á verðmætt náttúrusvæði. Verkfræðistofan Efla segir svæðið við háspennulínur, sem séu mun meira afgerandi en virkjunin verði.

gar@frettabladid.is

Núverandi mannvirki á fyrirhuguðu borunarsvæði á Folaldahálsi. MYND/EFLA

UMHVERFISMÁL „Við teljum okkur þurfa að standa í lappirnar gagnvart þessu," segir Eyþór H. Ólafsson, formaður bæjarráðs Hveragerðis, um eindregin mótmæli ráðsins vegna áforma um 3,9 megavatta gufuaflsvirkjun á Folaldahálsi í landi jarðarinnar Króks.

„Bæjarráð harmar að ekkert tillit skuli hafa verið tekið til harðra mótmæla Hveragerðisbæjar við áform um virkjun á Folaldahálsi," segir í bókun ráðsins, sem kveður stórbrotið landslag og fjölbreytni í jarðfræðilegri gerð vera dýrmæta auðlind fyrir framtíðarkynslóðir.

„Almannahagsmunir hljóta að liggja miklu frekar í verndun svæðisins en röskun þess til minni háttar orkunýtingar," segir bæjarráðið.

Eyþór segir málið eiga sér forsögu. Hvergerðingar hafi barist gegn bæði skjálftum frá Hellisheiðarvirkjun og mengun frá gufuvinnslu á svæðinu. Þótt menn séu kannski komnir fyrir það, þá hræði sporin.

„Þegar Bitruvirkjun var í umhverfismati, fyrir hana mátti ekki einu sinni hafa Hveragerði inni á kortinu, því það hefði komið svo illa út. Sem betur fer tókst okkur að stöðva hana," segir Eyþór. „Og svo höfum við orðið vör við að það hefur dregið niður í orkunni í Hveragerði en það vill enginn viðurkenna það."

Folaldaháls er norður af Hveragerði í átt að Þingvallavatni, upp af hæðunum ofan við Reykjadal.

> Og svo höfum við orðið vör við að það hefur dregið niður í orkunni í Hveragerði en það vill enginn viðurkenna það.

Eyþór H. Ólafsson, formaður bæjarráðs Hveragerðis

Eyþór segir að þótt virkjunin fyrirhugaða á Foldaldahálsi eigi að vera frekar lítil séu Hvergerðingar á varðbergi.

„Það er gríðarlega falleg náttúra á þessu svæði og um leið og það er hleypt inn á það – þótt ekki sé nema pínulítilli virkjun sem hefði sem slík kannski lítil áhrif – þá eru menn komnir með annan fótinn inn á svæðið með framkvæmdir, borpalla og vegi og vilja kannski halda áfram," útskýrir Eyþór.

Nú liggur fyrir tillaga að aðalskipulagsbreytingu sem felur í sér skilgreiningu iðnaðarsvæðis á Folaldahálsi fyrir gufuaflsvirkjun. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 17. desember og vísaði bæjarráð Hveragerðis málinu til frekari umsagnar hjá skipulags- og mannvirkjanefnd bæjarins.

Að því er fram kemur í greinargerð Eflu um virkjunaráformin er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufuskilju, gufuháfi, ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuaflsvirkjunar, auk stöðvarhúss og kæliturna.

Aðkoma að virkjunarsvæðinu er sögð verða eftir línuvegi Búrfellslínu 3 frá Hellisheiði. Jarðstrengur verði lagður um 7 kílómetra að bænum Króki í Grafningi. Raforkuna megi nýta fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks.

„Svæðið sem verður fyrir raski er fast við háspennulínu og eru möstur þess mun meira afgerandi í umhverfinu en mannvirki gufuaflsvirkjunarinnar," segir í skýrslu Eflu. ■

FORINGI SPORTJEPPANNA

TOYOTA HIGHLANDER HYBRID

Verð frá: 10.890.000 kr.

7 manna og 4WD – Toyota Hybrid hefur aldrei verið svona stór.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Endurbætur á Ráðhúsinu kosti vel á annan milljarð króna

kristinnhaukur@frettabladid.is

NORÐURLAND Viðbygging og endurbætur á Ráðhúsi Akureyrar munu kosta á bilinu 1,5 til 2 milljarða króna gróflega áætlað. Enn á þó eftir að teikna að fullu og kostnaðarmeta vinningstillögu hönnunarkeppni sem haldin var í ár.

„Þarfagreining liggur nokkurn veginn fyrir en það á eftir að taka endanlega ákvörðun um hvað verði gert," segir Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn. Með því að koma stjórnsýslunni allri á sama staðinn muni nást sparnaður sem nemi 100 til 150 milljónum króna á ári.

„Við settum inn þessa upphæð núna en hver lokaupphæðin verður vitum við ekki alveg," segir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, oddviti Framsóknarflokksins og formaður bæjarráðs. Verið sé að

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður bæjarráðs

máta skrifstofur starfsfólks við staði í húsinu í núverandi mynd. „Það er spurning hversu mikil uppbyggingin þarf að vera og hvort þessi tillaga sem vann keppnina sé of stórtæk," segir hann. Alltaf þurfi þó að fara í einhverjar framkvæmdir, að minnsta kosti skipta um þak og byggja við.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar eru 1,35 milljarðar króna áætlaðir í endurbætur á Ráðhúsinu á næstu þremur árum. Þar af 500 milljónir árið 2022 og 600 árið 2023.

Það var arkitektastofan Yrki sem vann hönnunarkeppnina og voru úrslitin tilkynnt í júlí síðastliðnum. Gert er ráð fyrir viðbyggingu norðan við Ráðhúsið, endurgerð fjórðu hæðar og endurbætur á annarri og þriðju hæð. Þrettán aðrar tillögur voru sendar inn. Í sumar var stefnt á að klára verkefnið á þremur árum. ■

Þrjú í fréttum

Svandís Svavarsdóttir

heilbrigðisráðherra

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra ruggar nú bátnum í talningarmálinu, vegna efasemda um að rétt sé að staðfesta kjörbréf þingmanna. Afstaða hennar vekur spurningar um hvort stjórnarflokkarnir verði ósamstíga í málinu þegar til úrslita dregur um það á Alþingi í næstu viku.

Helgi Jóhannesson

lögmaður

Helgi Jóhannesson, sagði nýverið af sér sem yfirlögfræðingur Landsvirkjunar vegna ásakana um kynferðislega áreitni. Afsökunarbeiðni sem hann birti á Facebook í vikunni vakti mikla athygli. Í færslunni gekkst hann við framkomu, orðfæri og hegðun sem hafi látið samferðafólki hans líða illa.

Ari Freyr Skúlason

knattspyrnumaður

Landsliðsmaðurinn Ari Freyr Skúlason tilkynnti í vikunni að hann hefði ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna til að gefa framtíðinni pláss í liðinu. Ari er níundi leikjahæsti leikmaður karlaliðsins frá upphafi og lék alla leiki Íslands á EM 2016 og tvo leiki á HM árið 2018. ■

Hækkun á orkuverði í Evrópu skapi færi í auknum útflutningi grænmetis

Verð á gasi til grænmetisframleiðslu í Danmörku og Hollandi hefur fjórfaldast. Staðan skapar tækifæri fyrir útflutning á grænmeti, að mati Bændasamtakanna.

bth@frettabladid.is

Nýjar forsendur hafa skapast fyrir útflutning á íslensku grænmeti, ekki síst gúrkum. Þessar gúrkur eru í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

LANDBÚNAÐUR Margföldun gæti orðið á gúrkuframleiðslu hérlendis þar sem hyllir undir stórfelldan útflutning og ný tækifæri. Ástæðan er stökkbreyting orkuverðs í Evrópu. Gas, sem auk olíu er mikið notað til grænmetisframleiðslu í Danmörku og Hollandi, hefur hækkað um ríflega 400 prósent á innan við hálfu ári. Það leiðir til opnunar markaðstækifæra fyrir útflutning frá Íslandi.

Bændablaðið hefur greint frá áformum um stórfelldan útflutning á íslenskum gúrkum til Danmerkur. Þar eru framleiðendur að týna tölunni vegna hækkandi orkuverðs til framleiðslunnar. Vantar Dani fleiri gúrkur á diskinn sinn.

Axel Sæland, Búgreinadeild garðyrkju Bændasamtakanna, segir enga spurningu að þetta skapi mikil tækifæri fyrir íslenska grænmetisbændur.

„Neytendur leita í auknum mæli eftir grænni vöru og það er ekkert launungarmál að bróðurparturinn af grænmetisframleiðslu í Evrópu er kyntur með gasi eða olíu. Neytendur eru mjög meðvitaðir um það," segir hann.

Axel segir að í ljósi þess að verð á gasi hafi hækkað um ríflega 400 prósent á innan við hálfu ári, bæði í Danmörku og Hollandi, segi það sig sjálft að tækifæri til útflutnings hafi gjörbreyst.

„Við höfum vatn, ódýrari orku en

Axel Sæland, búgreinadeild Garðyrkju, Bændasamtakanna.

flestir aðrir og íslenska náttúru þar sem veturinn sótthreinsar umhverfið," segir Axel.

Á meginlandi Evrópu sé aftur viðvarandi að skordýravá ógni rækt í gróðurhúsum. Skordýrin reyni að komast inn í gróðurhúsin og geti valdið miklum skaða.

„Sú ógn er ekki til staðar hér, sem gerir okkur kleyft að framleiða heilbrigða vöru. Notkun varnarefna er líka fáheyrð hér, það eru dæmi um að garðyrkjustöðvar noti engin efni."

Ljóst er að margfalda þyrfti framleiðslu á íslensku grænmeti ef áform verða að veruleika. Áður hafa komið fram hugmyndir um risaframleiðslu, ekki síst á Reykjanesi og við Hellisheiðarvirkjun. Hugað hefur verið að því að nýta aukaafurðir orkuvera en fyrst nú er kannski raunveruleg markaðsopnun að eiga sér stað, að sögn Axels.

Ekki þyrfti nema eina stóra keðju til að sýna íslensku gúrkunni, sem þykir úrvalsvara, eða öðru íslensku grænmeti áhuga, til að gjörbreyta forsendum matvælaræktar. Stækka þyrfti stærstu gróðurhúsin hér á landi tífalt. Fara úr 10.000 fermetrum í 100.000 fermetra.

Fréttablaðið greindi á sínum tíma frá félaginu Paradise Farms sem í samvinnu við sveitarfélagið Ölfus gekk frá viljayfirlýsingu um að félagið fengi leigða allt að 50 hektara lands sem ætlaðir yrðu undir vistvæna matvælaframleiðslu og þá sérstaklega stór gróðurhús.

Framleiða átti tómata, kál, paprikur og annað hefðbundið grænmeti en bæta við framleiðslu á mangói, avókadó, bönunum, papaja og fleiru, sagði um áformin í fundargerð sveitarstjórnar Ölfuss.

Þá komu upp hugmyndir um að gera Ísland að „matvælalandi heimsins", eins og Gunnar Þorgeirsson, formaður Félags garðyrkjubænda og nú formaður Bændasamtakanna, orðaði það í samtali við Fréttablaðið. Er ljóst að vaxandi stemning er nú fyrir þessari framtíðarsýn.

Í Bændablaðinu segir að útrás á íslensku grænmeti á erlenda markaði hafi þegar skilað árangri í Danmörku, Færeyjum og á Grænlandi. Fyrirtækið Pure Arctic og Sölufélag garðyrkjumanna eru sögð leiða áformin um markaðsátak grænmetis á erlendri grundu.■

Klárum þetta saman!

Landsátak í sundi stendur til 28. nóvember

Allir með!
Takk fyrir frábærar viðtökur.
Lokaspretturinn nálgast og það er ekki of seint að vera með. Skelltu þér í sund og skráðu þína sundvegalengd á **syndum.is**.

#syndum.is

#BEACTIVE

Kvikmyndaskóli Íslands vill mennta kvikmyndagerðarfólk á háskólastigi.

Segir enga ágalla kalla á handbók

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður Kvikmyndaskóla Íslands, segir enga ágalla í lögum sem kalli á gerð gæðahandbókar til að nota við viðurkenningarmat á skólanum sem háskóla. Það kom fram í svari mennta- og menningarmálaráðuneytisins í gær. Telur hann svarið ekki halda vatni.

> Það gildir sú skylda á íslenskum stjórnvöldum að afgreiða mál án nokkurra tafa.

Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður Kvikmyndaskóla Íslands

„Það eru engir ágallar á lögunum. Skilyrðin eru talin upp í þriðju grein og óháðir aðilar meta hvort þeim sé náð. Nánar er kveðið á um þetta í reglugerð frá árinu 2006," segir Jón Steinar.

Þá gefur hann einnig lítið fyrir svör um málsmeðferðartíma, en ráðuneytið bar því við að umsóknin væri sú fyrsta af þessu tagi síðan lögin voru sett. Umsóknin var send inn fyrir tæpum tveimur árum.

„Það gildir sú skylda á íslenskum stjórnvöldum að afgreiða mál án nokkurra tafa," segir Jón Steinar og bendir á að borist hafi fyrirheit um að ákveðnir hlutar málsins yrðu kláraðir á þessu ári. Meðal annars í bréfum frá starfsmönnum ráðuneytisins. Hefur það ekki gengið eftir og Gæðaráði háskóla kennt um. ■

Frá september í fyrra hafa allir sex flokkarnir verið saman í stjórn á Akueyri. MYND/AÐSEND

Mistrúuð á áframhaldandi samstarf eftir kosningarnar

Bæjarstjórn Akureyrar vakti mikla athygli í fyrra, þegar nokkurs konar þjóðstjórn var mynduð. Fulltrúarnir eru mistrúaðir á framhald á því. Samkvæmt fjárhagsáætlun snýst reksturinn í hagnað eftir tvö ár.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NORÐURLAND Bæjarfulltrúar á Akureyri eru mistrúaðir á að því óhefðbundna stjórnarmynstri sem verið hefur undanfarið ár verði haldið áfram eftir kosningar í vor. Er það nokkurs konar „þjóðstjórn" þar sem er enginn meiri- eða minnihluti. Oddviti Sjálfstæðisflokksins telur áframhald mjög ólíklegt, en oddviti L-lista útilokar ekki áframhaldandi mynstur.

„Ég á ekki von á að þetta mynstur haldist. Við fórum í þetta vegna sérstakra aðstæðna. Ég reikna fastlega með því að farið verði í fyrra horf eftir kosningar," segir Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðismanna.

Sjálfstæðisflokkur, Miðflokkur og Vinstri græn voru í minnihluta fram til september á síðasta ári, en Framsóknarflokkur, Samfylking og L-listi í meirihluta. Halla Björk Reynisdóttir, oddviti L-lista og forseti bæjarstjórnar, segist ekki útiloka áframhaldandi mynstur.

„Ég á ekki von á því að það verði erfiðara að mynda sér sérstöðu en áður. Þeir sem starfa í meirihluta þurfa alltaf að mynda sér sérstöðu fyrir kosningar. Við erum ekki alltaf sammála þó við störfum saman," segir Halla. Reynsla sé nú komin á samstarfið og það hafi bæði kosti og galla. „Helsti kosturinn er að allir kjörnir fulltrúar leggja svipaða vinnu við stjórn bæjarins og allir bæjarbúar eiga þá sinn málsvara í þeirri vinnu. " segir hún. Það geti hins vegar verið flókið og tímafrekt að komast að niðurstöðu,

Halla Björk Reynisdóttir forseti bæjarstjórnar

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, oddviti Framsóknarmanna og formaður bæjarráðs, er tvístígandi um áframhaldandi þjóðstjórn Samstarfið hafi gengið ágætlega, en það hafi verið farið í vegna áskorana í rekstri, bæði vegna launahækkanna og áhrifa faraldursins.

„Við erum ekki að sýta það að okkar starfsfólk, sem oft er með lág laun, fái kjarabætur. En þetta er verkefni sem við þurfum að takast á við," segir Guðmundur. „Bæjarstjórn á Akureyri hefur í gegnum tíðina verið 90 prósent sammála. Ég myndi segja að það væri ágætt að hafa meiri- og minnihluta til þess að veita ákveðið aðhald."

Róðurinn hefur verið þungur í fjármálunum. Samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun verður tap bæjarins á næsta ári um 670 milljónir en hagnaður á þarnæsta ári.

„Í gegnum þetta samstarf höfum við náð samstöðu um erfiðar aðgerðir sem við erum að vinna í núna," segir Gunnar. „Við erum að takast á við aukinn launakostnað og þurfum að leita leiða til að hagræða, til dæmis með því að skerða þjónustu eða bjóða út verkefni sem við höfum áður sinnt sjálf."

Guðmundur segir ástæðu til bjartsýni, meðal annars vegna Hólasandslínu, uppbyggingar á flugvellinum, opnun heilsugæslustöðva og fleiri þátta. Íbúðum hafi fjölgað og íbúum líka, til dæmis um 350 á árinu. „Það skiptir miklu til að auka útsvarið og nýta innviðina," segir Guðmundur.

Þá er einnig ljóst að mikil endurnýjun verður á listum og hafa meðal annars Gunnar og Halla ákveðið að leiða sína lista ekki áfram. Þá hafa tveir bæjarfulltrúar tekið sæti á Alþingi. „Sú endurnýjun sem er í kortunum er helst til of mikil. Ég hefði óskað að fleiri myndu halda áfram," segir Halla. ■

Ofmönnun kosti borgina milljarða

bth@frettabladid.is

BORGARMÁL Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, segir að milljarðar fari í súginn hjá Reykjavíkurborg vegna ofmönnunar. Starfsmannafjöldi Reykjavíkurborgar hafi aukist sem nemur 1.100 til 1.200 manns á kjörtímabilinu.

„Ég gagnrýni ekki lögbundna þjónustu eða grunnþjónustu í þessum efnum, en ég geri athugasemdir við skrifborðsstörf, ólögbundin verkefni og gæluverkefni," segir Vigdís.

Nú standi enn til að ráða inn á þjónustu-og nýsköpunarsvið 60 manns vegna stafrænnar umbreytingar. Starfsmannafjöldinn sé orðinn slíkur að borgin sé á fullu að leigja nýtt skrifstofuhúsnæði þar sem borgin belgist út. „Þetta er algjörlega óásættanlegt, því við

> Ég gagnrýni ekki lögbundna þjónustu eða grunnþjónustu í þessum efnum, en ég geri athugasemdir við skrifborðsstörf, ólögbundin verkefni og gæluverkefni.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins

erum bara rúmlega 130.000 íbúar.

Vigdís segir að heildarstarfsmannafjöldi borgarinnar sé milli 11.500 og 12.000, sem sé langt yfir hlutfallslegum fjölda í nágrannasveitarfélögum.

„Það er engin starfsmannahagkvæmni hér í höfuðborginni," segir Vigdís, sem leggur til 10 prósenta hagræðingarkröfu á stjórnsýsluna.

„Ég er ekki síst upptekin af þessu vegna þess að borgin er lánadrifin." Alltaf sé verið að taka ný lán sem komandi kynslóðir sitji uppi með þrátt fyrir að tekjur borgarinnar aukist, til dæmis af fasteignagjöldum. ■



HAFNARFJÖRÐUR Hjallahraun 4
NJARÐVÍK Fitjabraut 12
KÓPAVOGUR Smiðjuvegur 34
REYKJAVÍK Skútuvogur 2

SÓLNING | Renndu við

Hyundai TUCSON PHEV

Verð frá: **5.790.000 kr.**

Hyundai KONA EV

Verð frá: **5.290.000 kr.**

Hyundai gerir gott enn betra.

Nýr Tucson tengiltvinnbíll og 100% rafdrifinn Kona. Betri og betri.

Þetta er ekki bara þróun, heldur hrein umbylting: Nýr Tucson með skarpari hönnun og öflugri aksturseiginleikum án þess að fórna nokkru af jepplingseiginleikunum með drægni á rafhlöðu allt að 62km*. Nýr 100% rafdrifinn Kona með óviðjafnanlega 484km* drægni kemur þér glæsilega á alla daglega áfangastaði og í langferðirnar líka. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu þessum frábæru bílum.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is

7 ÁRA ÁBYRGÐ
FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

8 ÁRA RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunverulegum aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM008267

Ólgusjór ásakana umvefur störf Úrvinnslusjóðs

Skipt var um stjórnarformann hjá Úrvinnslusjóði í gær. Sjóðurinn sætir rannsókn Ríkisendurskoðunar vegna alvarlegra ásakana um rangar tölur um endurvinnslu á plasti og fleira.

elinhirst@frettabladid.is

ENDURVINNSLA Magnús Jóhannesson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins, tók í gær við stjórnarformennsku í Úrvinnslusjóði af Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur. Skipunartími Laufeyjar var til ársins 2023. Í svari frá umhverfisráðuneytinu segir að Laufey hafi látið af stjórnarformennsku að eigin ósk. Ekki náðist í Laufey Helgu við vinnslu fréttarinnar.

Alþingi samþykkti í vor að Ríkisendurskoðun skyldi rannsaka starfsemi Úrvinnslusjóðs, en sjóðurinn velti tveimur milljörðum króna árið 2020. Í greinargerð með skýrslubeiðni Alþingis, sem níu þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram og var samþykkt, kemur fram harðorð gagnrýni á vinnubrögð Úrvinnslusjóðs, svo sem að opinberar tölur sjóðsins séu rangar og stór hluti þess plasts sem fluttur er úr landi og Úrvinnslusjóður greiði fyrir, séu óhreinindi. Þá sé erfitt að nálgast opinberar tölur yfir ráðstöfun fjármagns sjóðsins, þar sem ekki hafi verið birtir ársreikningar Úrvinnslusjóðs frá árinu 2016.

Magnús Jóhannesson, stjórnarformaður Úrvinnslusjóðs



Sjóðurinn er sakaður um að gefa upp rangar tölur í endurvinnslu.

Langflestar vörur, bæði þær sem eru framleiddar hér á landi og innfluttar, bera svokallað úrvinnslugjald, sem rennur í Úrvinnslusjóð. Viðskiptamódelið á bak við Úrvinnslusjóð er að sjóðurinn semur við verktaka, Sorpu, Terra, Íslenska gámafélagið og fleiri. Þessir aðilar senda síðan upplýsingar um það magn sem þeir hafa safnað, en fá ekki greitt úr Úrvinnslusjóði fyrr en þeir hafa komið þeim til ráðstöfunaraðila sem Úrvinnslusjóður viðurkennir. Þar á meðal er sænska fyrirtækið Swerec, sem hefur orðið uppvíst að fölsun upplýsinga.

Upp komst um misferli hjá Swerec gagnvart sambærilegum aðilum og Úrvinnslusjóði í Noregi og Svíþjóð, þar sem í ljós kom að endurvinnsluhlutfallið var mun lægra en Swerec hafði gefið upp. Íslendingar voru hins vegar ekki með neina samninga við Swerec sem kváðu á um tiltekinn árangur við flokkunina, að sögn Ólafs Kjartanssonar, framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs.

Stundin greinir frá því að kviknað hafi í verksmiðju á vegum Swerec í Lettlandi árið 2017, og að gríðarleg mengun hafi hlotist af brunanum og í ljós komið að mörg þúsund tonn af plasti frá Swerec var að finna á svæðinu. Í framhaldinu var gerð húsleit hjá Swerec og í ljós kom að Swerec hafði falsað upplýsingar um hvað yrði um plastið sem það veitti móttöku.

Laufey Helga Guðmundsdóttir, fyrrverandi stjórnarformaður Úrvinnslusjóðs

Þá segir Stundin frá því að mikið magn af íslensku plasti hafi fundist á glámbekk í geymslu á vegum fyrirtækis í Kalmar í Svíþjóð, sem Swerec hafði samið við um endurvinnslu, eftir að það fór í þrot.

Stundin greinir einnig frá því að Úrvinnslusjóður hafi ekki gefið upp réttar tölur til Umhverfisstofnunar um förgun á plasti og reyndist mun minna hlutfall af plastinu hafa farið í endurvinnslu en tölur sjóðsins sögðu til um.

Ólafur segir að þær tölur hafi verið leiðréttar um leið og í ljós kom að þær væru rangar, en ekki var gerður greinarmunur á plasti sem fór í endurvinnslu og plasti sem fór í brennslu. Þar er þó mikill munur á, því að það plast sem fer í endurvinnslu er mun verðmætara og umhverfisvænna en það sem er brennt og nýtt í orkuvinnslu. ■

KRÓNAN

Gerðu bitt eigið

Jóla HLAÐ BORÐ

Matseðill
Fyrir 8 manns

Karrýsíld, 275 g	**399**	kr. stk.
Marineruð síld, 275 g	**399**	kr. stk.
Rúgbrauð, 270 g	**259**	kr. pk.
Grafinn lax í sneiðum, 200 g	**989**	kr. pk.
Graflaxsósa, 195 ml	**295**	kr. stk.
Jólapaté innbakað, 200 g	**1399**	kr. stk.
Jarðarberjasósa, 100 g	**799**	kr. stk.
Reykt andabringa, 230 g	**2699**	kr. stk.
Rauðlaukssulta, 180 g	**749**	kr. stk.
Hamborgarhryggur, 500 g	**1299**	kr. stk.
Waldorf salat, 500 g	**1099**	kr. stk.
Heimagert rauðkál, 250 g	**679**	kr. pk.
Kalkúnabringa elduð, ca. 500 g	**2700**	kr. stk.
Kalkúnasósa m. salvíu, 500 g	**1399**	kr. stk
Heit purusteik, 400 g	**1898**	kr. stk.
Rauðvínssósa, 500 ml	**1399**	kr. stk.
Lifrarkæfa m. beikoni, 370 g	**1359**	kr. stk.
Lúxus laufabrauð, 130 g	**1199**	kr. pk.

Nánar á kronan.is/jolahladbord

Allt þetta undir

2699* kr. á mann

*Miðað við eitt stykki/pakka af hverju. 500 g af hamborgarhrygg, 400 g af purusteik og 500 g af kalkúnabringu.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Tókust á um klæðaburð og kynvitund í héraði

Sakamál gegn dyraverði skemmtistaðar var til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann er ákærður fyrir að mismuna konu vegna kynvitundar hennar.

ingunnlara@frettabladid.is

Þór var viðstaddur aðalmeðferð málsins með lögmanni sínum, Oddgeiri Einarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

DÓMSMÁL Þór Bergsson, fyrrverandi dyravörður á Hverfisbarnum, þvertekur fyrir að hafa hent Sæborgu Ninju Urðardóttur út af staðnum vegna kynvitundar hennar og segir ástæðuna vera að hún uppfyllti ekki viðmið skemmtistaðarins um klæðaburð.

Þetta sagði Þór í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem fram fór aðalmeðferð í máli hans, en hann er ákærður fyrir brot á lögum um mismunun, með því að hafa neitað trans konu aðgang að skemmtistað.

Sæborg Ninja var stödd í afmælisveislu hjá systkini sínu, Rakel Glyttu Brandt, þetta örlagaríka kvöld, ásamt vinum háns. Hópurinn var einn á staðnum frá klukkan 21 og fékk Rakel Glytta fljótt að heyra það frá dyraverðinum að þau ættu að yfirgefa staðinn fyrir miðnætti.

Vitnum bar ekki nákvæmlega saman um ástæðuna, en sögðu hana hafa verið vegna fordóma dyravarðar gegn trans konu, Sæborgu Ninju, undir því yfirskini að hópurinn væri ekki „rétta týpan“ eða uppfyllti ekki ákveðna staðla.

Þór segist sjálfur hafa vísað þeim út vegna klæðnaðar og þau hafi skiljanlega orðið reið við það.

„Þegar ég var spurður út í þetta sagði ég að hópurinn væri með svona „MH-lúkk“ sem ég er ekki á móti, en það var ekki staðallinn á þessum stað,“ sagði Þór.

Aðspurður hvað hann ætti við með „MH-lúkki“ svaraði Þór að hann ætti við lopapeysur og ósamstæðan fatnað. Sem dæmi væri viðeigandi klæðnaður fyrir Hverfisbarinn jakkar, sparibuxur og lakkskór. Þá væri ekki leyfilegt að vera með höfuðfatnað.

Lykilvitni í málinu, Ída Finnbogadóttir, sagði dyravörðinn hafa rangkynjað Sæborgu þar sem hún stóð fyrir utan á reykingasvæði og neitað að hleypa henni aftur inn vegna kynvitundar hennar. Dyravörðurinn hafi sagt við hana: „Ég ætla ekki að hleypa þessum gaur í kerlingapels inn á staðinn“.

Tvö vitni sögðust hafa séð dyravörðinn benda á karlmann í jakkafötum og sagt að Sæborg yrði að klæða sig eins og maðurinn til að komast inn.

Ída hafi þá brugðið á það ráð að klæðast pelsinum hennar Sæborgar til að leggja áherslu á þessa mismunun, sem henni þótti augljós. Komst Ída inn á staðinn í kápu Sæborgar og mætti engum mótbárum.

Sæborg Ninja Urðardóttir var viðstödd aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. MYND/AÐSEND.

Þór sagði hópinn hafa lagt sér orð í munn. Aðspurður hvers vegna Ída komst inn á staðinn í sama fatnaði, sagðist Þór ekki hafa hleypt henni inn, hún hafi einfaldlega strunsað inn fram hjá sér.

Þór sagðist ekki hafa neinar skoðanir á kynvitund fólks og neitaði því að hafa kallað Sæborgu karl í kerlingapels.

„Ég hef engar neikvæðar skoðanir á trans fólki eða samkynhneigðum eða neinum, allir verða að fá að vera fullkomin útgáfa af sjálfum sér,“ sagði hann, aðspurður um hvort hann hefði fordóma gegn trans fólki.

Yfirdyravörður á staðnum á þessum tíma, Leó Freyr Halldórsson, segist hafa komið við á Hverfisbarnum snemma um kvöldið og tekið eftir hópnum þar sem hann sat í salnum. Leó segir Þór hafa leitað ráða hjá sér varðandi hópinn.

„Þór var að leitast eftir mínu áliti varðandi klæðaburð og ég var bara sammála hans mati að hópurinn væri ekki klæddur eftir reglum staðarins og bað hann bara um að taka ákvörðun varðandi það,“ sagði Leó.

Bæði Leó og Þór tóku fram að reglur um klæðaburð gesta væru ekki skýrar frá atvinnuveitenda þeirra, en miðað var við snyrtilegan klæðnað eins og lakkskó, gallabuxur, sparibuxur, kjóla, pils og jakka.

Hvorki gestgjafinn né aðrir gestir í afmælisveislunni segjast hafa fengið upplýsingar fyrir fram um þessi viðmið um klæðaburð. Þegar þau hafi leitast eftir skýringum um viðeigandi klæðnað frá dyraverðinum, hafi þau fengið loðin svör. Eins hafi þau tekið eftir því, þegar aðrir gestir byrjuðu að tínast inn á staðinn, að klæðnaður annarra gesta væri ekki frábrugðinn þeirra. Þau hafi ekki verið hversdagslega klædd, þvert á móti í sparifötum. Sjálf var Sæborg í kjól, hælaskóm og í brúnum pels.

Sæborg segir að þetta kvöld hafi einn hennar stærsti ótti við að vera meðal fólks orðið að veruleika. „Mér leið illa að þetta væri þungamiðjan í að afmæli systkinis míns hafi verið eyðilagt,“ sagði hún og tók fram að hún hefði ekki þorað að fara út úr húsi í langan tíma eftir þennan atburð.

> Þegar ég var spurður út í þetta sagði ég að hópurinn væri með svona „MH-lúkk“ sem ég er ekki á móti, en það var ekki staðallinn á þessum stað.
>
> Þór Bergsson

„Ég vildi helst ekki vera séð. Mér leið mjög illa með sjálfa mig í langan tíma og ég hef ekki farið út á lífið á skemmtistaði nema á hinsegin staði eða sérstaka hinsegin viðburði,“ lýsti Sæborg í aðalmeðferðinni.

Annar dagur aðalmeðferðar í þessu máli fer fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í desember þar sem fleiri vitni verða leidd fyrir dómara. ■




25. DESEMBER
GLASSRIVER

Nasistar áhrifamiklir áratugum eftir stríðslok

Samkvæmt nýrri skýrslu um embætti ríkissaksóknara Vestur-Þýskalands voru nasistar enn í meirihluta yfirmanna árið 1971. Vegna kalda stríðsins voru gamlir nasistar gerðir að bandamönnum í baráttunni gegn kommúnistum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Kiessling, Safferling, Margrete Sudhof ráðherra og Peter Frank saksóknari, við afhjúpun skýrslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÞÝSKALAND Ný skýrsla um ríkisöryggismál Vestur-Þýskalands á eftirstríðsárunum, sýnir að skráðir meðlimir Nasistaflokksins voru mjög áhrifamiklir í dómskerfinu fram til ársins 1974. Á þetta einkum við um fulltrúa ákæruvaldsins.

Skýrslan var samin af sagnfræðingnum Friedrich Kiessling og lögspekingnum Christoph Safferling og telur 600 blaðsíður. Kemur meðal annars fram að á sjötta áratugnum voru þrír fjórðu allra yfirmanna hjá embætti ríkissaksóknara nasistar og 80 prósent af þeim höfðu starfað í dómskerfi Adolfs Hitler. Það var ekki fyrr en árið 1972 sem þeir voru ekki lengur í meirihluta hjá embættinu og sá síðasti hætti árið 1992, tveimur árum eftir sameiningu Þýskalands.

Fjölmargir af þessum embættismönnum báru ábyrgð á mannslífum. En í valdatíð Hitlers var hlutleysi dómstóla svo gott sem lagt niður og tími sýndarréttarhalda tók við. Þó að mikill meirihluti aftaka og morða nasistanna hafi verið án dóms og laga, voru dauðadómar í dómskerfinu um 40 þúsund talsins. Einkum með hengingu eða afhöfðun með fallöxi. Til samanburðar voru

Roland Freisler var alræmdasti dómari í sýndardómskerfi Hitlers. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

vel innan við 500 tekin af lífi frá aldamótunum 1900 til valdatöku nasista.

„Hjá embætti ríkissaksóknara var ekki skilið við fortíð nasismans," segja höfundarnir í skýrslunni.

Skýrslan var gerð að undirlagi saksóknarans Peters Frank árið 2017. Höfðu skýrsluhöfundar óhindraðan aðgang að hundruðum skjala um starfsmenn, sem læst höfðu verið niðri á eftirstríðsárunum.

En hver var ástæðan fyrir því að nasistunum var haldið í embættum? Jú, á sjötta áratugnum voru nasistarnir ekki lengur ógn, heldur kommúnistar. Vestur-Þýskaland naut stuðnings Bandaríkjanna og annarra vesturvelda við að uppræta kommúnisma í landinu.

Þetta var vitaskuld á kostnað þess að Þjóðverjar gætu gert upp fortíð sína gagnvart nasismanum og helförinni. Í áratugi var höfðinu stungið í sandinn gagnvart glæpum og gamlir nasistar þess í stað gerðir að bandamönnum í baráttunni gagnvart kommúnistum.

Embætti ríkissaksóknara er langt frá því að vera eina stofnunin sem nasistarnir fengu að leika lausum hala í. Til dæmis var árið 2016 gerð skýrsla um dómsmálaráðuneytið, þar sem kom fram að meira en áratug eftir stríðslok voru 77 prósent starfsmanna fólk sem skráð var í Nasistaflokkinn. Safferling kom einnig að þeirri skýrslu og komst að því að hlutfallið jókst á sjötta áratugnum. ■

Félagsheimilið Húnaver ásamt öllu sem því tilheyrir

Einstakt tækifæri

- Gistiheimili við þjóðveg 1 til leigu

- Gistiheimili, sex fullbúin herbergi
- Veitingasalur ásamt fullbúnu eldhúsi
- Stórt tjaldsvæði og mjög góð grill- og eldunaraðstaða sem og hreinlætisaðstaða
- Fallegur skógarreitur til útivistar
- Stór hlaða innréttuð sem veisluaðstaða
- Hesthús ásamt beitarhaga
- 88 m² íbúð fyrir leigutaka á staðnum

Húsnæðið er laust frá og með 1. janúar 2022.
Senda skal umsókn fyrir 6. desember nk.
á netfangið einar@hunavatnshreppur.is.

Nánari upplýsingar:
Einar Krisján Jónsson sveitarstjóri í síma 455 0010 og 842 5800. Áskilinn er réttur til að taka hvaða umsókn sem er eða hafna öllum.

Húnavatnshreppur

hunavatnshreppur.is

Fyrsta banaslysið tengt bílaumferð hér á landi var skráð árið 1915. Sjö einstaklingar hafa látist í bílslysum á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sextán hundruð látist í bílslysum hér á landi

ser@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Alls hafa 1.591 einstaklingur látist í umferðinni á Íslandi frá því fyrsta banaslysið var skráð hér á landi í ágúst 1915.

Það sem af er árinu 2021 hafa sjö einstaklingar látið lífið í umferðinni hérlendis, jafn margir og allt árið þar á undan, sem er undir meðaltali síðustu áratuga, en undanfarin tíu ár hafa að meðaltali tólf manns farist í umferðinni og áratuginn þar á undan misstu landsmenn að meðaltali 20 manns á ári á götum úti.

Á þessum umræddu áratug, frá 2001 til 2010, slösuðust 3.374 alvarlega í umferðinni hér á landi, eða ríflega tíu sinnum fleiri en þeir sem létust í bílslysum, en samkvæmt þeim tölum má ætla að frá fyrstu skráningu umferðarslyss hér á landi árið 1950, hafi allt að sextán þúsund manns slasast alvarlega í umferðinni.

Þetta kemur fram í nýrri samantekt Samgöngustofu í tilefni af því að á sunnudag er alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa. Tilgangur hans er að minnast þeirra sem látist hafa í umferðinni, leiða hugann að ábyrgð hvers og eins í umferðinni, en ekki hvað síst að þakka viðbragðsaðilum fyrir veitta hjálp og björgun á slysstað.

Um það bil 3.600 einstaklingar láta lífið og hundruð þúsunda slasast í umferðinni í heiminum á hverjum degi, en það svarar til 1,3 milljóna manna á ári.

> Um það bil 3.600 einstaklingar láta lífið í umferðinni á hverjum degi á heimsvísu.

Í tilefni dagsins leggur Samgöngustofa áherslu á umfjöllun um mikilvægi öryggisbelta í umferðinni, en athygli vekur að Ísland er í sautjánda sæti í Evrópu í bílbeltanotkun. Allar aðrar Norðurlandaþjóðir eru ofar Íslandi á þeim lista. Frakkar, Þjóðverjar og Bretar eru duglegastir að nota beltin, um 98 prósent íbúa þar nota þau að staðaldri, en notkunin hér á landi er um 92 prósent.

Samkvæmt könnun sem Samgöngustofa hefur gert eru nú um 25 þúsund manns sem láta það gerast að nota ekki öryggisbelti, en sérfræðingar stofunnar hafa í því efni bent á að sá sem notar ekki bílbelti er í um átta sinnum meiri hættu á að lenda í banaslysi en sá sem spennir það á sig. Þeir vitna þar í rannsóknir sem sýna enn fremur að í langflestum tilfellum hefði viðkomandi bjargast hefði hann notað beltin.

Táknrænar minningarathafnir verða haldnar um land allt á morgun í samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörg og verður flestum streymt. Hægt er að nálgast upplýsingar um þær á vefnum minningardagur.is. ■

Við tökum stolt og þakklát við Loftslagsviðurkenningu Festu og Reykjavíkurborgar

Við lofum því að halda áfram að vernda umhverfið, samhliða ábyrgri nýtingu auðlinda

landsvirkjun.is

Landsvirkjun

Jólin koma

NORDAL
Kertadiskur fyrir 4 kerti.
8.290 kr.

LENE BJERRE
Laquer kerti. Ýmsir litir. H25 cm.
4 í pakka. 4.490 kr.

BROSTE TWIST
Kerti. Ýmsir litir. H23 cm. 2 í pakka. 1.490 kr.

GLYK
Ilmkerti 250ml. Joy eða Christmas Wish. Ø8 x H9 cm. 4.990 kr.

NORDAL ORA
Kertastjaki fyrir 4 kerti. Svartur eða gylltur. 8.990 kr.

BROSTE RUSTIC
Rustic kerti. Ýmsar stærðir og litir.
7×10 cm. 790 kr.
7×13,5 cm. 890 kr.
7×17 cm. 1.290 kr.
10×11 cm. 1.590 kr.
10×18 cm. 2.390 kr.

BROSTE Aðventukerti.
Grátt. 5.990 kr.

AÐVENTUKERTI
Lukkutröll aðventukerti.
4 í pakka. 1.990 kr.

SIRIUS
Aðventukerti, LED.
Hvít með gylltum tölum.
13×7,5 cm. 8.990 kr.

SIRIUS CLARA
LED könglar. 2 í pk.
H10 cm. 2.990 kr.

SIRIUS LIVA
Ljósahringur.
Ø25 cm. 7.990 kr.

SIRIUS CELINA CONE
LED köngull. H17 cm. 7.690 kr.

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Notalegur Nóvember

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

NATUZZI EDITION B988
Sófasett í svörtu eða brúnu mjúku ítölsku gæðaleðri.
3ja sæta. 205 x 88 x 76 cm. 459.990 kr.
Nú 367.992 kr.
2ja sæta. 166 x 88 x 76 cm. 389.990 kr.
Nú 311.992 kr.

20%

NATUZZI EDITION C193
3ja sæta sófi í svörtu ítölsku gæðaleðri. 220 x 89 x 77 cm. 529.990 kr.
Nú 423.992 kr.

20%

BONNY 3ja sæta sófi með appelsínugulu áklæði.
216 x 80 cm. 179.990 kr.
Nú 143.992 kr.

30%

UMBRIA
Tungusófi með hægri tungu. Grátt áklæði.
245 x 163 x 78 cm. 219.990 kr.
Nú 153.993 kr.

20%

PARIS
Hægindastóll.
Ýmsir litir. 59.990 kr.
Nú 47.992 kr.

15%

STANLEY
Hægindastóll. Leður með rustik áferð.
110 x 84 x 77 cm. 264.990 kr.
Nú 225.242 kr.

25%

LUTON Eldhússtóll.
Orange áklæði. 17.990 kr.
Nú 13.492 kr.

20%

ECLIPSE
Borðstofuborð. Grár askur. Ø120 x 75 cm. 139.990 kr.
Nú 111.992 kr.

Þú finnur bæklingana
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Um 45 milljónum kalkúna verður slátrað fyrir Þakkargjörðarhátíðina, en Hnetusmjör og Sulta sem eru hér í svítu í Washington hljóta betri örlög og verða náðuð af forseta Bandaríkjanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tyrkneska líran er í sögulegri lægð og óttast margir að það eigi eftir að hafa veruleg áhrif á lifnaðarhætti Tyrkja.

Verið er að opna skíðabrekkurnar í Þýskalandi þessa dagana, en einstaklingar þurfa að framvísa neikvæðu prófi áður en þeim er hleypt í lyfturnar.



Táningurinn Kyle Rittenhouse var sýknaður af öllum ákæruliðum fyrir dómstólum í gær. Rittenhouse, sem var sautján ára þegar atvikið átti sér stað, viðurkenndi að hafa orðið tveimur að bana, en bar fyrir sig sjálfsvörn.



Jólaskreytingarnar eru komnar upp víða í heiminum, þó að rúmlega mánuður sé til jóla og grátt um að litast í Lundúnum þessa dagana.



PANTAÐU ÞINN NISSAN QASHQAI NÚNA.
Verð frá: 4.690.000 kr.
5 ÁRA ÁBYRGÐ

www.nissan.is

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Sjálftaka valds

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Alþingi kemur saman á þriðjudag, tæpum tveimur mánuðum eftir kosningar og má ætla að þingmenn hafi haft nægan tíma til að búa sig undir þingstörfin í vetur.

Meginhlutverk Alþingis er þríþætt, en það fer með fjárlagavald ríkisins, sinnir ríkri eftirlitsskyldu með stofnunum þess og setur landsmönnum lög og breytir þeim eftir atvikum.

Af þessu mætti ráða að þingmenn hafi meiri völd en gengur og gerist meðal annarra landsmanna. En raunin er önnur, því þótt þeir annist lagasetninguna, láta þeir öðrum eftir að túlka lögin og fylgja þeim eftir.

Fyrir vikið er vilji Alþingis oft og tíðum hafður að vettugi, en þingmál sem jafnvel njóta stuðnings allra þjóðkjörinna fulltrúa löggjafarsamkundunnar og verða fyrir vikið að lögum, liggja eftir á skrifborðum framkvæmdavaldsins og undirstofnana þess og leka þaðan ofan í læstar hirslur.

Óheyrilegur fjöldi þingmála hefur fengið þennan dóm, en ástæðuna má annað tveggja rekja til ofríkis framkvæmdavaldsins og einræðislegra tilburða innan stofnanakerfisins.

Og kerfið ræður fyrir vikið. Það setur ekki lögin, en lætur sér fátt um finnast, svo sem allir þeir þingmenn þekkja sem hafa komið sínum málum í gegnum þingið – í krafti meirihluta þess og vilja velflestra landsmanna, en upplifa svo algert áhugaleysi og fálæti framkvæmdavaldsins þegar að því kemur að fylgja þeim eftir.

Gildir hér einu hvaða góði hugur þingmanna býr að baki, hvort heldur þeir hafa lagt ómælda vinnu í þingsályktunartillögu um verulegar umbætur, eða leggja öðrum þingmönnum lið með stuðningi við þaðan af stærri þingmál, því húsið vinnur oftar en ekki, ekki þinghúsið, heldur hitt húsið sem geymir opinbera embættismenn, eina vernduðustu starfsmenn íslensks atvinnulífs, sem ákveða hvort og hvernig lögin virka.

Tökum bara eitt dæmi, en árið 1994 samþykkti þingheimur lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum sem ýmist voru eða hafa verið á válista eða í bráðri útrýmingarhættu. Þingmenn þessa tíma greiddu frumvarpi þessa efnis atkvæði í góðri trú, einmitt til að stemma stigu við ofveiði.

En í krafti túlkana Umhverfisstofnunar og fyrirrennara hennar hafa dýrin verið veidd öll árin í miklum mæli frá því lögin voru sett, ef undan er skilin rjúpan í tvö ár af þessum 27 sem liðin eru.

Alþingi setur lög. Samkvæmt vilja meirihlutans. En það dugar oft skammt. ■

> Og kerfið ræður fyrir vikið. Það setur ekki lögin, en lætur sér fátt um finnast...

Gunnar

Mín skoðun

Er einsemd meinsemd?

Sif Sigmarsdóttir

„Enginn maður er eyland," orti skáldið John Donne í desember árið 1623. Donne var prófastur við St. Paul's dómkirkjuna í London. Þegar hann veiktist alvarlega af dularfullum sjúkdómi var hann settur í einangrun í prófastsbústaðnum vegna smithættu. Donne líkaði einsemdin illa. „Einvera er pynting sem bíður okkar ekki einu sinni í Helvíti," sagði Donne, sem orti hina ódauðlegu ljóðlínu þegar hann slapp loks úr prísund sinni.

Einvera hefur á sér illt orð. Rannsókn sem gerð var við Háskólann í Virginíu í Bandaríkjunum sýnir að meirihluti fólks kýs heldur að fá raflost en að eyða tíma eitt með hugsunum sínum. Sameinuðu þjóðirnar skilgreina einangrunarvist sem varir lengur en í fimmtán daga, sem pyntingu. Í fréttafyrirsögnum um þessar mundir er ítrekað varað við því að í veröldinni geisi „faraldur" einmanaleika, en tilfinningin sé „jafnskaðleg heilsu og að reykja fimmtán sígarettur á dag".

Samtíminn lítur á einsemd sem meinsemd. En er málið svo einfalt?

Helvíti er annað fólk

Í síðasta mánuði lá samfélagsmiðillinn Facebook niðri í sjö klukkustundir ásamt samskiptaforritum fyrirtækisins, Messenger og WhatsApp. Sem dyggur snjallsímanotandi voru fyrstu viðbrögð mín að fara á taugum. Ég náði ekki í neinn. Enginn náði í mig. Ég var sambandslaus, umkomulaus, umvafin þrúgandi þögn.

En felmtrið fjaraði fljótt út. Ró færðist yfir. Andrúmsloftið varð allt í einu eins og í gamla daga þegar rafmagnið fór af. Það var ekkert annað að gera en að vera.

Það er viðtekin skoðun að við séum félagsverur. Vísindin boða að yfirburðir mannskepnunnar á jörðinni stafi af hæfni hennar til að vinna saman í stórum hópum. Þannig sé samvera hið náttúrulega ástand og samstarf hin æðsta dyggð. Það er ekki aðeins gott að eiga vini heldur flott. Vinátta er ekki eingöngu mæld í gæðum heldur einnig magni; fjölda fagnaðarfunda í dagbókinni, fjölda vina og velgjörðarsmella á Facebook, flóði ljósmynda á Instagram af þér og vinum þínum að drekka kokteil eða klífa fjall.

Þegar kórónaveirufaraldurinn skall á var heilu samfélögunum skellt í lás í sóttvarnaskyni og einstaklingar skyldaðir í einangrun. Margir vöruðu við skaðanum sem einveran kynni að valda. Niðurstöður nýrrar rannsóknar sem gerð var í Bretlandi á afleiðingum aðgerðanna komu hins vegar öllum í opna skjöldu. Samkvæmt þeim fékk meirihluti fólks ánægju út úr einverunni sem hlaust af sóttvarnaaðgerðum. Þátttakendur lýstu aukinni vellíðan eftir að hafa varið tíma sínum einir með sjálfum sér, frelsistilfinningu og gleði yfir að geta lesið og lært eitthvað nýtt.

„Helvíti er annað fólk," er haft eftir persónu í leikriti franska heimspekingsins Jean-Paul Sartre. Þótt það sé full djúpt í árinni tekið er ljóst að einsleitt viðhorf samtímans í garð samvista við aðra, er ekki á rökum reist.

Enska ljóðskáldið William Wordsworth var á öndverðum meiði við kollega sinn Donne. „Ég reikaði aleinn eins og ský," orti Wordsworth í óði til einverunnar sem hann kallaði „alsælu". Listmálarinn Pablo Picasso sagði „enga alvöru iðju vera mögulega" án einveru. „Skriftir, upp á sitt besta, eru einmana tilvera," sagði rithöfundurinn Ernest Hemingway.

Enginn vill vera einmana; öllum er félagsskapur hollur. Upphafning samtímans á samskiptum byrgir okkur hins vegar sýn. Þegar klingjandi áminningar um vináttu þögnuðu við skyndilegt „straumleysi" hjá Facebook, blasti við hið augljósa: Það er ekki lengur einvera í einsemdinni.

Rétt eins og umgengni við aðra er okkur mikilvæg er einvera það líka. Við bíðum öll eftir að Covid-sóttvörnum linni. En ef vel er að gáð má kannski koma auga á tækifæri í takmörkununum. ■

> Rétt eins og umgengni við aðra er okkur mikilvæg er einvera það líka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 200 til 1.100 fermetra. Í húsinu er boðið uppá þjónustu við leigjendur og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg er iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.

Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Útleigurými frá 200 fm





URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mötuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, bílakjallara og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 17.200 fm

Útleigurými frá 220 - 1.200 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin

REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á næsta ári. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.

Tölfræðin í undankeppninni

12 mörk skoraði liðið.	**18** mörk fékk liðið á sig.	**56** hornspyrnur.
6 markverðir voru valdir.	**39%** fyrirgjafa heppnuðust.	**3** víti fékk liðið.
48,1% var liðið með boltann.	**81,41%** var sendingahlutfallið.	**30** sinnum vörðu markverðirnir.
20 gul spjöld fékk liðið og eitt rautt.	**20** sinnum var liðið dæmt rangstætt.	**98** sinnum fékk liðið aukaspyrnu.
129 sinnum var liðið dæmt brotlegt.	**36** leikmenn voru kallaðir til.	**4** leikmenn hafa tilkynnt að þeir séu hættir með landsliðinu eftir þessa undankeppni.

Spurningarnar fleiri en svörin

Einni merkilegustu undankeppni í sögu Knattspyrnusambandsins er lokið. Hún hefur tekið á, enda meira fjallað um atvik utan vallar en innan. Kynslóðaskipti hafa orðið og óreyndur þjálfari hefur þurft að læra að synda ansi hratt í þeim ólgusjó sem hann fékk í fangið.

benediktboas@frettabladid.is

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta lauk undankeppni fyrir HM í Katar í næst neðsta sæti í sínum riðli. Í tíu leikjum vann liðið aðeins Liechtenstein.

Undankeppninnar verður helst minnst fyrir þau kynslóðaskipti sem urðu vegna atvika utan vallar og þjálfara sem kunni ekki að synda í þeirri djúpu laug sem honum var hent í. Hann er þó að læra.

Arnar Þór Viðarsson var ráðinn landsliðsþjálfari til þriggja ára í desember 2020. Án þess að fara of djúpt í atvikin sem leiddu til falls formanns KSÍ, afsagnar stjórnar sambandsins og þess storms sem geisað hefur um stærsta íþróttasamband Íslands, þá stóð Arnar skyndilega uppi með landslið sem samanstóð af guttum sem voru óreyndir í landsliðsbolta. Á sama tíma losaði hann sig við Lars Lagerbäck, sem hafði aðrar hugmyndir en landsliðsþjálfarinn.

Fyrstu mánuðir Arnars einkenndust af klaufalegum ummælum og hann var lengi að fóta sig á svellinu. Hann átti erfitt með að mæta á blaðamannafundi án þess að hella olíu á þá elda sem geisuðu og jafnvel kveikja nýja. Á endanum var hann búinn að gera sig að slíku athlægi að Sóli Hólm skrifaði hann inn í frábæra uppistandssýningu sína.

Arnar er þó að læra og flestir eru sammála um að síðasti landsliðsgluggi hafi verið hans besti, þegar kemur að því að tala til þjóðarinnar.

„Það eru allir svekktir að hafa ekki getað ráðist á annað sætið í þessum riðli en ég geri mér fulla grein fyrir af hverju það er og ég held að fólk heima geri það líka.

Ég er þess fullviss að íslenska landsliðið mun verða mjög gott aftur," sagði þjálfarinn eftir lokaleikinn í riðlinum.

Hann hefur fengið einhver svör við þeim fjölmörgu spurningum sem hann hefur þurft að spyrja innan vallar. Elías Rafn Ólafsson sýndi að hann getur verið aðalmarkvörður, Brynjar Ingi er orðinn fastamaður í vörninni þó hann spili lítið sem ekkert með félagsliðinu og litlu guttarnir eflast við hverja þraut.

En stóru spurningarnar sem landsliðsþjálfarinn þarf að svara eru meðal annars hvernig hægt er að fá eitthvað frá Alberti Guðmundssyni í landsliðstreyjunni? Er endalaust hægt að treysta á Birki Bjarnason? Hver á að leiða sóknarlínuna? Og auðvitað: Hver verður akkerið á miðjunni? Svona til að nefna nokkrar spurningar. ■

Meðaleinkunn miðlanna

433

Jón Dagur Þorsteinsson	6
Stefán Teitur Þórðarson	5,7
Elías Rafn Ólafsson	5,5
Albert Guðmundsson	5,4
Birkir Bjarnason	5,1

Fótbolti.net

Jón Dagur Þorsteinsson	6,3
Elías Rafn Ólafsson	6
Brynjar Ingi Bjarnason	6
Hjörtur Hermannsson	5,8
Ari Freyr Skúlason	5,8

WhoScored

Jóhann Berg Guðmundsson	7,1
Hörður Björgvin Magnússon	7,0
Elías Rafn Ólafsson	6,95
Stefán Teitur Þórðarson	6,92
Brynjar Ingi Bjarnason	6,89

Boltabullur verða í sófanum í dag

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það er hátíð í bæ hjá aðdáendum ensku úrvalsdeildarinnar í dag, þegar fjöldi leikja fer fram í þessari vinsælustu deildarkeppni í heimi. Hátíð sófasérfræðinga hefst rétt eftir hádegi þegar Evrópumeistarar Chelsea heimsækja Leicester á King Power-vellinum. Topplið Chelsea gerði jafntefli við Burnley í síðustu umferð, úrslit sem fáir sáu fyrir upphafsflautið.

Mo Salah er kominn aftur til Liverpool eftir landsliðsverkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ekki hefur verið sami kraftur í Leicester eins og síðustu ár, en liðið er erfitt heim að sækja. Það má því búast við spennandi viðureign.

Um miðjan dag færist svo athyglin yfir til Watford þar sem tuttugufaldir Englandsmeistarar Manchester United verða í heimsókn. Fari United ekki með sigur af hólmi er ljóst að knattspyrnustjóri liðsins, Ole Gunnar Solskjær, gæti misst starf sitt, en hann hefur verið undir mikilli pressu undanfarnar vikur eftir slæm úrslit gegn erkifjendum.

Þegar líða fer að kvöldi fer fram stærsti leikur dagsins á Anfield í Bítlaborginni, þegar Arsenal heimsækir Liverpool. Bæði lið hafa spilað vel á þessu tímabili og Arsenal hefur verið á miklu skriði undanfarnar vikur undir stjórn Mikel Arteta. Liverpool er hins vegar erfitt heim að sækja og má búast við fjörugum leik. Liðin sitja í fjórða og fimmta sæti deildarinnar fyrir orrustu helgarinnar. ■

Enski boltinn í dag:

12.30 Leicester - City Chelsea
15.00 Aston Villa - Brighton
15.00 Burnley - Crystal Palace
15.00 Newcastle - Brentford
15.00 Norwich - Southampton
15.00 Watford - Man. United
15.00 Wolverhamp. - West Ham
17.30 Liverpool - Arsenal

Lewis Hamilton sigraði síðasta kappakstur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tímamótabarátta í Formúlu 1

aron@frettabladid.is

FORMÚLA 1 Baráttan um heimsmeistaratitlana í Formúlu 1 er í algleymingi. Nánast ekkert skilur á milli Mercedes og Red Bull Racing, nú þegar að þrjár keppnir eru eftir af tímabilinu.

Keppt verður á nýrri braut um helgina, Losail International-brautinni, sem er staðsett rétt fyrir utan höfuðborg Katar, Doha.

Yfirburðir Mercedes voru algjörir um síðustu helgi er sjöfaldi heimsmeistarinn, Sir Lewis Hamilton, hrósaði sigri í Brasilíu og náði að saxa á forystu Max Verstappen, ökuþórs Red Bull Racing, sem trónir á toppi stigakeppni ökuþóra. Aðeins fjórtán stig skilja kappana að og ljóst að um er að ræða baráttu sem fer í sögubækurnar, sem ein sú mest spennandi í sögu Formúlu 1. ■

Sögulegur dagur í golfheiminum

aron@frettabladid.is

GOLF Hulda Bjarnadóttir verður fyrsti kvenkyns forseti Golfsambands Íslands og tólfti forseti sambandsins frá upphafi. Kjör hennar verður staðfest í dag á ársþingi golfsambandsins, sem fer fram um helgina á Fosshótel Reykjavík.

Hulda var eini frambjóðandinn í embætti forseta sambandsins og er því sjálfkjörin. Hulda er öllum hnútum kunnug hjá þessu stóra sérsambandi ÍSÍ, eftir að hafa setið í stjórn sambandsins sem formaður markaðs- og kynningarnefndar undanfarin fjögur ár.

Hulda Bjarnadóttir

Hulda hefur áður starfað í fjölmiðlum og var einnig framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu í fimm ár. Golfsamband Íslands var stofnað þann 14. ágúst árið 1942 og er elsta sérsamband innan ÍSÍ. ■

Reykjavík

Samkeppni um samstarf

Grænt húsnæði framtíðarinnar

Reykjavíkurborg leitar eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu á grænu húsnæði framtíðarinnar á fimm spennandi lóðum.

Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum búsetu og mannvirkjagerðar á loftslag og umhverfi. Horft verður heildrænt á sjálfbærni og að fagurfræði, tækni og notagildi haldist í hendur.

Samkeppnin er hluti af Græna planinu.

Græna planið

Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar og leggur línurnar í fjármálum, fjárfestingum og grænum lykilverkefnum til 10 ára. Græna planið byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag.

Öflug fjárfesting í grænum samgöngum, grænum innviðum, grænum hverfum, grænni nýsköpun og grænum störfum mun gegna lykilhlutverki og þannig auka lífsgæði fólks.

Lóðir í boði

Fjórar lóðir verða á föstu verði og umsóknir um þær metnar út frá sjálfbærni verkefnanna og losun gróðurhúsalofttegunda. Fimmta lóðin verður auk þess metin út frá verðtilboði.

- **Arnarbakki 6**
- **Völvufell 13–23**
- **Völvufell 43**
- **Frakkastígur 1**
- **Veðurstofureitur**

Áhugasamt fagfólk

Við óskum eftir áhugasömum og þverfaglegum teymum sem vilja þróa vistvænni mannvirki í Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar um lóðir, umsóknarferli og matsþætti má finna á vef Reykjavíkurborgar **reykjavik.is/graenthusnaedi**

Umsóknir skal senda í síðasta lagi 22. desember 2021

Græna planið

Nánari upplýsingar á **reykjavik.is/graenthusnaedi**

BJORK@FRETTABLADID.IS

Griðastaðurinn

Forsíðumynd þessa tölublaðs er táknræn og engin tilviljun að borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, gægist þar út um glugga heimilis síns í miðbæ Reykjavíkur. Þessi sami gluggi skapaði tilfinningu varnarleysis hjá Degi eftir skotárás, sem virðist hafa verið beint að heimili hans í upphafi árs.

„Það er óhugguleg í alla staði að vera hræddur heima hjá sér," lætur Dagur hafa eftir sér og við getum án efa öll verið sammála um það. Heimilið er okkur flestum griðastaður og eins og hann kemur sjálfur inn á, híbýli fleiri en hans, þeirra sem honum eru kærastir, barna hans og eiginkonu.

Dagur, sem setið hefur sem borgarstjóri frá árinu 2014 og íhugar nú framhaldið, hefur mátt þola óvægna gagnrýni á störf sín og persónu. Sjálfur segist hann fyrir löngu búinn að brynja sig fyrir svívirðingum. Þetta hafi aftur á móti verið allt annað. Atburðurinn var honum áfall, enda hafi hann trúað á gott og friðsamt samfélag.

Lái honum hver sem vill. ■

Sjálfur segist hann fyrir löngu búinn að brynja sig fyrir svívirðingum.

Við mælum með

Jólaboðinu

Í Jólaboðinu fá áhorfendur að skyggnast inn í líf reykvískrar fjölskyldu á aðfangadagskvöld yfir hundrað ára tímabil. Sýningin er sýnd í Kassanum í Þjóðleikhúsinu og er einlæg, falleg og einstaklega fyndin. Leikararnir sýna snilldartakta þegar þeir leika karaktera á hinum ýmsu aldursbilum og sérstaklega ber að nefna túlkun þeirra á ungbörnunum sem mæta í boðið.

Kertaljós

Það er ótrúlega róandi að kveikja kertaljós á kvöldin. Þau færa birtu og frið og gera heimilið enn notalegra. Leiðindaveður sem er utan dyra skiptir um leið engu máli. Til að auka enn á góða stemningu er svo upplagt að hlusta á fallega tónlist við kertaljósin. ■

Verkið ROF er unnið upp úr tveggja ára rannsókn Sveinbjargar á hreyfingum dansara. MYNDIR/SAGA SIG

Gerði tveggja ára rannsókn á líkama dansarans

Í kvöld verður dansverkið ROF frumsýnt í Tjarnarbíói, en verkið er unnið upp úr rannsókn sem höfundur þess, Sveinbjörg Þórhallsdóttir, hóf fyrir tveimur árum síðan.

bjork@frettabladid.is

Verkið ROF er hluti af Reykjavík Dance Festival sem nú fer fram, en Sveinbjörg er einmitt ein stofnenda hennar. „Í rannsókn minni, Öll hreyfing hefur huga í tíma og rúmi, leitast ég eftir því að tengja innra ástand líkamans við hreyfingu dansarans," segir Sveinbjörg.

„Ég byrjaði að þróa rannsóknina fyrir um tveimur árum – áður en heimsfaraldurinn reið yfir og breytti heimsmynd okkar allra." Hún segir löngun sína til að hægja á, skynja og skoða nýjar leiðir í listsköpun þar sem samkennd, skynjun, hlustun og dýpt ræður ferð, hafa drifið sig áfram.

„Ég hef verið að rannsaka líkama dansarans, tækni dansarans og þá viðamiklu óorðuðu þekkingu sem líkami dansarans býr yfir. Auk dansmenntunar er ég menntaður jógakennari og nota hugleiðslu mikið til að tengja dansarann við undirmeðvitund sína, skynjanir sínar, tilfinningar og reynslu. Þaðan leggjum við af stað í að spinna hreyfingar sem síðar eru skoðaðar, ræddar og þróaðar áfram. Þannig hef ég þróað aðferðir mínar áfram í miklu trausti og samtali við dansarann."

Sveinbjörg segist hafa sérlegan áhuga á því hvaða sögu eða reynslu líkami dansarans býr yfir og hvernig hún kemur út í hreyfingu. „Hvernig er hægt að hámarka virkni líkamans á sviði þannig það hreyfi við áhorfandanum? Öll vitneskjan sem kemur út úr spununum í ferlinu hefur svo bein áhrif á kóreógrafíuna, tónlistina og alla umgjörð verksins."

Í ROF ber Halla Þórðardóttir dansari verksins tvo „wave" snjallhringa sem hún notar til að framkalla hljóð eða hafa áhrif á áferð tónlistarinnar með hreyfingu í rauntíma.

Dans festival í tæp tuttugu ár

ROF er fyrsti afrakstur könnunarinnar en Sveinbjörg ætlar að þróa aðferðina áfram með fleiri dönsurum og skapa ný verk.

„Rannsóknin hefur verið í gangi í tæp tvö ár og hefur Halla Þórðardóttir dansari hitt mig reglulega í stúdíóinu til að prófa aðferðina og vera í virku samtali við mig. Sjálft listræna ferlið fyrir ROF hófst svo í vor í formi undirbúnings, en hefur svo staðið yfir núna í sex vikur með listrænum stjórnendum verksins," segir Sveinbjörg, en ráðgerðar eru tvær sýningar, í kvöld og 9. desember en Sveinbjörg lofar að bæta fleirum við ef eftirspurn verði meiri.

Ég hef verið að rannsaka líkama dansarans, tækni dansarans og þá viðamiklu óorðuðu þekkingu sem líkami dansarans býr yfir.

Sveinbjörg Þórhallsdóttir, ein stofnenda Reykjavík Dance Festival og höfundur verksins ROF

Reykjavík Dance Festival var stofnað árið 2002 og er hátíðin því að verða 20 ára gömul, en Sveinbjörg var ein stofnenda hennar. „Hátíðin hefur þróast mikið frá stofnun og er orðin ómissandi hluti af menningu borgarinnar. Þetta er alþjóðleg danshátíð og mikilvægur vettvangur fyrir danslistafólk landsins. Ekki bara til að sýna verk sín og sjá önnur, heldur líka til að hitta fólk í bransanum og mynda tengsl og setja sig sem listamenn í stærra samhengi. Við erum þakklát fyrir það að getað haldið hátíðina í ár þrátt fyrir íþyngjandi sóttvarnareglur, en því miður verða engin partý í ár.

Allar upplýsingar um hátíðina og verk hátíðarinnar má finna hér: www.reykjavikdancefestival.is. ■

Í vikulokin

Ólafur Arnarson

Óvirðing við lýðræðið eða eru þingmenn óþarfir?

Alþingi hefur verið látið sitja aðgerðalaust síðan 5. júlí, eða í 138 daga. Þing hefur ekki getað komið saman vegna klúðurs og hroka af hálfu yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis. Hringavitleysan með talninguna í Borgarnesi nær út yfir allan þjófabálk. Undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar hamast við að moka sandi í botnlausa tunnu, en botninn er suður í Borgarfirði eins og hjá Bakkabræðrum.

Vart verður önnur ályktun dregin en að Birgi Ármannssyni hafi verið falið að tefja málið vegna þess að formönnum stjórnarflokkanna hefur ekkert gengið við að koma saman nýjum stjórnarsáttmála. Fær hann jafnvel forsetastól á Alþingi að launum?

Á meðan er allt látið reka á reiðanum varðandi stjórn landsins, þrátt fyrir síendurtekið neyðarástand í heilbrigðiskerfinu vegna Covid-19 og þrátt fyrir að nú blasi við að kjörnir fulltrúar fólksins í landinu fái vart að kynna sér fjárlagafrumvarp, samið af ókjörnum embættismönnum, áður en þeir greiða um það atkvæði. Ljóst er að þingmenn fá innan við mánuð til að ganga frá fjárlögum. Ríkisskuldir hafa hækkað um 600 milljarða. Á ekkert að fjalla um það?

Ríkisstjórnin sýndi kjósendum og sjálfu lýðræðinu fullkomið virðingarleysi með því að teygja kosningar fram á haust í stað þess að kosið yrði í vor og misnotaði aðstöðu sína til að moka út ríkispeningum í stað þess að bregðast við málum sem á brenna.

Ríkisskuldir hafa hækkað um 600 milljarða.

Alþingi, æðstu stofnun þjóðarinnar, er haldið á hliðarlínunni og frá störfum. Það er ófært um að sinna eftirlitshlutverki sínu og stefnumótun. Mætti ekki fækka þingmönnum verulega fyrst þeir eru svo óþarfir að landið getur verið án þjóðþings mánuðum og jafnvel misserum saman og enginn segir neitt? ■

Gjöf sem lifnar við

Gefðu pabba, kæró, ömmu, frænku eða tengdó
prakkarastrik, súpuskál, hjásvæfu, blóðuga
drauma, hornkerlingu, egó, fyrrverandi,
strákskratta, stjúpbörn, kattafóbíu, endalok,
stál og hníf, tortímingu um jólin.

Hafðu samband í síma **568 8000**
eða pantaðu gjafakort á **borgarleikhus.is**

Ótrúlegt úrval af seríum Skreyttu heimilið fyrir jólin

Frostrós í glugga
Hvít LED lós.
2703008
2.490kr
~~2.990~~kr

30%
FROST
Seríur
10 Led, hlýtt hvítt, glær snúra.
14500990
699kr
~~999~~kr

30%
FROST
Seríur
20 eða 35 Led, hlýtt hvítt, glær snúra. 14500991-2
Verð frá
899kr
~~1.299~~kr

Kúlur
Diamonds, silfur, rafhlöður, 15 cm, 8 LED ljós. 12651028
4.290kr

26%
Jólastjarna
Fersk og falleg.
1.990kr
~~2.690~~kr

43 cm
20%
FROST
Ljósahringur
100 LED, einnig til 26 cm, 200 LED. Einstaklega fallegt í glugga.
14500411
6.990kr
~~8.790~~kr

Samtengjanlegar
Þolir vel íslenskar aðstæður
FROST
Seríunet úti eða inni
160 LED, 2x1 m., hvítt eða hvít marglit með grænni snúru.
14500352, 14500354, 14500355
8.990kr

Samtengjanlegar
Þolir vel íslenskar aðstæður
FROST
LED útiseríunet
Samtengjanleg, 120 LED, 2x2 m, 4 litir: hlý hvít, köld hvít, rauð eða marglit. 14500300-3
11.990kr

20 ljósa
samtengjanleg
FROST
Frost LED Partý útisería
230W, 5 m, hægt að tengja allt að 40 seríur saman á eina innstungu.
14500261-4, 14500690-3
9.790kr

FROST

Hágæða seríur sem þola vel íslenskt veður og henta fyrir heimili, fyrirtæki og bæjarfélög
Fæst eingöngu í Húsasmiðjunni

20%
LED útiseríur, 100 ljósa
Samtengjanlegar LED útiseríur, 100 ljósa. 14500294-297
6.990kr
~~8.790~~kr



Skoðaðu úrvalið af seríum
Skannaðu QR kóðann

Jólagjafahugmyndir Skoðaðu úrvalið á **husa.is**

36%
NEO
Verkfæra-kista
Stærð: 40x40x70,5 cm.
5024814
6.995kr
~~10.990~~kr

30%
BLACK+DECKER
Borvél, 18V
Rafhlaða 1.5Ah, hraði 0-6000 sn./mín., hersla 37Nm, Led ljós. 5245573
10.995kr
~~15.995~~kr

BEKA
Pottur
Með loki, 24 cm. 2008021
25%
5.259kr
~~7.015~~kr

30%
BergingerHaus
Hnífasett
Black Rose. Hnífasett í standi 8 stk. 2001874
9.041kr
~~12.915~~kr

BEKA
Pottar og pönnur
Valdar vörur
25% afsláttur

GROHE
damixa
Blöndunartæki
Fyrir eldhús og bað
25% afsláttur

Parket og flísar
25% afsláttur

JOTUN
LADY
PURE COLOR
Grænvara
LADY málning
25% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Skanna, borga, út

Náðu í Húsasmiðjuappið
og slepptu röðinni

Allt fyrir jólin á einum stað

Skoðaðu jólablaðið á **husa.is**

Á næsta ári verður Dagur B. Eggertsson búinn að vera tuttugu ár í borgarstjórn, þar af átta ár sem borgarstjóri. Hér gerir hann upp árin í Ráðhúsinu – en hann er að senda frá sér bók um þann tíma – og talar hispurslaust um veikindi sín og skotárásina á heimilið, sem var við það að buga hann fyrr árinu.

Skotárásin á heimili fjölskyldunnar var mikið áfall og hugsaði hann með sér ósjálfrátt að hann væri hættur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enn í miðju verki

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Á skrifstofu borgarstjóra í Ráðhúsi Reykjavíkur, sem vísar í suður yfir Tjörnina og Vatnsmýrina, hangir innrömmuð mynd að baki skrifborðsins, sem er yfirfullt af pappírum og skýrslum af allra handa tagi. Strax í anddyrinu fangar hún athygli aðkomumanns, þessi mynd, en þar stendur svart á hvítu með stóru letri: Aldrei hætta að þora.

En það er ekkert annað á þessari mynd, bara þessi orð, pensluð áberandi og einbeittum strokum á hvítan pappír. Og þar utan um er svartur ramminn.

„Geggjuð mynd og frábært kjörorð," segir Dagur við mig, þegar við erum í þann mund að setjast í svörtu leðurstólana á kontórnum. „Mér þykir reyndar rosalega vænt um hana," bætir hann við og útskýrir: „Einn okkar bestu borgarstarfsmanna, Gísli Kristjánsson þúsundþjalasmiður, vélfræðingur og listamaður, hafði þetta að einkunnarorðum sínum – og hann hefur einfaldlega rétt fyrir sér, maður á aldrei að hætta að þora."

Borgin er miklu skemmtilegri

Hárið á Degi hefur gránað frá því ég sá hann síðast, en sveipirnir rísa jafn hátt og áður, svo sem verið hefur einkennismerki hans allt frá því hann byrjaði sem borgarfulltrúi í upphafi aldarinnar og varð fyrir vikið þjóðkunnur, en árin í Ráðhúsinu verða orðin tuttugu á næsta ári þegar kosið verður til nýrrar stjórnar borgarinnar.

Og hann er ekki í nokkrum vafa um hvað skipti hann mestu þegar hann horfir yfir farinn veg: „en það eru umbreytingarnar í borginni í græna átt, að betri borg fyrir hjólreiðarnar og húsnæðismálin," segir hann ákveðið, „og borgin er orðin miklu manneskjulegri fyrir vikið – og skemmtilegri."

Hann segist hafa hugsað sem svo fyrir fjórum árum, þegar fyrsta kjörtímabil hans á stóli borgarstjóra var að klárast, að ef hann fengi brautargengi annað kjörtímabil yrði það hans seinna við stjórn borgarinnar. En þetta kjörtímabil hafi sannarlega orðið óvenjulegt, farsóttin og fylgigigtin, svo margt hafi breyst við heimsfaraldurinn og veikindi hans sjálfs.

„Að sumu leyti finnst mér ég enn vera í miðju verki. Við náðum tímamótasamningum í samgöngumálum sem varða Borgarlínuna og hluta Miklubrautar og Sæbrautar í stokk. Þetta eru risaverkefni og mikil lífsgæðamál, en þar fyrir utan má nefna Sundabraut, sem er komin í uppbyggilegan farveg. Ekkert af þessu er hins vegar komið í framkvæmd og einhver hluti af mér vill sannarlega sjá þetta til enda," segir Dagur og nefnir að auki að það sé magnað að fylgjast með Reykjavík verða líflegri og að meiri heilsuborg með hverju árinu, eftir því sem byggðin þéttist og þjónustan færist meira inn í hverfin.

Enn þá verk að vinna

Þú ert að segja mér að þú sért ekki að hætta í borgarpólitíkinni?

„Það er enginn ómissandi í pólitík, en það er enn þá verk að vinna," svarar Dagur og gerist harla dulur á svip, svo ég endurtek spurninguna. „Ég mun gera þetta upp við mig fljótlega en er ekki enn kominn að niðurstöðu. Mér finnst mikilvægt að sjá hvernig þessum stóru málum reiðir af í sáttmála nýrrar ríkisstjórnar og hvernig málum vindur fram hjá öðrum flokkum í borginni. Sjálfstæðisflokkurinn er því miður þverklofinn og ekki treystandi," svarar hann og vísar til fyrri orða um hálfnað verk – og ég segist túlka þessi orð hans á einn veg, aðeins einn veg. Þá brosir hann, en breytir svo snöggvast um svip, verður hugsi.

„Ef þú hefðir spurt mig í vor þá hefði ég líklega sagst vera að hætta. En ég ákvað að bíða með slíkar ákvarðanir," og hann þagnar um stund, heldur svo áfram og rómurinn er hægur: „Skotárásin við heimili okkar Örnu fékk mikið á okkur. Mín ósjálfráðu viðbrögð voru þá: Ég er hættur, þarna eru mörkin. Ég get ekki boðið fólkinu mínu upp á þetta. Hér verð ég að draga línu í sandinn," og hann segir að þótt hann hafi fyrir löngu verið búinn að venjast pólitískri hörku og óbilgirni og jafnvel verið farinn að sætta sig við hversdagslegar svívirðingar, þá hafi þetta verið eitthvað allt annað.

Þú bognaðir?

„Í byrjun var þetta fyrst og fremst áfall. Þegar á leið fann ég hvað þetta varpaði miklum skugga yfir svo margt. Já, þetta sat í mér og lagðist á mig eins og mara," og hann horfir yfir að skrifborðinu, virðir myndina með einkunnarorðum Gísla fyrir sér, en segir svo rólega frá því að þegar hann horfi til baka, átti hann sig betur á hvað árásin hafi hvílt þungt og lengi á heimilinu: „Þetta tók meira á mig og mína en ég þorði að viðurkenna á meðan málið reis hvað hæst í vor. Og skugginn af því fylgdi okkur inn í sumarið."

Sat hræðslan heima fyrir lengi í þér?

„Hræðsla er kannski ekki rétta orðið. Ég stóð hins vegar sjálfan mig að því að horfa ööruvísi út um gluggann á heimilinu en ég hafði áður gert. Ég upplifði ákveðið varnarleysi. Það er óhuggulegt í alla staði að vera hræddur heima hjá sér."

Hann segir að þessi lífsreynsla hafi verið mikil viðbrigði, því hann eins og aðrir hafi trúað á gott og friðsamt samfélag. Aðalsmerki þess að búa í Reykjavík eigi að vera það að fólk geti umgengist og átt samtöl eins og jafningjar: „Ég elska að ganga um götur og heilsa upp á fólk eða fara í heita pottinn til að ræða málin og þannig samfélag viljum við einmitt byggja, tala hvert við annað í augnhæð, en hinn kosturinn hefur bara verið svo fráleitur, að finna ekki til öryggis á meðal fólks."

> Svo fékk ég aðra sýkingu sem sló mig til baka. Það fyllti mig kvíða og depurð.

Ætlaði ekki í pólitíkina

Dagur er fæddur í Osló á kvenréttindadaginn 19. júní 1972 og stendur því brátt á fimmtugu, en hann er elstur þriggja barna þeirra Bergþóru Jónsdóttur og Eggerts Gunnarssonar, sem voru að læra lífefnafræði og dýralækningar í Noregi þegar frumburðurinn kom í heiminn, ógift þá og allsendis grunlaus um að drengnum þyrfti að kenna við móðurina, af því faðirinn var ekki eiginmaður á útlenskum pappírum.

Sjálfur var Dagur staðráðinn í því að fara álíka leið og foreldrar hans í framhaldsnámi – og valdi lækninn: „svo ég yrði örugglega ekki pólitíkinni að bráð," segir hann með glott á vör, en meinar hvert orð: „Ég fann strax á þessum námsárum mínum að þjóðmálaáhuginn ólgaði innra með mér, en vissi ekkert hvað þar var í gangi af því að enginn í fjölskyldunni var svona pólitískt þenkjandi. Svo að læknisfræðin átti að bjarga mér út úr þessum bráða vanda." »

Tuttugasta og fimmta bók Arnaldar Indriðasonar er komin!

4.999 kr.

MARGSLUNGIN OG HARMRÆN FRÁSÖGN

Það kveður við nýjan tón í 25. bók Arnaldar Indriðasonar, því hún er ekki glæpasaga, heldur söguleg skáldsaga. *Sigurverkið* gerist á sunnanverðum Vestfjörðum og í Kaupmannahöfn á 18. öld og lýsir beiskum örlögum alþýðufólks. Íslenskur úrsmiður situr í höll Danakonungs og gerir upp forna glæsiklukku. Kvöld eitt rekst sjálfur einvaldurinn, Kristján sjöundi, inn til hans. Þeir taka tal saman og svo fer að úrsmiðurinn rekur fyrir hátigninni dapurlega sögu föður síns og fóstru.



netto
Lægra verð – léttari innkaup

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Dagur segir að hann sé ekki ómissandi, það sé enginn í pólitík, en hann eigi enn verk eftir óunnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» En svo fór að hann varð ekki læknirinn á heimilinu, heldur konan hans, Arna Dögg Einarsdóttir, sem er læknir á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, en þau hafa verið saman „allt frá fyrsta kossi 1998“ og það glaðnar yfir viðmælandanum um stund, áður en talið berst að heimilishaldinu og uppeldi fjögurra barna á aldrinum 17, 16, 12 og 10, en á bak við þær tölur eru Ragnheiður Hulda, Steinar Gauti, Eggert og Móeiður.

„Það eru forréttindi að vera borgarstjóri, en það getur verið fórn fyrir þá sem eru manni nánastir. Álagið sem fylgir starfinu er oft mjög mikið og álaginu heima fyrir er misskipt eftir því. Ég skrifa aðeins um þetta í nýju bókinni og kemst þannig að orði að ég upplifi mig nánast sem gervifemínista. Ég er alinn upp í jafnrétti. Mamma og pabbi skiptu heimilisverkunum alltaf jafnt á milli sín þegar þau voru að ala okkur systkinin upp. Í þeim samanburði hef ég ekki staðið mína plikt. Það er á við framkvæmdastjórastöðu að reka heimili með fjögur börn á aldrinum 10 til 17 ára og henni hefur Arna gegnt að stórum hluta. Þannig er það bara.“

Hefurðu misst af börnunum?

„Nei, samband mitt við krakkana er gott. En það getur verið ósanngjarnt að vera makinn sem er bara til staðar þegar það er gaman hjá börnunum, en vera oftast víðs fjarri þegar það þarf að leysa úr öllum þessum aragrúa hversdagslegra verkefna sem þarf að sinna á stóru barnaheimili.“

En hefurðu misst af Örnu?

„Nei, sem betur fer ekki – og þvílík gæfa að hafa hitt hana – og heppni. Það er ekkert sjálfgefið að hitta réttu manneskjuna, en það gerðist í mínu tilviki – og hennar sennilega líka,“ segir Dagur og brosir á ný: „Við eigum sem betur fer fjölmargt sameiginlegt og verjum fyrir vikið miklum tíma saman,“ segir eiginmaðurinn og bætir sem snöggvast við: „eiginlega alltaf þegar við getum,“ en bendir svo á eina ókostinn á ráðahagnum, en svo margir vinir Örnu búi í Svíþjóð þar sem hún hafi sjálf alist upp í fimm systkina hópi, næstelst á heimili Einars Þórhallssonar læknis og Sigríðar Steinarsdóttur lífeindafræðings, sem hafi sest að í bænum Växjö og búi þar enn. „Það er svolítill spölur í matarboðin á þeim bæjunum.“

> Skotárásin á heimili okkar Örnu fékk mikið á okkur. Mín ósjálfráðu viðbrögð voru þá: Ég er hættur, þarna eru mörkin.

Bók um borgina og breytingarnar

En hefur engin alvara verið í því að söðla um og fara í landsmálin?

„Það hefur oft komið til tals – og vel að merkja, ég ætla ekki að fullyrða sem svo að ég fari aldrei í landsmálin. Það hafa allt of margir brennt sig á því,“ en hann segir að alltaf hafi borgin togað meira í sig en landsmálin: „Borgarmálefnin eru vanmetin, en verkefnin bæði stór og skemmtileg. Viðfangsefnin eru líka svo nálægt manni og fyrir vikið er svo auðvelt að brenna fyrir þeim. Krakkarnir minna mig oft á þetta þegar við erum á ferð um borgina, en þá hef ég óvart tekið krók eða sveigt af leið til að skoða eitthvert uppbyggingarsvæðið.“

Síðustu þingkosningar hafa sumsé ekkert kitlað?

„Ég var óvenju fljótur að hugsa minn gang í aðdraganda þeirra,“ segir hann og brosir, en setur svo upp næsta íbygginn svip: „Það kemur dagur eftir þennan dag.“

Og það er auðvitað til marks um ódrepandi borgarmálaáhuga Dags að hann sendir frá sér viðamikla bók um borgina við Sundin blá í næstu viku, en hún ber nafnið Nýja Reykjavík – umbreytingar á ungri borg, en þar fjallar hann um umskiptin í Reykjavík á síðustu áratugum sem hann hefur starfað í Ráðhúsinu og sögu þeirra róttæku hugmynda sem hann segir í ríkari mæli vera að verða að veruleika.

„Ég hef gengið með þessa bók í maganum býsna lengi, kannski allt frá því samstarf okkar Jóns Gnarr, forvera míns á stóli borgarstjóra, var og hét. Ég lærði svo ótalmargt af honum, svo sem þá afstöðu að vera ekki alltaf að svara úrtöluröddum heldur gera bara hlutina. Þessi heildarhugsun hefur ekki verið til á einum stað fyrr en núna, með bókinni.“

Hann segir að ritið hafi í fyrstu átt að vera eins konar borgarþróunarbók, en svo þegar á leið hafi hún orðið persónulegri og vonandi skemmtilegri og aðgengilegri fyrir vikið: „Ég rek atburðarásina í borgarpólitíkinni á tíma mínum í borgarstjórn, sem hefur verið vægast sagt litrík,“ segir hann og fórnar höndum og báðir sjáum við fyrir okkur fjörlegt sviðið, frá tímum Reykjavíkurlistans, sem batt enda á óralangt valdaskeið íhaldsins í borginni árið 1994, þar til vinstriflokkarnir héldu um þræðina með Framsókn á nýrri öld, sigra Ingibjargar Sólrúnar, skamma valdatíð Þórólfs Árnasonar og Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, valdatöku Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, hundrað daga stjórnartíð Dags á mánuðunum áður en allt hrundi, upprisu og fall Ólafs M. Magnússonar og loks fordæmalausa valdatíð Jóns Gnarr eftir kosningarnar 2010. Og við tökum báðir andköf, þvílíkir tímar og rússíbanareið: „Auðvitað svipti ég hulunni af ýmsu sem gerðist á bak við tjöldin,“ segir hann með glott á vör, „milli þess sem ég segi frá metnaðarfullum áformum og alls konar hugmyndum og verkefnum sem eru á fárra vitorði.“

Uppbyggingin átti að hefjast fyrr

Hann segir mikinn létti að vera búinn með bókina – og þegar hann er inntur eftir því hvað hafi komið honum mest á óvart við alla þessa rannsóknarvinnu er hann snöggur til svars: „Hvað þetta hefur verið viðburðaríkur tími,“ og hann lygnir aftur augum.

„Hvað Reykjavík hefur sótt fram á mörgum sviðum. Og hvað krafturinn og umbreytingin er mikil. Viltu að ég telji allt upp? Vísindaþorpið í Vatnsmýri, kvikmyndaþorpið í Gufunesi, uppbygginguna úti á Granda, húsnæðisuppbyggingu fyrir alla tekjuhópa, endurnýjun miðborgarinnar, umbyltingu í hjólaleiðum og þéttingu byggðar um alla borg ...“

En ég stoppa hann af og spyr hvort menn á borð við Bolla Kristinsson muni falla fyrir þessari bók.

„Ég vona að þeir lesi hana og átti sig á því að gömlu hugmyndirnar um hraðbrautaborg, þvers og kruss um Reykjavík, hefðu endað með minni lífsgæðum allra og einni stórri umferðarsultu,“ og Dagur minnir á að stjórnendur allra vistvænustu borga heims hugsi eins, að draga úr umferð og gera byggðina grænni og sjálfbærari.

En talandi um gagnrýni. Eftir hverju sérðu mest?

„Húsnæðisuppbyggingin hefur slegið met síðustu fimm ár, en hefði mátt hefjast strax eftir hrun. Það var arfavitlaust af hægrimönnum að leggja verkamannabústaðakerfið niður um aldamótin og það fór ofboðsleg orka og tími í það hjá okkur hinum að bregðast við. Hugsaðu þér, það fóru aðeins tíu íbúðir í byggingu í borginni á heilu ári þegar við tókum við af íhaldinu árið 2010,“ og hann baðar út höndum, gáttaður á samanburðinum við síðustu ár. „En sumsé, það tók of langan tíma að finna svarið og búa til úrræði á borð við Bjarg, byggingarfélag og aðrar félagslegar lausnir á ný.“

> Ég stóð sjálfan mig að því að horfa öðruvísi út um gluggann á heimilinu en ég hafði áður gert.

Gigtin fyllti mig kvíða og depurð

Við röltum upp Þingholtin, heim á Óðinsgötu, og ég tek eftir því að Dagur stingur ekki lengur við. Og þegar inn er komið hangir raunar stafurinn uppi á hönk í anddyrinu. Yfir ilmandi kaffibolla spyr ég hvernig hann hafi það og hvort hann hafi náð sér: „Já og nei,“ er svarið. „Ég er svo til verkjalaus og finn ekki fyrir bólgum eins og áður. Það er lyfjunum að þakka. Það er helst að gigtin togi í mig ef ég ætla mér um of.“

Dagur greindist með fylgigigt haustið 2018 eftir að hafa glímt við sýkingu af völdum iðrakveisu. „Ég var óheppinn,“ segir hann og ræðir svo áfallið: „Óvissan var verst, ég vissi í byrjun svo lítið, svo sem hvernig ég myndi svara lyfjunum – og þróun sjúkdómsins getur verið svo ótrúlega ólík eftir einstaklingum.“

Og hann rifjar upp sögu: „Þegar meðferðin fór á fullt sagði læknirinn minn að hann væri bjartsýnn, en ég yrði að forðast allt álag – og svo hló hann eins og hross,“ og Degi er skemmt yfir sögunni, getur eftir allt saman brosað þótt hann hafi á tímabili velt því fyrir sér hvort hann yrði að láta af störfum í Ráðhúsinu. „Ég var orðinn smeykur um það á tímabili. Ég komst varla á milli hæða hérna í húsinu,“ segir hann og bendir fram á skör. „Ég svaraði lyfjunum vel í byrjun, en svo fékk ég aðra sýkingu sem sló mig til baka. Það fyllti mig kvíða og depurð eins og ég reifa í nýju bókinni – og reyndist mér miklu erfiðara en greiningin í byrjun.“

En stafurinn er óhreyfður?

„Já, en hann er áminning,“ segir Dagur, „áminning um dýrmæti heilsunnar.“

Og svo er bara að hætta ekki að þora?

„Aldrei,“ segir hann, hæfilega langt frá glugganum sem vísar út á torg. ■

EQS

FRAMTÍÐIN LOFAR GÓÐU.

Lúxusbíll, hannaður til að heilla. 100% rafdrifinn EQS með fullkomna hljóðvist, allt að 770 km drægi, ríkulega búið innra rými og framúrskarandi tæknilausnir sem vísa þér veginn.

Frumsýnum EQS. Opið 12-16 í dag.

Sýnum einnig aðra glæsivagna frá Mercedes; CLA, GLE, EQC, EQA og hinn ómótstæðilega GLE Coupé.

Askja · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram.

Skrifaði sig inn í nýtt líf

Ritlistin breytti lífi Auðar Jónsdóttur, sem fann sig betur á djamminu en í skóla á sínum yngri árum. Minnimáttarkenndin sem svo þjakaði hana yfir að hafa ekki numið bókmenntafræði eða heimspeki, heldur vera 22 ára og fráskilin að vestan, átti þó eftir að hverfa.

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Tilfinningar eru umfjöllunarefni nýjustu bókar Auðar Jónsdóttur, Allir fuglar fljúga í ljósið, nánar tiltekið tilfinningaleg stéttaskipting sem Auður segir lúmskustu stéttaskiptinguna. „Aðalpersónur bókarinnar er fólk sem fór með ekki alltof góð spil út í lífið," segir Auður. „Ef við höfum ekki fengið rétt viðbrögð við erfiðum upplifunum sem börn, getur það truflað og beyglað svo mikið í tilfinningalífi okkar að við verðum útsettari en ella fyrir erfiðleikum. Ég er að reyna að ná svipmyndum af fólki sem býr við ákveðið getuleysi í tilfinningalífi sínu."

Ofbeldi er jafnframt umfjöllunarefni en sögupersónan bæði beitir og er beitt ofbeldi. „Ofbeldi á stundum til að birtast ekki í einni mynd, oft er eitthvert mynstur sem það fæðist upp úr." Auður skoðar þannig forsöguna: „Hvar byrjar þetta og hverjar eru sögurnar? Hvað býr í samskiptunum?

Mig langaði að skrifa um konu sem væri búin að gefast upp á að vera með tilfinningar. Ég fór að horfa á höfundarverk mín aftur í tímann og sá þá gegnumgangandi þema í bókunum: Að það verður einhvers konar áfall í æsku og svo er ég að skoða manneskjuna á fullorðinsárum í einhverri annarri sögu. Það er alltaf þessi forvitni um samspil fortíðar og nútíðar. Að hversu miklu leyti erum við fortíðin? Úr hverju koma viðbrögð okkar? Það er þannig sem ég er að skoða ofbeldi, hvaðan koma svona skrítnir reflexar og hvað gerir okkur útsett fyrir því? Söguhetjan á mikla ofbeldissögu að baki og fer því út í lífið án þess að vera með sömu tilfinningalegu tækin og tólin og margir."

Hugmyndin um tilfinningalega stéttaskiptingu er Auði hugleikin. „Við getum komið frá alls konar misefnuðum heimilum, en það er þetta tilfinningalega öryggi sem er svo lúmsk stéttaskipting. Hversu vel við hvílum í okkur og getum tekist á við lífið og tengt við aðrar manneskjur."

Ósmart að fjalla um alkóhólisma

Eins og Auður segir hefur hún verið að horfa yfir feril sinn. „Ég gef fyrstu bókina mína út árið 1998. Hún fjallar um stelpu sem á mömmu sem er alkóhólisti og þetta þóttu ekki fínar bókmenntir þá. Mikael Torfason var að einhverju leyti á svipaðri línu og við þóttum ekki smart í bókmenntalegri kreðsu. Það var skömm sem fylgdi þessu umfjöllunarefni, enda alkóhólismi litinn allt öðrum augum á þessum tíma."

Báðir ólust höfundarnir upp við alkóhólisma og Auður segist halda að þau hafi átt það sammerkt að vera að brjótast út úr einhverju með skrifum sínum. „Það er svona mín kynslóð höfunda sem er að byrja að kafa ofan í þetta og maður fékk oft á sig rosa fuss frá eldra fólki, sem fannst þetta ekki viðeigandi. En í raun var ekkert sem maður skrifaði sem kæmist með tærnar þar sem eitt opnuviðtal í Stundinni eða DV er með hælana í dag," segir hún, en viðurkennir að hafa upplifað bæði ótta og skömm með því að taka á þessu viðkvæma efni.

> Einn daginn vöknuðum við upp og áttum hvorki fyrir sígarettum né kaffi. Ég sagði þá: Við skulum bara gifta okkur – þá gefa okkur allir allt.

Eftir að hafa upplifað sig týnda unga konu og átt að eigin sögn kolsvört unglingsár, skrifaði Auður sig inn í nýtt líf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta var samt skrítið líf

Auður er 24 ára þegar fyrsta bókin hennar, Stjórnlaus lukka, kemur út. „Ég var í rauninni að skrifa mig inn í nýtt líf. Ég hafði átt kolsvört unglingsár. Ég týndist gjörsamlega, fékk margoft flog og vaknaði upp á bráðamóttöku, flosnaði upp úr skóla og prófaði þónokkra menntaskóla," segir Auður, sem greindist með flogaveiki á unglingsárum. „Ég var mikið til vandræða, enda leið mér oft tætingslega."

Djammið var fyrirferðarmikið en Auður segist þó ekki hafa leiðst út í eiturlyf. „Ég held ég hafi bara haft vit á að sleppa dópinu því ég var með flogaveiki. Hún bjargaði mér," segir hún í léttum tón.

„Þetta var samt svo skrítið líf, því ég bjó inni á milli hjá ömmu á Gljúfrasteini og jafnaði mig þar, fékk mat og straujuð föt og fór í sund," segir hún, en móðuramma hennar og afi voru Halldór og Auður Laxness.

Auður vann við ýmislegt á þessum tíma eins og flestir af hennar kynslóð. „Ég var á miklum þvælingi um landið og vann í fiski, uppvaski, í bíómyndum og á öldrunarheimili.

> Mér finnst það breyta manni svo mikið að eignast barn. Það er eins og hver einasta fruma inni í manni fari í endurnýjun.

Foreldrar mínir skildu og því fylgdi öldugangur, stundum var erfitt ástand á heimilinu. Ég átti rosa góða vinkonu, Binnu, á Flateyri og fór þangað mikið og bjó þá hjá henni, á verbúð og á Vagninum."

Giftist 20 árum eldri manni

Þegar mannskætt snjóflóð féll á Flateyri árið 1995 segist Auður hafa upplifað það sem mikið heimshrun. „Ég fer vestur í ráðaleysi ungrar manneskju sem heldur að hún geti bjargað heiminum. Þar var ég svo í ár eftir flóðið og þetta var mjög skrítinn tími, enda fóru ansi margir heimamenn burt og í staðinn komu alls konar lukkuriddarar og þarna ríkti skrítin stemning."

Auður kynntist manni sem var 20 árum eldri en hún og þau hófu samband. „Hann var rosalega drykkfelldur, hafði verið að grafa upp fólk úr flóðinu og þjáðist líklega af áfallastreituröskun.

Einn daginn vöknuðum við upp og áttum hvorki fyrir sígarettum né kaffi. Ég sagði þá: „Við skulum bara gifta okkur – þá gefa okkur allir allt," rifjar hún upp á hispurslausan hátt. Auður hafði samband við Ólaf Helga Kjartansson, þáverandi sýslumann á Ísafirði, og spurði hvort hann gæti gift sig.

„Hann spurði hvenær og ég svaraði „í dag" og hann sagði mér þá að koma klukkan eitt. Í framhaldi var haldin veisla fyrir okkur á Vagninum og dregið fram lambakjöt úr frystinum og rauðvín og við fengum fullt af sígarettum."

Auður hringdi svo í móður sína með fréttirnar úr tíkallasíma. „Ég held ég hafi í og með gert þetta til að ögra henni og þetta var náttúrlega sjokk fyrir hana."

Send til Svíþjóðar að klára bók

Hjónabandið entist aðeins í nokkra mánuði og þar var amma Auðar og nafna, Auður Laxness, áhrifavaldur. „Ég hafði flutt aftur í bæinn með þennan mann og var í algjöru ráðaleysi. Ég fékk vinnu sem þjónustufulltrúi hjá Stöð 2 á meðan hann þóttist fara í vinnu, en var svo bara á einhverjum nektarbúllum og fyllerí á daginn. Ég byrjaði þá að skrifa bók sem eins konar björgunarlínu. Ég vissi ekkert hvað ég var að gera en hafði alltaf leitað í skrifin frá því ég var lítil." »

Ferðalögin sem breyta okkur mest eru þau sem fara með okkur út fyrir þægindarammann. Með allt að 528 km** drægi fer Kia EV6 með þig í ferðalag langt út fyrir ystu mörk ímyndunaraflsins.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia EV6.
Opið í dag 12-16 í sýningarsal okkar að Krókhálsi 13.
Við tökum vel á móti þér.

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.
** Akstursdrægið var mælt í samræmi við staðlaða mæliaðferð ESB (WLTP) og miðast við 77,4 kWh rafgeymastæðu, afturhjóladrif og 19" álfelgur (mynd af ökutæki sýnir það á 20" felgum). Akstursvenjur og aðrir þættir, eins og hraði, útihitastig, landslag og notkun rafknúinna tækja/eininga hafa áhrif á raunverulegt akstursdrægi og geta dregið úr því.

» Amma Auðar vissi af skrifunum og sagðist gefa henni 100 þúsund krónur ef hún færi með fjarskyldri frænku til Svíþjóðar og kláraði þessa bók.

„Ég bara fór og gleymdi að ég ætti eiginmann og það flosnaði upp," segir Auður og hlær.

„Bókin, Stjórnlaus lukka, kom svo út og það urðu algjör kaflaskil í lífi mínu, sem á þessum tímapunkti var fráskilin að vestan," segir hún í léttum tón, en um tveimur árum síðar kynntist hún Þórarni Leifssyni rithöfundi sem svo varð maður hennar til 18 ára. „Að gefa út bók var svolítið eins og maður fengi loksins einhverja prófgráðu," segir Auður, sem fékk vinnu á DV og Þórarinn starfaði á Vísi. „Þarna byrjaði bara algjörlega nýr kapítuli."

Vænd um að fá frípassa

Bókin var tilnefnd til bókmenntaverðlauna en Auður minnist þess að tilnefningin hafi verið umdeild. Í framhaldi fékk hún starfslaun og gat því haldið áfram að skrifa. „Það var auðveldara fyrir ungan höfund á þeim tíma en núna, við vorum ekki það mörg."

Það loddi lengi við Auði að vera barnabarn Nóbelsskáldsins Halldórs Laxness. „Þegar ég fór að sjást skrifa á kaffihúsum og fór að tala um að gefa út bók, heyrði ég eitraðar tungur í kringum mig. Að þarna væri komið vandræðabarnið að reyna að vera eins og afi sinn," rifjar hún upp, en segist þó skilja þetta að einhverju leyti. „Við Huldar Breiðfjörð vorum yngst til að vera tilnefnd, ég kem eftir allan minn vandræðagang, ómenntuð og þetta fór í taugarnar á ákveðinni kreðsu. Fólk leit á þetta sem frípassa og ég man að Guðni Elíasson prófessor hringdi í mig og sagði við mig: „Ekki taka það nærri þér þó allir séu að tala illa um þig."

En þó að Auður segist skilja hvaðan gagnrýnin komi, upplifði hún sig ótengda bókmenntaelítunni sem hún var sökuð um að þiggja frípassa af.

„Þó ég hefði hitt alls konar fólk með ömmu og afa þekkti ég þetta fólk ekki neitt. Ég var bara að gefa út bók og hafði ekkert hugsað út í það að maður fengi gagnrýni eða tilnefningu."

Auður segist lengi hafa burðast með minnimáttarkennd yfir að vera ekki menntuð í bókmenntafræði eða heimspeki. „Alveg þar til ég varð svona 35 ára, og ég man eftir stingandi kvíða frá þessum árum."

Vaknaði frosin hvern morgun

Fyrstu bækurnar fengu misjafna dóma, bæði góða og slæma og bendir Auður á að á þeim tíma hafi slík bókmenntagagnrýni haft mikið vægi, það hafi reynst áskorun fyrir ungan óreyndan höfund að taka neikvæðri gagnrýni, fyrir framan alþjóð.

„Næsta skáldsaga var skrifuð í hálfgerðu óráði og flýti í helgarfríum frá blaðamannsstarfinu. Hún var ekki nógu vatnsheld og maður fékk bunu yfir sig aftur og þær komu reglulega. Það er líka merkilegt að bækurnar sem fara hæst fá líka oft hörðustu gagnrýnina."

Auður rifjar upp að þegar bókin Ósjálfrátt kom út, hafi hún verið nýbúin að eiga einkasoninn og segir jólabókaflóðið hafa valdið sér miklum kvíða.

„Ég vaknaði frosin hvern morgun og labbaði niður til að skoða blaðið þar sem ég beið eftir dómnum. Þá fattaði ég hvaða áhrif þetta hafði haft. En ég held að þetta sé eitthvað sem flestir ungir höfundar kynnast. Í fyrsta lagi upplifði maður niðurlægingu því þetta er opinbert og tilfinningin var svolítið eins og ástarsorg eftir rosalegt fyllerí og maður gat verið með eymsladofa í marga daga," segir Auður og ítrekar að upplifunin sé ekki slík í dag.

Sjálfshjálp sem kryddbaukur

Talið berst að tilfinningum sem oftar en ekki eru Auði yrkis- og rannsóknarefni. „Ég er mikil tilfinningavera og finnst gaman að pæla í þeim. Framan af voru skrifin mikið leið til að skilja kenndir. Tæki til að ná utan um veruleikann. Á þessum tíma sem ég hef verið að skrifa bækur hefur orðið mikil vakning í öllu sjálfshjálparlingói, svo ég hef öðlast fleiri hugtök og greiningartæki til að skilja."

Auður lýsir sér sem mikilli tilfinningaveru og hefur notað skrifin sem tæki til að ná utan um veruleikann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég byrjaði þá að skrifa bók sem eins konar björgunarlínu. Ég vissi ekkert hvað ég var að gera en hafði alltaf leitað í skrifin frá því ég var lítil.

> Ég var að flytja á milli landa, heimilið að flosna upp, við að skilja, ég lenti í réttarhöldum vegna meiðyrðamáls sem höfðað var á hendur mér og ég byrjaði á breytingaskeiðinu.

Sjálf segist Auður lengi hafa stundað ýmiss konar sjálfshjálp. „Það getur verið fínt að detta inn á Al-Anon-fund en svo getur líka verið fínt að lesa bók um heimspeki eða dansa. Ég hef alltaf bara notað þetta eins og kryddbauk."

Fyrir tveimur árum kom út bók Auðar, Tilfinningabyltingin. Á þeim tíma var Auður að ganga í gegnum skilnað við eiginmann sinn og barnsföður og varð sú upplifun henni innblástur.

„Einhver sagði mér að skilnaðarferlið væri að sumu leyti eins og meðganga. Meðganga getur verið svo intensív að fátt annað kemst að, en svo er þetta bara blörr á eftir. Það er svipað með skilnað."

Skilnaður á breytingaskeiðinu

Hjónin bjuggu í Berlín ásamt ungum syni og lýsir Auður sér sem ráðsettri móður á þeim tíma.

„Svo skiljum við óvænt og það fór allt í uppnám. Ég var að flytja á milli landa, heimilið að flosna upp, við að skilja, ég lenti í réttarhöldum vegna meiðyrðamáls sem höfðað var á hendur mér og ég byrjaði á breytingaskeiðinu," telur Auður upp.

„Í þeim greinum sem ég hef lesið um breytingaskeiðið er mælt með því að láta fjölskylduna hlúa að sér, en ég var bara á kúpunni að taka að mér öll frílansverkefni sem buðust, með tóma íbúð og sífellt í réttarhöldum sem hefðu getað farið alla vega."

Þá varð Tilfinningabyltingin til, ekki ósvipað og frumraun Auðar, Stjórnlaus lukka. „Ég hélt ég væri hætt að skrifa til að skilja, en í þessari bók verður þetta alveg bjargráð. Ég skrifaði hana ógeðslega hratt og í hálfgerðu óráði. Ég gat skrásett ferlið af því að ég var inni í því, en núna man ég varla hvernig þetta var, ekki ósvipað og þegar maður fer í gegnum meðgöngu og fæðingu."

Tilfinningabyltingin varð umdeild og fólk skiptist á að hrífast og rífa hana niður. „Þetta varð því svolítil rokkbók, en hún fer mikið út á bókasöfnum og ég held að það sé þar sem svo margir eru í þessum pælingum."

En eins og Auður nefndi var skilnaðurinn alls ekki eina stóra umbreytingin á þessum tíma. „Ég var svo tætt að systir mín sagði mér fara til kvensjúkdómalæknis og láta mæla í mér hormónana. Ég gerði það og kom í ljós að þeir voru í lágmarki. Ég sagði við lækninn: „Ertu að segja mér að ég sé búin að skrifa heila bók sem heitir Tilfinningabyltingin og þetta sé bara breytingaskeiðið?" segir hún og hlær.

Fráskilin á miðjum aldri fór Auður að stunda skemmtanalífið í Reykjavík, eitthvað sem hún hafði ekki gert allt sitt hjónaband. „Þetta var bara sturlaður tími. Maður fór aftur að fara á barina og ég held að það hafi bara bjargað lífi mínu."

> Það opnast nýtt spektrum, en koma barns getur þrátt fyrir góðan vilja líka breytt parasambandi í eitthvað annað.

Hélt hún gæti ekki eignast börn

Eftir rússíbanareið og tilfinningabyltingu er Auður lent, búin að ná jafnvæginu sem þeir með reynsluna sögðu að hún myndi ná tveimur árum eftir skilnað.

„Ég á kærasta í dag og allt bara gaman," segir Auður, en bendir á að allt hafi þetta sína kosti og galla.

„Það er rosa fínt að vera í góðu hjónabandi en líka rosa gott að vera bara einn á miðjum aldri, því það er tækifæri til að átta sig á því hvernig maður vill hafa líf sitt. Maður fær svo mikið skilgreiningar- og uppgötvunarvald í tilverunni."

Einkasonurinn er orðinn tíu ára og skipta foreldrarnir uppeldinu jafnt á milli sín. „Þetta er eina barnið mitt svo það er alltaf einhver tregi að vera ekki alltaf með hann, en það er gott líka að geta skipst á að vera mikið með honum og svo rosa mikið að vinna og stússast."

Langaði þig aldrei í fleiri börn?

„Jú, jú, það bara gerðist ekki. Við höfðum verið saman í ellefu ár þegar hann kom í heiminn," segir Auður, sem varð móðir viku fyrir 38 ára afmælisdaginn. „Ég var farin að halda að ég gæti ekki eignast börn en hafði ekki farið í neina rannsókn því tengda," segir Auður, sem segir þau hafa ákveðið að líta svo á að þetta gerðist bara ef það gerðist.

„En ég var þó farin að finna fyrir depurð, það vantaði eitthvað. Svo einn daginn var ég úti að hjóla í Berlín og fékk svo mikið svimakast að ég hjólaði næstum fyrir sporvagn, svo kom bara í ljós að ég væri ólétt. Þetta var alveg út í hött," segir hún með áherslu. „Svo bara kom hann í heiminn og það var rosaleg gleði. Mér finnst það breyta manni svo mikið að eignast barn. Það er eins og hver einasta fruma inni í manni fari í endurnýjun. Maður sér hlutina á nýjan hátt og ég fór að horfa öðrum augum á mömmu mína og ömmu og hluti eins og fæðingarþunglyndi. Það opnast nýtt spektrum, en koma barns getur þrátt fyrir góðan vilja líka breytt parasambandi í eitthvað annað. Það bara breytir öllu."

Allt hér eftir er bónus

Talið berst að væntingum okkar og kröfum til lífsins. „Maður fæðist með þá hugmynd að við eigum heimtingu á einhverju. En nú þegar ég er komin á minn aldur og horfi aðeins yfir sviðið þá er ég búin að fá svo margt, án þess að hafa endilega unnið fyrir því fram yfir annað fólk í heiminum. Maður gleymir því oft að þakka fyrir það lán í lífinu til dæmis að eiga foreldra á lífi, að hafa eignast barn, geta búið í þjóðfélagi þar sem maður getur unnið við það sem maður vill og sagt það sem maður vill.

Ef ég myndi deyja á eftir væri það ekki ósanngjarnt að neinu leyti, ég var líklega komin á þann stað um þrítugt. Ég er búin að fá alveg fullt. Allt sem kemur hér eftir er bónus," segir Auður að lokum. Þakklát fyrir sitt. ■

FASTEIGNASALA
SÆVARS ÞÓRS

Bíður þín þriggja hæða framtíð í Fossvoginum?

FASTEIGNASALA SÆVARS ÞÓRS KYNNIR 314 FERMETRA EINBÝLISHÚS ÁSAMT BÍLSKÚR Á BESTA STAÐ Í REYKJAVÍK, VIÐ ENDA LAUTARVEGAR Í FOSSVOGINUM.

Bygging hússins er rúmlega hálfnuð og áhugasamir kaupendur geta haft áhrif á byggingarefni og innréttingar, en áætluð verklok eru mánaðarmótin febrúar/mars. Í teikningum hússins er gert ráð fyrir rúmgóðu hjónaherbergi á neðstu hæð, baðherbergi, þvottahúsi og sjónvarpsholi. Á jarðhæð er anddyri, innangengur bílskúr, geymsla, eldhús, borðstofa og stofa, og utangengt út á pall, en á efstu hæð eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi og sjónvarpshol.

Glæsileg eign á frábærum stað sem skilast annað hvort fokheld eða fullbúin, eftir samkomulagi. Hafðu samband og gerðu tilboð.

537 9800 // saevar@saevarthor.is // saevarthorfasteignir.is

Hinn sjö ára David, íbúi lýðveldisins Kongó, lifði af ebólusmit og er þakklátur fyrir að komast aftur í skólann.

Börnin eru bjartsýnni á betri heim

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Í dag, 20. nóvember, er alþjóðadagur barna haldinn hátíðlegur um allan heim. Í tilefni hans birtist könnun sem UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, stóð fyrir í 21 landi þar sem borin voru saman viðhorf ungs fólks og fullorðinna og kom í ljós að yngri kynslóðin telur heiminn fara batnandi.

Könnunin, sem ber yfirskriftina The Changing Childhood Project, náði til um 20 þúsund manns í 21 landi í Afríku, Asíu, Evrópu og Norður- og Suður-Ameríku. Annars vegar var rætt við ungt fólk á aldrinum 15 til 24 ára og hins vegar við fólk yfir fertugt.

Könnunin er sú fyrsta sinnar tegundar þar sem ólíkar kynslóðir eru spurðar út í heimssýn sína og hvernig það er að vera barn í dag. Með því að bera saman reynslu og viðhorf ungs fólks og eldra birtist mikilvæg sýn á það hvernig bernskan er að breytast í síbreytilegum heimi.

Niðurstöður könnunarinnar sýna fram á mikinn mun þegar kemur að því hvernig yngri kynslóðin lítur á heiminn í kringum sig, horfur sínar og á sumum sviðum gildi sín. Þrátt fyrir aðkallandi vanda eins og heimsfaraldur Covid-19 og hamfarahlýnun; og jafnvel þótt ójöfnuður hafi aukist og enn frekar hafi reynt á geðheilsuna, er ungt fólk líklegra til að segja heiminn – og bernskuna sjálfa – fara batnandi með hverri kynslóð.

Bjartsýn en ekki barnaleg

Niðurstöðurnar benda til þess að ungt fólk telji barnæskuna sem slíka hafa batnað og yfirgnæfandi meirihluti telur að heilbrigðisþjónusta, menntun og öryggi barna sé betri nú en þegar foreldrar þeirra voru börn.

Þrátt fyrir þessa bjartsýni eru ungmenni fjarri því að vera „barnaleg“ í sýn sinni á samfélagsmein nútímans. Þau lýsa áhyggjum sínum og óþolinmæði varðandi aðgerðir í

36%
upplifa kvíða

Rúmlega þriðjungur ungmenna segist oft upplifa áhyggjur eða kvíða og nærri einn af hverjum fimm segist oft finna fyrir þunglyndi og áhuga- og framtaksleysi.

78%
telja netið hættulegt

Meirihluti ungs fólks telur hættur steðja að börnum á netinu. 78 prósent þeirra telja ofbeldisfullt eða kynferðislegt efni hættulegt og 79 prósent óttast neteinelti.

77%
nota netið daglega

Hér sést kynslóðabilið glögglega en 77 prósent þeirra sem yngri eru sögðust nota internetið daglega á meðan aðeins 52 prósent þeirra sem komnir eru yfir fertugt gerðu það.

75%
vilja harðari aðgerðir í loftslagsmálum

Nær 75 prósent ungmenna, sem eru meðvituð um loftslagsbreytingar, telja að stjórnvöld eigi að grípa til harðari aðgerða. Þetta hlutfall er 83 prósent, í lág- og millitekjuríkjum þar sem áhrifin verða að líkum verst.

57%
telja heiminn fara batnandi

Unga fólkið lítur framtíðina bjartari augum en eldri samborgarar þess. Að meðaltali, í því 21 landi þar sem það var kannað, finnst 57 prósentum unga fólksins heimurinn fara batnandi með hverri kynslóð – á móti 39 prósentum þeirra sem eldri eru.

64%
telja að börn muni hafa það betra

64 prósent ungs fólks í lág- og millitekjuríkjum telja að börn í þeirra landi muni hafa það fjárhagslega betra en foreldrar þeirra. Í hátekjuríkjum er innan við þriðjungur svarenda á sama máli.

45%
nota samfélagsmiðla til upplýsingaöflunar

45 prósent yngri kynslóðarinnar sögðust nota samfélagsmiðla til upplýsingaöflunar á móti aðeins 17 prósentum þeirra eldri. Þau sem komin eru yfir fertugt eru líklegri til að nota sjónvarpið til að uppfræða sig um líðandi stund og treysta frekar en þau yngri á hefðbundnari miðla svo sem útvarp og dagblöð.

71%
vill jafnrétti fyrir LGBTQ+ samfélagið

Ungt fólk sýndi meiri stuðning við réttindabaráttu LGBTQ-fólks. En 71 prósent þeirra sagði mikilvægt að koma fram við þau á jafnréttisgrundvelli á meðan aðeins 57 prósent þeirra eldri svöruðu á þann hátt.

59%
upplifa pressu

59 prósent ungmenna telja að börn í dag lifi við meiri pressu til að gera betur en foreldrar sínir.

17%
treysta samfélagsmiðlum

Aðeins 17 prósent ungmenna segja að hægt sé að treysta samfélagsmiðlum til að finna réttar upplýsingar.

58%
vilja meiri hlustun

Að meðaltali töldu 58 prósent ungmenna á aldrinum 15-24 ára að mjög mikilvægt væri fyrir þjóðarleiðtoga að hlusta á börn.

Sumaya Mahdi, 14 ára ára Súdani, var ánægð með að komast aftur í skólann sinn eftir að hann var lokaður í átta mánuði vegna heimsfaraldurs. Hana dreymir um að stunda háskólanám í læknisfræði í framtíðinni. MYND/UNICEF

Nemendur í barnaskóla í Jemen rétta áhugasamir upp hönd. Skólinn þeirra er aftur á móti slysagildra enda húsnæðið óklárað, án glugga, hurða og snyrtinga.

Vilja að stjórnvöld hlusti á þau

Niðurstöðurnar sýna einnig að ungmenni eru óþreyjufyllri eftir árangri í baráttunni gegn hvers kyns mismunun, meira samstarfi milli þjóða og að stjórnvöld hlusti á þau.

þágu hamfarahlýnunar, þau eru gagnrýnin á þær upplýsingar sem haldið er að þeim á samfélagsmiðlum og glíma einnig við erfiðar tilfinningar á borð við þunglyndi og kvíða. Börn og ungmenni eru mun líklegri en eldri kynslóðir til að líta á sig sem heimsborgara og eru opnari fyrir alþjóðlegu samstarfi í baráttunni gegn hættum eins og heimsfaraldri Covid-19.

„Það er enginn skortur á ástæðum til svartsýni í heiminum í dag: Hamfarahlýnun, heimsfaraldur, fátækt og misskipting, aukið vantraust og þjóðernishyggja. En hér er ástæða til bjartsýni: Börn og ungmenni neita að horfa á heiminn í gegnum sömu svartsýnisgleraugun og fullorðnir,“ segir Henrietta Fore, framkvæmdastjóri UNICEF. „Í samanburði við eldri kynslóðir er æska heimsins vongóð, alþjóðlega þenkjandi og staðráðin í að gera veröldina að betri stað. Unga fólkið í dag hefur vissulega áhyggjur af vandamálum framtíðarinnar en sér sig frekar sem hluta af lausninni þar á.“ ■

JÓLAGJAFIR FYRIR SÆLKERA

Gefðu skemmtilega upplifun í mat og drykk

Gjafabréf sem gildir á
fimm af vinsælustu veitingastöðum Reykjavíkur

Veldu upphæð; 5.000, 10.000, 15.000, 20.000 eða 25.000 kr.
og gjafabréfið gildir í fimm ár á; Fjallkonan Krá & Kræsingar,
Tapasbarinn, Sæta Svínið Gastropub, Sushi Social
og Apotek Kitchen+Bar

Gjafabréfin fást á öllum stöðunum og á **gefum.is**

FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR

Tapas Barinn

Sæta svínið
GASTROPUB

sushi social

APOTEK
KITCHEN+BAR

Robin klementínur og appelsínur

Ný uppskera

895
kr./ks.

Robin klementínur
2,3 kg - frá Spáni

295
kr./kg

Robin appelsínur
ný uppskera frá Spáni

BÓNUS

Afgreiðslutími á bónus.is

Verð gildir til og með 21. nóvember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Nú tökum við
sunnudagana snemma

Opnum allar búðir kl. 10

Sigurður Héðinn Harðarson, Siggi Haugur, er einn fremsti fluguhnýtingamaður landsins. Hann gerði fyrstu fluguna sína, Hauginn, árið 1999 og hefur ekki litið til baka síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Laxeldi í sjó er tímaskekkja

Þorvarður Pálsson
thorvardur@frettabladid.is

Sigurður Héðinn Harðarson, einn fremsti fluguhnýtingamaður landsins, hefur gefið út þrjár veiðibækur á jafnmörgum árum og liggur ekki á skoðunum sínum, sérstaklega þegar kemur að framtíð íslenska laxastofnsins.

Sigurður Héðinn, betur þekktur sem Siggi Haugur, opnaði fluguhnýtingaverkstæði og verslun við Rauðarárstíg í febrúar í fyrra. Hann er heimsþekktur í bransanum og hnýtti sína fyrstu flugu árið 1999 sem ber nafnið Haugur. Nafnið kom til þar sem flugan var hnýtt úr haug af afgöngum og er viðurnefni hans þaðan komið. Síðan þá hefur Siggi skapað sér sérstöðu sem einn fremsti fluguhnýtingamaður landsins og þótt víðar væri leitað.

Nú fyrir jólin gaf Siggi út bókina Veiði, von og væntingar, þar sem hann fjallar um veiðitækni, birtir fluguuppskriftir og fjallar um framtíð íslenska laxastofnsins.

Siggi er borgarbarn en flutti í sveit á áttunda áratugnum sem barn með móður sinni og systkinum. Móðir hans gerðist ráðskona á sveitabæ í Vestur-Húnavatnssýslu og giftist svo bónda þar. Hann segir að frá því að hann renndi fyrst fyrir fisk í Víðidalsá, einni þekktustu laxveiðiá landsins, hafi veiðin átt hug hans allan. „Þá byrjaði bullið," segir Siggi. Síðan þá hefur hann starfað sem veiðileiðsögumaður en ein ástæða þess að hann opnaði verkstæðið var að hann vildi sjá Reykjavík í júlí en það hafði hann ekki gert í þrjátíu ár. Hann segir það hins vegar lítið hafa breyst þar sem hann vinni myrkranna á milli. „Dætur mínar þekkja ekkert annað."

Opnaði viku fyrir Covid

Hugmyndin að verslunni kviknaði á fluguhnýtingakvöldi í febrúar árið 2019. Þá segist hann hafa áttað sig á að hér væri markaður fyrir slíkan rekstur. „Ég horfði yfir salinn og hugsaði: Þetta er geðveikt tækifæri. Ég opnaði viku fyrir Covid og hugsaði: Hvað er ég nú búinn að koma mér út í? Það fyndna er að Covid hafði engin áhrif og fyrsti mánuðurinn fór fram úr öllum væntingum," segir Siggi.

Þrátt fyrir að Haugur sé sköpunarverk Sigga segir hann aðra framleiða fluguna í óþökk sinni. „Það er vandamálið sem ég á við að stríða. Það er ekkert launungarmál. Ég á Hauginn. En það eru allir að framleiða þetta og selja. Þetta er eins og ég tæki lag eftir Bubba og henti á plötu. Ég held að það yrði hröð leið niður í héraðsdóm. Menn segja að þetta sé bara fluga en í mínum huga er þetta sköpun. Það er frekar fúlt þegar menn taka sér þetta bessaleyfi."

> Af hverju er þá viðurkennt að vera með laxeldi í sjó, vitandi það að þetta er tifandi tímasprengja?

Gæði minnka og verð hækkar

Siggi segir að í faraldrinum hafi áhugi Íslendinga á stangveiði og fluguhýtingum aukist gríðarlega, mikil nýliðun sé í sportinu og konum hafi fjölgað. Hann segir verð á veiðileyfum þó vera vandamál og koma í veg fyrir að hinn venjulegi Íslendingur geti stundað stangveiði. „Það er eiginlega búið að skáka okkur út af borðinu í laxveiðinni. Við erum aftur komnir inn á jaðartímana, endann og byrjunina á veiðitímabilinu. Gæðin eru alltaf að minnka en verðið er alltaf að hækka," segir hann.

„Þetta er rosalega stórt samfélag, miklu stærra en fólk heldur. Þetta eru tugir þúsunda manna, bæði karlar og konur, sem stunda þetta sport sem er í gríðarlegri sókn, sér í lagi silungsveiði." Á undanförnum árum hefur nálgun fólks að stangveiði breyst. „Þetta eru ekki bara einhverjar fyllerísferðir. Fólk er að fara að veiða. Það er til batnaðar."

Konan kaffiskaði karlinn

Þrátt fyrir að fleiri konur stundi nú stangveiði er hún enn nokkuð karllæg. „Ég veit ekki hvaða hindrun það er sem þarf að brjóta. Það virðist sem það sé skrýtið viðhorf hjá karlkyns veiðimönnum, ef það kemur kona inn: „Hvað ert þú að vilja upp á dekk?" Konur eru miklu meiri „predatorar" en við, það er miklu meira frumeðli í konunni en í karlmanninum. Við erum að leika okkur en þær eru að afla sér matar. Þetta er alls ekki meint á neikvæðan hátt. Ég hef verið með hjón þar sem konan hlustaði á allt sem ég sagði og hún kaffiskaði karlinn. Karlinn ætlaði að gera þetta á sinn hátt því hann var „macho". Ég var með þau í sex daga, hún var með 22 fiska en hann níu eða tíu."

> Konur eru miklu meiri „predatorar" en við, það er miklu meira frumeðli í konunni en í karlmanninum.

Laxeldi í sjó galin hugmynd

Miklar umræður hafa verið um laxeldi í sjó og áhrif þess á íslenska laxveiðistofninn. Siggi hefur á þessu sterkar skoðanir.

„Ég er algjörlega talsmaður þess að við eigum ekki að vera með laxeldi í sjó – Þetta er bara galin hugmynd. Það eru nokkur samtök sem berjast gegn þessu og ég spyr þeirrar áleitnu spurningar: Hvar eru Bændasamtökin? Af hverju heyrist ekkert frá þeim? Það eru 1.850 lögbýli sem hafa tekjur af laxveiði eða stangveiði. Af hverju heyrist ekkert í þeim? Er þetta eitthvað sem þeir þora ekki að taka á?"

Siggi segist alltaf spyrja á veitingastöðum hvaðan laxinn, sem þar sé í boði, sé fenginn og panta sér aldrei slíkt ef fiskurinn er úr sjóeldi. Eldisfyrirtækin þurfi að átta sig á að valdið sé neytenda og þeir séu margir hverjir reiðubúnir að borga hærra verð fyrir fisk sem alinn er á landi.

„Tíðarandinn hefur breyst, það hefur allt breyst, það er allt að breytast og það er eðli þróunarinnar. Það koma nýjar hugmyndir, nýjar áherslur. Þess vegna er laxeldi í sjó tímaskekkja að mínu viti. Ég veit vel að það er miklu ódýrara fyrir fyrirtækin að vera með eldi í sjó. Ætlarðu að stúta einni atvinnugrein fyrir aðra? Kannski er laxeldið verðmætari atvinnugrein en stangveiði. Þá verðum við að hugsa til þess: Hver er fórnarkostnaðurinn? Hvað gerist ef eitthvað fer úrskeiðis?"

Huga þarf að öðru en hagnaði

„Við getum leyst stóran hluta af loftslagsvánni með því að setja kjarnorkuver um alla Evrópu. Kjarnorka er ódýrasta og hreinasta orka sem þú færð en ef eitthvað gerist, þá erum við „fucked up". Þetta er það nákvæmlega sama, ef þú setur þetta allt í samhengi þá er þetta allt svo bilað. Það er ekkert viðurkennt að opna kjarnorkuver í gegnum alla Evrópu og framleiða þannig ódýrustu orku sem til er, út af hættunni. Af hverju er þá viðurkennt að vera með laxeldi í sjó, vitandi það að þetta er tifandi tímasprengja? Við höfum dæmi frá Noregi, frá Skotlandi, frá Síle, fullt af þessum dæmum. Það er ekkert sem breytir hegðun fyrirtækja, þau eru peningadrifin – ekkert annað. Þau keyra áfram á hagnaði og gera allt til að auka arðsemi. Það er tímaskekkja."

Ísland er Mekka stangveiðinnar

Hann segir mikið undir og að tryggja þurfi að Ísland haldi sérstöðu sinni sem stangveiðiáfangastaður á heimsmælikvarða.

„Ísland er Mekka stangveiðinnar. Það er bara þannig. Við höfum allt sem við þurfum að hafa. Af hverju getur ekki verið sátt um að við verndum þessa atvinnustarfsemi, hugsum um hana? Af hverju getum við ekki fengið heildræna mynd á þetta og ákveðið að laxeldi í sjó á Íslandi sé bannað? Alveg eins og það er bannað að vera með netaveiði í sjó nálægt laxveiðiám. Hver er munurinn?" spyr Siggi. „Við megum ekki drepa lax í sjó. Ef við ætlum að fara alveg eftir strangri túlkun laganna, þá væri tæknilega hægt að segja að laxeldi í sjó sé ólöglegt af því að þú drepur laxinn í sjónum. Þetta er bara svona fílósófía.

Það breytist ekki öðruvísi en að lagaramminn breytist. Ég veit vel, alveg sama hvaða stjórnmálaflokkur það er, að hann fer ekki inn í Norðvesturkjördæmi með slagorðið: „Segjum nei við laxeldi í sjó." Það væri pólitískt sjálfsmorð. Þú þarft ekki að vera rosalega skarpur til að sjá það. Pressan þarf að koma annars staðar frá. Það átti að drjúpa smjör af hverju strái út af laxeldi en svo koma sláturskip frá Noregi, slátra fiskinum og sigla í burtu, þurfa ekki að borga hafnargjöld, þurfa ekki að gera neitt," segir hann að lokum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 20. nóvember 2021

Dásamleg súpa á köldu vetrarkvöldi.

Ekta vetrarsúpa

starri@frettabladid.is

Fátt er betra á köldu vetrarkvöldi en ilmandi og matarmikil súpa.

Kraftmikil súpa
fyrir 6

2 msk. olía
1 laukur, smátt saxaður
3 gulrætur, skornar í litla bita
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
450 g kartöflur
2 tsk. tómatkraftur
2 dósir af tómötum
1 bolli brúnar linsur
½ tsk. paprikuduft
½ tsk. þurrkuð basilíka
½ tsk. þurrkað óreganó
¼ tsk. svartur pipar
4 bollar grænmetissoð
2 msk. sojasósa

Setjið lauk, hvítlauk, gulrætur og olíu í stóran pott. Steikið við miðlungshita þar til laukurinn er mjúkur. Á meðan eru kartöflur flysjaðar og skornar í litla munnbita. Bætið tómatkrafti í pottinn og látið krauma í 2-3 mínútur. Bætið næst kartöflum, tómötum, linsum, soði og kryddi út í. Sjóðið við vægan hita í 40 mínútur eða þar til linsurnar eru mjúkar. Í lokin er sojasósan sett út í og súpan smökkuð til með salti. Berið fram með góðu brauði. ■

Guðlaugur Sigurðsson lenti í alvarlegu vinnuslysi þegar hann var til sjós árið 2010. Hann slasaðist illa og hefur barist við slæma verki. Honum líður betur og lífsgæðin hafa batnað til muna eftir að hann fór að taka Active Joints frá Eylíf. Hann mælir með því að fólk sem finnur fyrir verkjum prófi. MYND/AÐSEND

Loksins tekst Guðlaugi að hreyfa sig án mikillar fyrirhafnar

Guðlaugur Sigurðsson segir að eftir að hann kynntist Active Joints frá Eylíf hafi lífsgæði hans breyst mjög til batnaðar. Hann getur staðið upp án fyrirhafnar og gengið óstuddur upp og niður tröppur. Eylíf vörulínan samanstendur af fjórum bætiefnum. 2

Guðlaugur segist stundum gleyma spelkunni eftir að hann byrjaði að taka inn Active Joints. MYND/AÐSEND

„Ég get því hiklaust mælt með Active Joints frá Eylíf. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreytist því ekki á að dásama þessa vöru," segir Guðrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mælir heils hugar með Active Joints

Guðlaugur Sigurðsson lenti í alvarlegu vinnuslysi þegar hann var til sjós árið 2010. Hann slasaðist svo illa að hann var óvinnufær á eftir. Afleiðingarnar voru slæmir stoðverkir víðs vegar um líkamann.

„Ég var heppinn að fá spelku frá Össuri þannig að ég gat sinnt daglegum athöfnum. Spelkan var eins konar lífsbjörg fyrir mig á þeim tíma. Eftir slysið var ég stöðugt með verki og átti erfitt með svefn vegna verkjanna," útskýrir Guðlaugur.

Það var eiginkona hans sem sá auglýsingu um Active Joints frá Eylíf. „Hún ákvað að kaupa fyrir mig þetta fæðubótarefni í haust og ég verð að viðurkenna að eftir aðeins viku var ég farinn að finna mun á líkamlegri getu. Það var í raun alveg ótrúlegt og mér finnst gaman að segja frá þessari bættu líðan minni," segir hann.

Guðlaugur segist stundum gleyma að setja á sig spelkuna þegar hann fer út í göngutúr. „Ég get orðið gengið upp og niður stiga án þess að styðja mig við handriðið eða þegar ég stend upp frá borði eða úr sófanum. Ég myndi segja að það væri kraftaverk frá því sem áður var. Frá því ég kynntist Active Joints frá Eylíf hef ég tekið þrjú hylki á dag. Ég dreifi inntökunni yfir daginn með máltíðum. Þótt fötlun mín eftir slysið hafi ekki horfið þá er ég engu að síður gangandi um glaður í bragði. Mér líður betur og það er góð upplifun. Ég get því alveg mælt heils hugar með Active Joints," segir hann.

Eylíf vörulínan samanstendur af þremur mismunandi fæðubótarefnum, Active Joints, Stronger Bones og Smoother Skin & Hair.

Bætir bæði húð og hár

Nýjasta bætiefnið frá Eylíf er Smoother Skin & Hair sem styður við heilbrigði húðar og hárs með íslenskum, náttúrulegum hráefnum. Það hefur auk þess góð áhrif á orkubúskapinn og meltingu.

Jóhanna Björnsdóttir hefur prófað Smoother Skin & Hair og segist ekki ætla að hætta að taka það. „Eftir að ég fór að taka inn Smoother Skin & Hair fór ég að finna miklar breytingar á bæði hári og nöglum, ásamt því að vera orkumeiri allan daginn. Ég fékk staðfestingu á því frá klipparanum mínum til margra ára, hárið mitt er í extra góðu standi."

Smoother Skin & Hair

- Mýkir húðina og hárið og styrkir neglur.
- Inniheldur kollagen, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica, vítamín A, B2, B6, C, D3, bíótín, níasín, kopar, zink, joð, selen og magnesíum. ■

Guðrún Jónsdóttir segist hafa fundið fyrir óþægindum í líkamanum árum saman.

„Þrátt fyrir að ég hafi farið í vel heppnaða hnéaðgerð hef ég verið gjörsamlega ónýt í líkamanum. Gat ekkert gengið vegna mikils sársauka. Ég fór til læknis og var greind bæði með vefja- og slitgigt," segir hún.

„Ég hef prófað að taka inn ýmiss konar náttúruefni sem áttu að hjálpa og sömuleiðis hef ég farið í endurhæfingu. Það hjálpaði mér talsvert, en óþægindin héldu áfram að hrjá mig," bætir hún við.

Sá umfjöllun frá Eylíf

Guðrún sá umfjöllun og ummæli um Active Joints frá Eylíf heilsuvörum. „Ég las innihaldslýsingar og þær hvöttu mig til að prófa. Einnig hafði vinkona mín mælt með Active Joints, svo það var ekkert annað í stöðunni en að prófa. Vá, hvað ég er þakklát, því eftir einungis tvær vikur var eins og ég væri leyst úr fjötrum, eða bönd hefðu verið skorin utan af mér. Allar mínar hreyfingar urðu auðveldari og sársaukalausar," segir hún.

Hefur bætt heilsuna

Guðrún segist finna örlítið fyrir öðru hnénu, en að öðru leyti sé þetta nýtt og betra líf. „Undanfarið hef ég ekki getað stundað æfingar vegna Covid-19. Það eru tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn Active Joints og ég get gengið um í dag, sem ég gat ekki áður með góðu móti. Fyrr í vetur hélt ég að ég væri útbrunnin, en svo er aldeilis ekki. Ég get því hiklaust mælt með Active Joints frá Eylíf. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreytist því ekki á að dásama þessa vöru," segir hún.

> **Fyrr í vetur hélt ég að ég væri útbrunnin, en svo er aldeilis ekki. Ég get því hiklaust mælt með Active Joints frá Eylíf. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt.**

„Ég hef deilt ánægju minni með öllum sem ég þekki og hafa áhuga á að bæta heilsuna. Ég ætla að halda áfram að nota þessar vörur enda finn ég mikinn mun á mér," segir hún. ■

Fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Krónunni, Nettó og á eylif.is þar sem er að finna nánari upplýsingar, en hægt er að fá fría heimsendingu.

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

MADSHUS

Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!

20%
afsláttur af gönguskíða-pökkum!

GG SPORT

Stingum af ...

Fæst einnig í: **Ísfell verslun** Húsavík & **Útisport** Akureyri

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardagar 11-15

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Alltaf vísir að sorg í jólatónlist

Tónlistarmaðurinn Óskar Logi Ágústsson hlakkar alltaf til jólanna og hlustar á fjölbreytta jólatónlist um hver jól. Hann sækir bæði í klassísk jólalög sem allir þekkja og minna þekkt lög, einnig lög sem eru ekki jólaleg en hann tengir samt við hátíðina.

Óskar Logi Ágústsson, gítarleikari og söngvari hljómsveitarinnar Vintage Caravan, er einn hæfileikaríkasta gítarleikari landsins og varð nýlega yngsti handhafi heiðursverðlaunanna Gullnöglin. Það er lítið fram undan hjá honum annað en að undirbúa tónleika næsta árs, svo að hann fær gott tóm til að njóta jólanna og hlusta á uppáhalds jólatónlistina sína.

„Ég er með hugann við Evróputúrinn okkar í febrúar og mars og að læra öll lögin með Trúbroti fyrir 50 ára afmælistónleika Lifunar í apríl, þar sem Vintage Caravan er að fara að flytja lög sveitarinnar með Magga Kjartans, Gunnari Þórðar, Stefaníu Svavars, Stebba Jak og fleirum," segir Óskar. „Trúbrot er uppáhalds íslenska hljómsveitin mín og það var ákveðinn hápunktur á ferlinum þegar við fluttum Lifun á Eistnaflugi 2015 með Magga Kjartans, svo ég er mjög spenntur.

Tónleikaferðalagið er svo fyrir Monuments-plötuna okkar, sem kom út í vor. Við förum með félögum okkar í Volcanova til meginlands Evrópu og Bretlands og spilum á sirka 28 tónleikum á fjórum vikum," segir Óskar. „Þetta verður krefjandi, því við erum að spila í um 90 mínútur í hvert skipti og það er krefjandi að spila þetta efni. Á svona tónleikaferðalagi geri ég lítið annað en að spila og hvíla mig til að halda röddinni góðri. Ég þarf líka að beita alls konar brögðum til að viðhalda henni og passa mig að tala ekki of mikið og tala ekki yfir tónlist né í flugvélum. Maður er hljóðfæri og getur ekki bara stillt sig eða skipt um strengi. Ég fæ líka alltaf stórkostlegt ógeð á engifertei eftir hvert tónleikaferðalag."

Óskar er ekki með neitt sérstakt á prjónunum um þessi jól, hann ætlar bara að eiga gleðileg jól með fjölskyldunni sinni og Hendrix, hundinum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Yngstur til að fá Gullnöglina

Óskar varð þess heiðurs aðnjótandi að fá Gullnöglina fyrir skömmu.

„Þetta eru gítarheiðursverðlaun á vegum Björns Thoroddsen og Guitarama gítarveislunnar. Margir af mínum uppáhalds gítarleikurum hafa fengið þau á undan mér, þar á meðal Tryggvi Hübner, fyrsti gítarkennarinn minn. Það er ótrúlegur heiður að vera kominn í þennan hóp og ég var eiginlega í hálfgerðu losti þegar mér var sagt að ég fengi verðlaunin," segir Óskar. „Ég er ótrúlega ánægður með þetta og þetta er mikil viðurkenning. Ég er víst líka yngsti verðlaunahafinn og það er gaman að fá svona klapp á bakið. Það hvetur vonandi aðra unga gítarleikara til dáða.

Ég er mjög þakklátur Birni Thoroddsen, Þorsteini Gunnarssyni og Gunnari Erni gítarsmiði fyrir þessa viðurkenningu og kann mikið að meta hana," segir Óskar.

Elly og Vilhjálmur syngja jólin inn á aðfangadag

Óskar segist vera jólabarn og vera farinn að hlakka til.

„Þetta er alltaf gleðihátíð og hátíð ljóssins, en það er samt alltaf svona smá vísir að einhverri sorg í tengslum við jólin. Þetta er líka í miklu af tónlistinni, það er mörg fræg jólalög moll-leg. En ég kann að meta þetta og það fallegasta við þennan tíma er að maður verður svo tilfinningalega tengdur öllum í kringum sig," segir Óskar, sem er með nokkrar jólahefðir sem hann heldur sig við.

„Mér finnst gott að fara í bað klukkan 16 á aðfangadag og hlusta á góða jólatónlist. Klukkan fimm skelli ég plötunni Elly og Vilhjálmur syngja jólalög í gang á vínilspilaranum og hún fær að rúlla tvisvar eða þrisvar fram að mat," segir hann. „Það er líka hefð hjá mér að vera alltaf ógeðslega seinn í öllu og vera að redda jólagjöfum korter fyrir jól, þannig að það er líklegt að sjá mig á hlaupum á Þorláksmessu."

Hlustar á alls konar jólatónlist

Óskar segir að hann væri til í að gefa jólatónlistinni frí alveg fram í desember.

„Stundum kemst ég í jólaskap í nóvember eða október því það er byrjað að spila jólatónlist og svo er maður bara orðinn þreyttur á þessu áður en jólin koma. Þess vegna reyni ég að halda mig fjarri jólatónlist þar til í byrjun desember," segir hann. „En svo eru líka lög sem ég tengi við jólin og hlusta á um það leyti sem eru ekki jólatónlist. Til dæmis mikið af sólóefninu hans John Lennon. Ég tengi það við jólin 2008 þegar ég fékk Greatest Hits með John Lennon og hlustaði rosalega mikið á hana. Ég tengi þessa tónlist við nostalgíu og góða tíma, en það er líka smá sorgleg nostalgía í þessu og því tikkar þetta í sömu box og mikið af jólatónlist.

Uppáhalds jólalagið mitt er örugglega Jólin alls staðar af jólaplötunni með Elly og Villa. Það hlýtur að vera jólalegasta lag í heiminum og þegar ég heyri það þá líður mér eins og klukkan sé sex á aðfangadagskvöldi og finn ég strax fyrir hlýju," segir Óskar. „Svo er eitt minna þekkt jólalag sem ég er hrifinn af, það er Still There'll be More með Procol Harum. Það er hrikalegur texti í þessu lagi sem er ekki sérlega jólalegur, en þetta er rosa hresst og skemmtilegt jólalag um einhvern geggjaðan einstakling. Ég hlusta alltaf á þetta lag fyrir jólin og það kemur mér í fíling.

Ég er líka hrifinn af laginu Í skóginum stóð kofi einn. Ég man svo skýrt eftir að vera á leikskólanum svona þriggja ára og búa til bíómynd í hausnum um söguna í þessu lagi og alltaf þegar ég heyri það er ég kominn aftur á Krakkakot á Álftanesi með þessa bíómynd í hausnum," segir Óskar. „Mér þykir vænt um að það sé alltaf sama bíómyndin sem fer í gang.

Happy Xmas, War is Over með Lennon er svo eitthvert fallegasta jólalag sem ég hef heyrt og fer alltaf í gang á aðfangadag. Jólahjól er líka mjög gott, ég man alltaf eftir myndbandinu frá því þegar ég var krakki," segir Óskar. „Svo er það Last Christmas, sem er líka með þvílíkt gott myndband. Við systkinin syngjum það oft saman eftir að við borðum, það er mikil hefð fyrir því í fjölskyldunni að spila saman og syngja.

> **Það er alltaf svona smá vísir að einhverri sorg í tengslum við jólin. Þetta er líka í miklu af tónlistinni, það er mörg fræg jólalög moll-leg. En ég kann að meta þetta og það fallegasta við þennan tíma er að maður verður svo tilfinningalega tengdur öllum í kringum sig.**
>
> Óskar Logi Ágústsson

Svo er Fyrirgefðu að ég rotaði þig um jólin alveg geggjað. Ég veit ekki hversu oft ég hef hlustað á það í hláturskasti og það kemur mér líka í mikið jólaskap. Strákarnir í Blóðmör gerðu líka mjög góða ábreiðu af þessu lagi," segir Óskar. „Svo er það Run Rudolf Run með Chuck Berry, vini mínum. Öll Chuck Berry lög byrja eins en svo fer hann að tala um Rudolf og þá veit maður að jólin eru komin."

Erfitt að gera gott jólalag

Óskar segir að það hafi engin ný jólalög heillað hann í seinni tíð.

„Þetta er svo viðkvæm formúla. Um leið og þú kemur með bjöllurnar inn eru yfirgnæfandi líkur á að þetta verði hallærislegt. En það eru náttúrulega góð stefgjöld í því að gera gott jólalag svo ég skil að fólk geri heiðarlega tilraun," segir hann. „Ég á bara eftir að heyra vel heppnaða tilraun.

Ég man samt að mér fannst lagið Do They Know it's Christmas með Band Aid leiðinlegt, en núna fer ég að dilla mér ef ég heyri það. Það er nýjasta viðbótin við jólalagalistann minn," segir Óskar. „Við vorum reyndar líka beðnir um að spila jólalag á Xmas-tónleikum X-ins árið 2019 en við leystum það bara með því að kynna lagið Expand Your Mind sem Expand Your Christmas Spirit. Það hlógu allavegana svona fimm í salnum." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Securitas leitar að útibússtjóra á Reykjanesi

Útibússtjóri er ábyrgur fyrir rekstri útibúsins ásamt samskiptum, sölu og þjónustu við viðskiptavini.

Við viljum liðsfélaga sem leiðir kraftmikinn hóp í fjölbreyttu og spennandi umhverfi. Búseta á svæðinu er mikill kostur.

Hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun
- Reynsla af sambærilegum rekstri
- Þekking og hæfni í stýringu viðskiptatengsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni
- Menntun sem nýtist í starfi eða önnur víðtæk reynsla

SECURITAS

Hlutverk Securitas er að stuðla að öruggara samfélagi með gildi fyrirtækisins að leiðarljósi sem eru árvekni, heiðarleiki og hjálpsemi. Þjónustuframboð Securitas spannar öll svið öryggisgæslu, fjargæslu ásamt öryggisvörum og búnaði. Við erum þjónustufyrirtæki á sviði öryggismála og forvarna sem veitir starfsfólki ávallt tækifæri til starfsþróunar.

Umsóknarfrestur er til og með 2. desember.

Sótt er um starfið á **www.hagvangur.is**.

Nánari upplýsingar veitir:
Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is

hagvangur.is

HAGVANGUR



DEILDARSTJÓRI REIKNINGSHALDS

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Vegna aukinna umsvifa og upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla leitar Ölgerðin að jákvæðri, metnaðarfullri og duglegri manneskju til að leiða reikningshald Ölgerðarinnar. Deildarstjóri reikningshalds ber m.a. ábyrgð á mánaðarlegu stjórnendauppgjöri og ársfjórðungslegu samstæðuuppgjöri ásamt því að taka þátt og hafa frumkvæði að umbótaverkefnum hjá fyrirtækinu.
Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra fjármála- og mannauðssviðs.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á reikningsskilum og uppgjörsvinnu
- Þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)
- Góð kunnátta í Excel; þekking á Dynamics AX fjárhagskerfinu er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa í teymi
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi, hlynur@hagvangur.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til og með 29. nóvember nk.

Sótt er um starfið á **hagvangur.is**

JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

bsi. ÍST 85:2012 Equal pay management system

Fjögur gildi marka hegðun okkar og ákvarðanir: **Jákvæðni**, **áreiðanleiki**, **hagkvæmni** og **framsækni**. Mat við ráðningar styðjast við þessi grunngildi Ölgerðarinnar.

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtæki á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Hjá fyrirtækinu starfar fjölbreyttur hópur af kraftmiklu, skapandi og framsæknu starfsfólki. Við stefnum að því að aldrei verði hærra hlutfall en 60% af einu kyni í stjórnunarstöðum.

Við erum stöðugt að vinna að umbótum í rekstri og nýtum stafræna tækni til að skapa okkur samkeppnisforskot.

Við viljum vaxa með hagkvæmum og sjálfbærum hætti.

Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyrr en aðrir.

Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar, neytendur, starfsfólk og eigendur.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. Grjóthálsi 7–11, 110 Reykjavík. Sími 412 8000 www.olgerdin.is

ísey SKYR

Ísey útflutningur ehf. markaðsetur Ísey skyr erlendis. Starfsemin er ört vaxandi og í dag er íslenskt skyr fáanlegt á 18 mörkuðum.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

Verkefnastjóri vöruþróunar

Ísey útflutningur ehf. leitar að drífandi og skipulögðum einstaklingi í stöðu verkefnastjóra vöruþróunar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Leiðir vöruþróunarteymi Ísey útflutnings ehf.
- Þróun á nýjum vörum og leiðir endurbætur á núverandi vörum.
- Samskipti við framleiðslueiningar og erlenda samstarfsaðila tengd vörunýjungum.
- Umsjón og utanumhald á vöruupplýsingum.
- Umsjón gæðamála.
- Hönnun og uppsetning umbúða í samvinnu við auglýsingastofu og umbúðabirgja.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntun og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, matvæla- og/eða næringarfræði.
- Reynsla í vöruþróun og matvælaframleiðslu æskileg.
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni og dugnaður.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð enskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

KLASI

- ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í ÞRÓUN FASTEIGNA

Félagið stýrir þróun, hönnun og uppbyggingu fasteignaverkefna ásamt því að vinna að þróun nýrra svæða á skipulags- og framkvæmdastigi. Stefna félagsins er að vera leiðandi á sviði fasteignaþróunar á Íslandi og fyrsti kostur aðila þegar leitað er eftir samstarfi á því sviði.

Félagið vinnur nú meðal annars að hönnun og framkvæmdum verkefnisins 201 Smára í Kópavogi þar sem verða tæplega 700 íbúðir auk þjónustu. Jafnframt er verkefnið Borgarhöfði í undirbúningi þar sem byggðar verða um 1.200 íbúðir auk skrifstofu-, verslunar- og þjónustuhúsnæðis.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).

Verkefnastjóri | Verkstjóri

Verkefnastjóri á þróunarsviði

Klasi leitar að stórhuga verkefnastjóra sem hefur brennandi áhuga á fasteignaþróun.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með skipulagsverkefnum.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Hönnunarstýring og greining verkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegum störfum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Verkstjóri byggingaframkvæmda

Klasi leitar að kraftmiklum aðila til að sinna almennri verkstjórn framkvæmdaverkefna.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn umsjón verkstaðar.
- Tímaskráningar.
- Umsjón með aðföngum og öryggismálum verkstaðar.
- Umsjón með undirverktökum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Góð reynsla af verkstjórn.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Tölvukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember nk.

Sótt er um störfin á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

We are expanding our team!

DOHOP

Who are we?

- We are Dohop, an Icelandic travel tech company, creating travel connections since 2004.
- Our goal is to be the world's leading connectivity provider for any scheduled transport by 2030.
- We look after our mental and physical health, and enjoy hiking, biking, and other out-doorsy things as much as we enjoy a nerdy night in playing Dungeons and Dragons.
- We are there for one another, and we show up for each other when needed.
- We are driven, and we do our best. Done is better than perfect, but we continuously strive for improvement in everything we do.
- We work with some of the world's biggest airlines such as easyJet, Eurowings, Air France, Air Transat and Transavia.

Who are you?

- You are fun, don't take yourself too seriously, and you're not afraid to make mistakes or make a fool of yourself every now and then.
- You are welcoming, you know and appreciate that people come from different experiences, and treat everyone with respect regardless of their position in life.
- You are driven, ambitious, and hard working. You work towards your goals, both in your personal life and at work.
- You are solution oriented and don't mind asking difficult questions. Where others see challenges, you see opportunities.
- You are open-minded: You know your own limitations, which is why you are open minded and willing to try new things.
- You know that sometimes taking a step back is necessary to move forward, and that sometimes the weirdest ideas make the best solutions.

Sounds like you? Take a look at our open roles below!



The closing date for applications is **December 6, 2021**. Applications should be completed at **www.intellecta.is**. Please attach a CV and an introduction letter with the application. All applications are strictly confidential and will be answered. **Detailed information regarding the positions and Dohop can be found at www.intellecta.is and www.dohop.com/careers.**

Further information can be provided by Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) and Einar Örn Ævarsson (einarorn@intellecta.is).

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Sviðslistamiðstöð Íslands

Framkvæmdastjóri

Sviðslistamiðstöð Íslands gegnir því hlutverki að styðja íslenskar sviðslistir og auka sýnileika þeirra og hróður innanlands sem utan.

Tilgangi sínum hyggst miðstöðin ná með öflugu kynningarstarfi og sértækum átaksverkefnum sem hvetja til alþjóðlegra tengsla sviðslistafólks og -stofnana á Íslandi. Sviðslistamiðstöð veitir upplýsingar, sinnir fræðslu og annast námskeiðahald.

Að Sviðslistamiðstöð standa 17 stofnanir og fagfélög sem saman mynda hryggjarstykkið í íslenskum sviðslistum. Sviðslistamiðstöð er sjálfseignarstofnun. Hún var formlega sett á laggirnar í október 2021. Hún hefur sérstaka stjórn sem ber ábyrgð á rekstrinum og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem vinna samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sviðslistamiðstöð Íslands óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.

Starfssvið viðkomandi er stefnumótun Sviðslistamiðstöðvar í samráði við stjórn, daglegur rekstur og uppbygging miðstöðvarinnar.

Leitað er að einstaklingi með þekkingu og brennandi áhuga á sviðslistum og reynslu af störfum í menningargeiranum. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Víðtæk reynsla af alþjóðlegu starfi í heimi sviðslista og sterkt tengslanet á þeim vettvangi.
- Reynsla af rekstri og verkefnastjórnun.
- Leiðtogahæfni og lipurð í samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Drifkraftur og hæfni til að hrinda verkefnum í framkvæmd.
- Ögguð vinnubrögð og lausnamiðuð nálgun í starfi.
- Góð tungumálakunnátta.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

DEILDARSTJÓRI Á LYFJASVIÐI ICEPHARMA

ICEPHARMA LEITAR AÐ SÖLUDRIFNUM OG METNAÐARFULLUM LIÐSMANNI TIL AÐ LEIÐA EINA AF SÖLUDEILDUM SAMHEITALYFJA

Ert þú leiðtogi með reynslu af lyfjamarkaði, viðskiptum og markaðsstarfi? Ertu góður liðsfélagi og fær um að starfa í flóknu og þverfaglegu umhverfi? Þá gætum við verið að leita að þér til að taka við spennandi starfi sem deildarstjóri hjá Icepharma.

Icepharma býður upp á fjölbreytt og hratt vaxandi vöruúrval samheitalyfja frá stórum alþjóðlegum lyfjafyrirtækjum. Starf deildarstjóra felst í því að styrkja stöðu okkar birgja á íslenskum lyfjamarkaði eftir þremur meginleiðum:

- Að vinna að vexti og aukinni markaðshlutdeild samstarfsaðila
- Að annast markaðssetningu lyfja, þátttöku í útboðum og samskipti við hagsmunaaðila
- Að greina og sækja tækifæri á markaði

Ennfremur felur starfið í sér þátttöku í verkefnum þvert á rekstrareiningar í nánu samstarfi við samstarfsfólk hjá Icepharma og móðurfélaginu Ósum.

HÆFNIKRÖFUR:

- Reynsla af markaðssetningu og sölu á heilbrigðisvörum eða lyfjum
- Góð þekking á samheitalyfjamarkaði er kostur
- Háskólamenntun í viðskiptum, heilbrigðisvísindum eða á öðru sviði sem nýst getur í starfi
- Mikil hæfni til að greina markaðinn og ný viðskiptatækifæri
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum/rafrænum samskiptum
- Hæfileikar til að vinna faglega, sjálfstætt og skipulega að skýrum markmiðum
- Reynsla af samningagerð
- Gott vald á íslensku og ensku

Umsóknir óskast fylltar út á vef Hagvangs, hagvangur.is. **Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember.** Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

icepharma



Spennandi ábyrgðarstörf

Isavia leitar að tveimur öflugum starfsmönnum í byggingadeild Mannvirkja og innviða. Við óskum eftir einstaklingum sem eru metnaðarfullir og drífandi og hafa brennandi áhuga á að starfa í síbreytilegu umhverfi á alþjóðaflugvelli.

Deildarstjóri bygginga

Við leitum að metnaðarfullum leiðtoga í hlutverk deildarstjóra byggingadeildar sem hefur reynslu af rekstri og viðhaldi bygginga. Deildarstjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri byggingadeildar en fasteignir á ábyrgðarsviði deildarinnar telja tæplega 140.000 m^2 og fer fjölgandi, en flugstöðvarbygging Keflavíkurflugvallar er þar stærst, um 70.000 m^2.

Helstu verkefni

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri bygginga
- Gerir viðhaldsáætlanir og fylgir þeim eftir
- Tryggir að lögbundin ákvæði séu uppfyllt, s.s. brunavarnir og byggingareglugerð
- Fylgir eftir stefnu sviðsins um eignastýringu
- Þátttaka og ráðgjöf við framkvæmdir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða byggingatæknifræði
- Farsæl stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni
- Reynsla af sambærilegu starfi við rekstur og viðhald bygginga og tæknikerfa
- Frumkvæði, þjónustulund, skipulögð vinnubrögð og framúrskarandi samskiptafærni

Umsjónarmaður öryggiskerfa

Við leitum að öflugum og traustum starfsmanni í starf umsjónarmanns öryggiskerfa. Viðkomandi hefur umsjón með aðgangsstýringu, myndaeftirlits-, öryggis-, hljóð- og brunakerfum Isavia á Keflavíkurflugvelli. Umsjónarmaður sér um daglega umsýslu kerfanna og tekur þátt í ákvarðanatöku innan sviðsins um viðbætur, endurnýjun og fjárfestingar í búnaði.

Helstu verkefni

- Rekstur og umsjón öryggiskerfa á Keflavíkurflugvelli
- Gerð og eftirfylgni rekstrar- og viðhaldsáætlana
- Úrvinnsla öryggisgagna
- Samskipti við notendur, birgja og aðra aðila
- Verkefnastjórn

Menntunar- og hæfniskröfur

- Nám á sviði rafeindavirkjunar, rafvirkjunar, kerfisfræði eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af rekstri öryggiskerfa er skilyrði
- Reynsla af gerð rekstrar- og viðhaldsáætlana
- Reynsla af verkefnastjórn og ferlavinnu

Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á www.isavia.is undir **Störf í boði** eða hjá Maren Lind Másdóttir, forstöðumanni Mannvirkja og innviða, **maren.masdottir@isavia.is.**

Sótt er um störfin á www.isavia.is undir **Störf í boði**.

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember nk.

Isavia er þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og flugleiðsögu og leggur grunn að öflugum flugsamgöngum. Hjá félaginu og dótturfélögum þess starfar samhentur hópur sem telur um þúsund manns.

isavia



NORÐURÞING ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA ÖFLUGAN FJÁRMÁLASTJÓRA

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í spennandi og krefjandi verkefnum hjá sveitarfélaginu. Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með áætlanagerð og uppgjöri sveitarfélagsins og samhæfingu verkefna á sviði fjármála. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri og er fjármálastjóri staðgengill hans.

Starfssvið:

- Ábyrgð á daglegri fjármálastjórn sveitarfélagsins
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Yfirumsjón með fjárreiðum, innkaupum og reikningshaldi
- Yfirumsjón með framlagningu árshluta reikninga og ársreikninga
- Greiningarvinna og miðlun upplýsinga til kjörinna fulltrúa og stjórnenda
- Samningagerð
- Samskipti við aðila innan og utan sveitarfélagsins
- Ýmis umbótaverkefni sem snúa m.a. að innleiðingu nýrra kerfa og gerð verkferla
- Ábyrgð á launavinnslu, umsjón og eftirlit með kjarasamningum og jafnlaunavottun
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði fjármála, viðskipta eða reksturs. Framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af reikningshaldi, áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Stjórnunarreynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Afar góð greiningarhæfni og færni í notkun upplýsingatækni
- Reynsla af samningagerð kostur
- Góð leiðtoga-, samskipta- og stjórnunarhæfni
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að miðla þekkingu og upplýsingum á íslensku og ensku
- Þekking á jafnlaunavottun er kostur

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Íbúar í Norðurþingi voru 3.030 þann 1. janúar 2021. Gert er ráð fyrir að fjármálastjóri hafi aðal starfsstöð sína á Húsavík.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Lind Einarsdóttir hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða í tölvupósti á netfangið, lind@fastradningar.is.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vefsíðunni www.fastradningar.is. Umsókninni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna sótt er um starfið og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 6. desember nk.

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Kennari

Verzlunarskóli Íslands auglýsir laust til umsóknar 100% starf efnafræðikennara á vorönn 2022.

Hæfnikröfur:

- Háskólapróf í raungreinum.
- Kennsluréttindi.
- Reynsla af kennslu í framhaldsskóla er kostur.

Við bjóðum:

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen skólastjóri.
Umsóknarfrestur er til 1. desember og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1000 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.

NEYTENDASTOFA

Lögfræðingur
Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Neytendastofa auglýsir eftir lögfræðingi til starfa fyrir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Um 100% starf er að ræða sem ráðið verður í frá 1. janúar 2022.

Helstu verkefni

- Starfssvið lögfræðings felst í allri umsýslu og utanumhaldi utan um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.
- Starfið er fjölbreytt og í því reynir á fjölmörg lögfræðilega áhugaverð álitaefni.
- Upplýsingagjöf og leiðbeiningar til þeirra sem til nefndarinnar leita, s.s. neytenda, fyrirtækja, annarra stjórnvalda, o.fl.
- Þátttaka og undirbúningur við gerð úrskurða nefndarinnar.
- Umsjón með rafrænni málsmeðferðargátt nefndarinnar, þ.m.t. aðgangsstýringar, aðstoð og leiðbeiningar til nefndarmanna og viðskiptamanna.
- Önnur tilfallandi lögfræðiverkefni, eftir því sem við getur átt.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Reynsla eða þekking á neytenda- og/eða kröfurétti er kostur
- Reynsla eða þekking á sviði stjórnsýsluréttar er kostur
- Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg og gott vald á ensku og þekking á einu norðurlandamáli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði, góð samskiptahæfni og metnaður í starfi
- Sjálfstæði og fagleg vinnubrögð

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkulegri samskiptafærni, sýna frumkvæði og nákvæmni við úrlausn mála, auk þess að stunda almennt fagleg, öguð og skipulögð vinnubrögð. Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika, þjónustulund og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í störfum fyrir nefndina.

Umsóknarfrestur er til og með 29. nóvember 2021.

Umsókn óskast fyllt út á www. starfatorg.is og skal fylgja prófskírteini, ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Um launakjör fer samkvæmt viðeigandi kjarasamningi opinberra starfsmanna. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nema umsækjandi óski skemmri tíma.

Nánari upplýsingar um starfið veita:
Hildur Ýr Viðarsdóttir, formaður Kærunefndar vöru- og þjónustukaupa í síma 5202900 eða netfang hildur@landslog.is og Þórunn Anna Árnadóttir, forstjóri Neytendastofu í síma 5101100 eða netfang thorunn@neytendastofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vestnordisk Råd søger Generalsekretær (Direktør)

Til tiltrædelse pr. 1. februar 2022, eller efter nærmere aftale, søges en generalsekretær til Vestnordisk Råd. Vestnordisk Råds sekretariat består til dagligt af den kommende generalsekretær samt en rådgiver, ansat i en halvtidsstilling. Sekretariatet er placeret i Reykjavik i Islands parlament, Althingi.

Vestnordisk Råd er en parlamentarisk samarbejdsorganisation mellem Løgtingið i Færøerne, Inatsisartut i Grønland og Alþingi i Island, som har til formål at samarbejde om vestnordiske interesser.

Arbejdsopgaverne er hovedsagelig faglig og administrativ støtte til Vestnordisk Råd, sagsforberedelse, opfølgning af Rådets beslutninger, planlægning og forberedelse af møder og konferencer, bistand til Rådet i dets internationale virksomhed samt kontakt og informationsformidling til medier og offentlighed.

Ansøgere skal besidde følgende kvalifikationer:

- Relevant videregående uddannelse på kandidat/master-niveau eller lignende. Uddannelse indenfor samfundsvidenskab eller jura er en fordel.
- Flydende dansk og engelskkundskaber. Beherskelse af et eller flere af de vestnordiske sprog.
- Gode mundtlige og skriftlige formidlingskompetencer.
- Evne til at arbejde selvstændigt, i et mindre team samt i en bredere organisatorisk forstand.
- Være arbejdsom, kreativ og initiativrig med personlig gennemslagskraft.
- Være udadvendt, servicemindet og i besiddelse af gode samarbejdsevner samt sociale og kontaktskabende egenskaber.

Derudover vil følgende kvalifikationer være en styrke:

- Erfaring med internationalt samarbejde.
- Erfaring fra parlamentarisk arbejde.

Løn og arbejdsvilkår fastsættes i henhold til gældende overenskomst. Stillingen besættes som åremålsansættelse med muligheder for forlængelse.

Eventuelle spørgsmål rettes til Generalsekretær **Sigurður Ólafsson på telefon nummer +354 56 30 731.** Yderligere information om Vestnordisk Råd findes på **www.vestnordisk.is**

Ansøgninger skal være på Vestnordisk Råds arbejdssprog som er dansk. Eventuelle jobinterviews vil foregå på dansk.

Ansøgningsfrist: Ansøgning vedhæftet CV og relevante dokumenter, sendes pr. mail til Altingets personalekontor **jobvnr@althingi.is** senest mandag den 6. december 2021.

Vestnordisk Råd er det formelle samarbejde mellem parlamenterne i Grønland, Færøerne og Island. Der sidder i alt 18 medlemmer i Rådet, 6 fra hvert parlament. Rådet blev stiftet 24.september 1985 i erkendelse af at de vestnordiske lande har fælles udfordringer og interesser. Rådets sekretariat blev etableret i 1997 og er placeret i Islands parlament i Reykjavik, Island.

VESTNORDISK RÅD

Viðskiptastjóri á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði

Arion banki leitar að öflugum og söludrifnum viðskiptastjóra á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið. Hlutverk sviðsins er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga auk stýringar á fjármögnunarverkefnum. Um er að ræða starf í teymi sem sinnir þjónustu við meðalstór og lítil fyrirtæki sem gera kröfur um gott samstarf, þekkingu og framúrskarandi þjónustu. Veitt er alhliða þjónusta í takt við þarfir hvers fyrirtækis. Þjónustan snýr að ýmsum tegundum fjármögnunar og almennri bankaþjónustu.

Helstu verkefni

- Stýring og ábyrgð á viðskiptasamböndum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Þjónusta, ráðgjöf og samskipti við viðskiptavini
- Umsjón með lánveitingum og annarri fjármögnun til viðskiptavina
- Greining á rekstri fyrirtækja

Hæfniskröfur

- Metnaður, drifkraftur og frumkvæði við öflun nýrra viðskiptavina
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldbær þekking á greiningu ársreikninga og áhugi á íslensku atvinnulífi

Nánari upplýsingar um starfið veita **Kristján Einarsson**, forstöðumaður á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði, **kristjan.einarsson@arionbanki.is**, og **Hanna María Pálmadóttir** mannauðsstjóri, **hanna.maria.palmadottir@arionbanki.is**

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2021.
Sótt er um starfið á **www.arionbanki.is**

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

arionbanki.is

Arion banki atvinna

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

BIOEFFECT

Markaðsþenkjandi ritstjóri

Ritstjóri BIOEFFECT

Við leitum að enskumælandi ritstjóra sem veit að hvert orð skiptir máli. Starfið felst í margvíslegum texta- og ritstjórnarverkefnum á fjölbreyttum miðlum fyrirtækisins. Framúrskarandi enskukunnátta í rituðu máli er skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi hafi áhuga á húðumhirðu og húðvörum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Afburðarhæfni á ensku rit- og talmáli
- Reynsla að vinnu við textagerð á ensku
- Marktæk reynsla af prófarkalestri á ensku
- Reynsla af prófarkalestri á íslensku er kostur
- Lausnamiðuð hugsun og fagmennska
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar veitir Elísabet Austmann, framkvæmdastjóri markaðssviðs, elisabet.austmann@bioeffect.com.

Sótt er um á alfred.is til og með 28. nóvember 2021.
Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

ORF Líftækni I **BIOEFFECT** I Víkurhvarfi 7 I Kópavogi I Bioeffect.is

Áreiðanleikasérfræðingur í hátækniframleiðslu

Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum einstaklingi í starf áreiðanleikasérfræðings. Álver Fjarðaáls er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum og mikið er af sjálfvirkum búnaði í stöðugri notkun. Áreiðanleikasérfræðingur vinnur að því að tryggja áreiðanleika búnaðarins með sérhæfðu ástandsgreiningarteymi sem styðst við margvíslegar mælingar og samanburð gagna. Fjarðaál er í samstarfi við leiðandi viðhaldsfyrirtæki í þróun sjálfvirkrar vöktunar á vélbúnaði í viðhaldskerfum.

Ábyrgð og verkefni

- Greina mikilvægi búnaðar
- Þróa mælikvarða fyrir áreiðanleika
- Tryggja réttar upplýsingar um búnað
- Rótargreiningar bilana og vandamála
- Reikna út kostnað og ávinning
- Stýra áreiðanleikaverkefnum
- Áætlanir og verklýsingar viðhaldsverka
- Greina viðhaldsgögn og vinna að umbótum
- Halda utan um varahlutalager

Menntun, reynsla og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem verkfræði, tæknifræði, iðnfræði eða tölvunarfræði
- Þriggja ára hagnýt starfsreynsla
- Vilji til að læra og þróast í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Geta til að skipuleggja og leiða verkefni
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gísli Gylfason á *gisli.gylfason@alcoa.com* eða í síma 470 7700. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á *www.alcoa.is*. **Umsóknarfrestur er til og með föstudeginum 3. desember.**

JAFNLAUNAMERKIÐ

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

Viltu vaxa með okkur?

LYFJAFRAMLEIÐSLUTÆKNAR
Starfsþjálfun í sérhæfð störf í framleiðslu

Alvotech býður upp á launaða starfsþjálfun lyfjaframleiðslutækna. Að þjálfun lokinni mun þeim sem uppfylla kröfur bjóðast framtíðarstarf í lyfjaframleiðslu innan fyrirtækisins.

Starfsþjálfunin er tilvalið tækifæri fyrir þau sem vilja skapa sér framtíð í líftækni-geiranum. Þjálfunin er hugsuð með þau í huga sem t.d. hafa ekki lokið háskóla-námi eða viðbótarnámi, starfa í framleiðslufyrirtækjum eða í heilbrigðisgeiranum, eða eru starfandi á rannsóknarstofu og hafa áhuga á að skipta um starfsvettvang.

Starfsþjálfun lyfjaframleiðslutækna er sex mánuðir að lengd og er unnin í vakta-vinnu rétt eins og störfin sem bjóðast að henni lokinni.

Umsóknarfrestur er til 6. desember 2021. Gert er ráð fyrir 10 starfsþjálfunarstöð-um. Áhugasöm eru hvött til að sækja um á **alvotech.com**.

Í ÞJÁLFUNINNI FELST:

- Verkleg þjálfun í helstu verkþáttum framleiðslu, eins og að keyra frumurækt í tönkum, próteinhreinsun með súlu-skiljun og síunarkerfum og í notkun rannsóknartækja.
- Skoðun á lyfjum í áfylltum lyfjaformum.
- Þjálfun í að vinna í hreinrýmum.
- Gæða- og gæðaeftirlitsþjálfun, GMP (Good Manufact-uring Practices).
- Kynning á almennu verklagi á rannsóknarstofum og við lyfjaframleiðslu.
- Þjálfun í skráningu og meðferð gagna.

HÆFNISKRÖFUR:

- Jákvæðni ásamt vilja og getu til að læra nýja hluti.
- Stúdentspróf, iðnpróf eða önnur menntun, s.s. sjúkraliði eða lyfjatæknir, er æskileg en ekki nauðsynleg.
- Reynsla af starfi á rannsóknarstofu eða starfi í mjög reglumiðuðu umhverfi er kostur.
- Nákvæmni og samviskusemi er æskilegur eiginleiki.
- Þekking á góðum framleiðsluháttum (GMP), skjala-reglum og hæfni til að fylgja skriflegum vinnuleið-beiningum er kostur.
- Enskukunnátta er mikilvæg.
- Íslenskukunnátta er ekki skilyrði.

Við höfum byggt upp fjölþjóðlegt fyrirtæki með höfuðstöðvar í hjarta Reykjavíkur, með 700 starfsmenn frá yfir 60 þjóðlöndum, þar sem áhersla er lögð á jafnrétti og fjölbreytileika. Við þrífumst á fjölbreyttri fyrirtækjamenningu, fögnum sérstöðu og leggjum metnað okkar í þátttöku allra og jafnrétti. Við erum stöðugt að bæta við nýjum störfum og hvetjum áhugasama til að fylgjast vel með á vef Alvotech.

BIOSIMILARS MANUFACTURING TECHNICIANS – Training program

Alvotech has designed a training program for those who are interested in a career in the biotech industry. This is a six-month paid training program starting in January 2022. Ten individuals will be admitted at a time and those who meet the training requirements will be offered a permanent position in Alvotech's drug manufacturing division. These positions are shift work positions and the training program also takes place in shifts.

This is an ideal opportunity for individuals who want to create a future in the biotechnology sector, for example those that have not completed a university degree or any other formal education, and individuals that currently work in manufacturing, service, the healthcare sector or laboratories.

The training program consists primarily of GMP awareness training, practical hands-on training and education. Individuals will acquire skills and competencies in all the basic aspects of working in the field of manufacturing of biosimilar medicine in Iceland.

THE TRAINING PROGRAM CONSISTS OF THE FOLLOWING:

- Getting a theoretical introduction to Drug substance Operations and Manual Visual inspection.
- Practical introduction to bioreactors, chromatography systems, filtration equipment and in-process lab instruments.
- Fundamentals of Visual inspections and their application to injectable products
- Clean room training.
- Good documentation practices, Compliance and Data Integrity.
- Good manufacturing training (GMP).

QUALIFICATIONS:

- We are looking for positive individuals with a desire to learn new things.
- No formal education is required, although vocational training or other education or training is desirable.
- Experience of laboratory work or work in a highly standardized environment is an advantage.
- Accuracy and attentiveness are desirable qualities.
- Knowledge of good manufacturing practice (GMP), documentation principles and the ability to follow written work instructions is an advantage.
- Good English language skills are necessary.
- Icelandic is not a requirement.

These are full-time training positions with the training being conducted in groups on shifts. If this sounds interesting to you, please submit your application no later than December 6th, 2021 on **Alvotech.com**

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

alvotech

Sérfræðingur í rannsóknateymi

Sérfræðingur óskast í fullt starf hjá rannsókna- og nýsköpunarsviði Rannís. Starfið felur í sér umsjón með tveimur fagráðum Rannsóknasjóðs; fagráði raunvísinda og stærðfræði og fagráði verkfræði og tæknivísinda, umsjón með Loftslagssjóði og öðrum innlendum sjóðum og alþjóðlegum verkefnum á þessum fagsviðum með sérstakri áherslu á umhverfismál.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf á sviði verkfræði eða raunvísinda er áskilið en doktorspróf er kostur
- Reynsla af rannsóknum ásamt þekkingu á rannsóknaumhverfi er skilyrði
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku bæði tal- og ritmáli
- Góð kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Mjög góð færni í töflureikni er skilyrði ásamt færni í helstu Office forritum eða sambærilegu
- Mjög góð hæfni í greiningu og lausn vandamála er skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni áskilin
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Ágúst Hjörtur Ingþórsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5830 eða netfanginu agust.h.ingthorsson@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, þriðjudaginn 30. nóvember 2021.

Sækja skal um á vefsíðu Rannís, **www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/**. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini. Umsækjendur eru beðnir um að kynna sér vel starfsemi sviðsins og sérstaklega Rannsóknasjóðs (sjá handbók sjóðsins fyrir 2022 https://www.rannis.is/media/rannsoknasjodur/Rsj_Handbok.pdf).

Rannís er líflegur vinnustaður með um 60 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

MÝVATN
www.visitmyvatn.is
The Northern Lights capital of Iceland

Framkvæmdastjóri óskast

Fullt starf | Stjórnendur

Mývatnsstofa leitar að öflugum einstaklingi til að leiða markaðs-, kynningar og þróunarstarf stofnunarinnar.
Umsóknarfrestur til 06.12.2021.

Sjá nánar á Job

job
Finnum draumastarfið saman

British Embassy Reykjavik

Job Opportunity

The British Embassy in Reykjavik is looking to recruit **A COMMUNICATIONS AND EVENTS OFFICER.**

More details on working at the Embassy, the position and a full list of the skills and experience we are looking for can be found here: **https://shortest.link/1HNQ**

The British Government is an inclusive and diversity-friendly employer. We welcome and encourage applications from people of all backgrounds.

The closing date for applications is 5 December 2021.

Embætti **skólameistara** Flensborgarskólans í Hafnarfirði

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði er með elstu starfandi skólum á Íslandi. Hann var upphaflega stofnaður árið 1877 sem barnaskóli en hefur frá árinu 1975 verið framhaldsskóli. Í dag er Flensborgarskólinn bóknámsskóli sem leggur áherslu á nám til stúdentsprófs af félagsvísinda-, raunvísinda- og viðskipta og hagfræðibraut, auk opinnar námsbrautar þar sem nemendur geta hannað sína eigin námsbraut úr námsframboði skólans. Íþróttaafrekssvið er starfrækt við skólann sem nemendur geta samtvinnað öllum námsbrautum. Einnig býður skólinn nám á starfsbraut sem er ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar eða sértækra náms örðugleika. Nemendur skólans eru ríflega 700 og starfsmenn skólans eru um 85.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt auk þess að hafa frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og er mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni- og menntunarkröfur:

- Starfsheitið kennari ásamt viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Þekking og reynsla af fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla af verkefnastjórnun og stefnumótunarvinnu.
- Afburðafærni í mannlegum samskiptum og færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Skýr framtíðarsýn og hæfileiki til nýsköpunar.

Ráðning og kjör
Mennta- og menningarmálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá 1. janúar 2022.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 39. gr. a í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 og 12. gr laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019.

Nánari upplýsingar um embættið má finna á vefsíðu Starfatorgs.
Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur og er til og með 30.11.2021.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Verkefnastjóri innkaupa og sölu

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landsamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Félagið er ein stærstu samtök sjálfboðaliða á Íslandi. Slysavarnafélagið Landsbjörg leitar að reynslumiklum einstaklingi til að sjá um innkaup, innflutning og sölu. Um 100% starf er að ræða.

Helstu verkefni eru:

- Hafa yfirumsjón með innkaupa- og sölumálum félagsins.
- Sjá um samskipti við innlenda og erlenda birgja.
- Umsjón með framleiðslu, vöruþróun, innkaupum og dreifingu flugelda.
- Vera tengiliður við einingar félagsins vegna flugelda.
- Sinna ráðgjöf við kaup á vörum og búnaði fyrir félagið og einingar þess.
- Almenn skrifstofuvinna.
- Önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af markaðs- og/eða sölustörfum.
- Þekking og reynsla af alþjóðaviðskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í ensku.
- Liðshugsun og þekking á félagsstörfum.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund.
- Þekking á starfsemi félagsins æskileg.
- Hreint sakavottorð.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Stefánsson, skrifstofustjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, í síma 570 5900 eða gunnar@landsbjorg.is

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið starf@landsbjorg.is fyrir **29. nóvember 2021.**

nox MEDICAL

Clinical Affairs Manager

We are looking to expand and search for a Clinical Affairs Manager to join our ambitious Market Access and Product Marketing team. As Clinical Affairs Manager, you will be working closely with the Clinical Trials cross-functional team to facilitate market access and clinical evidence of our products. You will collaborate closely with clinical and medical experts within the company and maintain and manage external key opinion leader relationships.

Function & Responsibilities

- Is responsible for reviewing scientific journals and working closely with product marketing for both upstream and downstream marketing
- Maintaining and managing the company's clinical input through internal and external experts
- Managing the clinical functions within development projects and throughout the lifecycle of Nox Medical's products
- Creating plans for data acquisition to demonstrate evidence and setting up a publication strategy for clinical value demonstration
- Managing key opinion leader relationships on a global level
- Is responsible for creating training material on the clinical values of our products

Qualification & Education Requirements

- MSc/Ph.D. Degree in Life Science, Science or Medicine
- Experience in Clinical Affairs is an advantage
- Experience in medical devices and pharmaceuticals is an advantage
- Excellent English oral and written communication skills

Please apply via our homepage noxmedical.com/jobs

We kindly ask you to submit the job application, CV and cover letter in English. The application deadline is **December 5th.**

We are always interested in talented individuals who share our passion for improving people's lives. Nox Medical embraces diversity. As an equal opportunities employer, we believe the foundation of our dynamic and pioneering spirit starts with a fair and inclusive culture. Our company culture focuses on bringing unique ideas and people together to spark innovation and teamwork.
All applications will be replied to and are treated with utmost care and confidentiality.

2015 2021 Strongest in Iceland

2015 2021 Framúrskarandi fyrirtæki

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Lyfjaval Apótek

Okkur vantar lyfjafræðing

Bílaapótek Lyfjavals í Hæðasmára auglýsir eftir lyfjafræðingi til starfa. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf fyrir áramót.

Áhugasamir sendi fyrirspurnir eða umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið lyfjaval@lyfjaval.is.

Viltu vera með okkur í spennandi vegferð?
Lyfjaval er nú hluti af Lyfsalanum sem rekur 6 apótek.

Lyfjaval Apótek LYFSALINN

SPENNANDI STÖRF HJÁ HEIMAHJÚKRUN HH

Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sinnir heimahjúkrun í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsumdæmi og er með aðsetur að Miðhrauni 4. Hlutverk heimahjúkrunar er að veita einstaklingsmiðaða hjúkrun þar sem forvarnir, heilsuvernd, heilsuefling, fagleg þekking og samstarf er höfð að leiðarljósi. Einstaklingshæfð heimahjúkrun er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Eftirfarandi störf eru nú laus til umsóknar:

SJÚKRAÞJÁLFARI
Metur og greinir líkamlega færni og heilsu skjólstæðings sem og stoðkerfis-vandamál.

SJÚKRAÞJÁLFARI Í ENDURHÆFINGATEYMI
Metur og greinir líkamlega færni og heilsu skjólstæðings og vinnur í nánu samstarfi við teymi.

HJÚKRUNFRÆÐINGAR
Styðja við einstaklinga og aðstandendur þeirra ásamt því að skipuleggja og veita þá hjúkrun í heimahúsi sem þörf er á hverju sinni.

SJÚKRALIÐAR
Styðja við einstaklinga og aðstandendur og veita hjúkrun í heimahúsum.

Nánari upplýsingar veita Sigrún Kristín Barkardóttir sigrun.barkardottir@heilsugaeslan.is og Hildur Sigurjónsdóttir hildur.sigurjonsdottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Verzlunarskóli Íslands auglýsir laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Aðstoðarmatráður

Um er að ræða 100% starf í mötuneyti skólans sem þjónar bæði nemendum og starfsmönnum. Umsækjendur þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfileikum. Matartæknínám æskilegt eða starfsreynsla í mötuneyti.

Kvöldræstingar

Um er að ræða hlutastarf við ræstingar skólans eftir klukkan 17:00 á daginn. Umsækjendur þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og samviskusemi.

Við bjóðum:
- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen skólastjóri.
Umsóknarfrestur er til 1. desember og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1000 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.

Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru eftirtaldar stöður lausar til umsóknar

- Kennari á elsta stigi 100% staða
- Kennari til að sinna forföllum 60-100% staða

Í Sunnulækjarskóla eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 6. desember 2021.

Nánari upplýsingar um störfin eru á ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is og hjá skólastjóra í síma 480-5400 og netfang birgir@sunnulaekjarskoli.is.

Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, starf.arborg.is.

Skólastjóri

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

os.is

Vilt þú hafa áhrif á framtíð orkumála?

Vilt þú hafa áhrif á orkuskipti, loftslagsmál

Sviðsstjóri sjálfbærrar auðlindanýtingar

Hlutverk sviðsstjóra sjálfbærrar auðlindanýtingar er að skapa skýra umgjörð fyrir stjórnsýslu leyfisveitinga vegna nýtingar á auðlindum Íslands.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Setur skýra umgjörð fyrir veitingu rannsóknarleyfa og nýtingarleyfa.
- Vinnur að markmiðasetningu, áætlanagerð og eftirfylgni er varðar starfsemi sviðsins
- Stjórnun teymis, árangursstýring og endurgjöf til starfsmanna, stöðugar umbætur og eftirfylgni
- Þróun sviðsins í takt við þróun á regluverki og rammaáætlun
- Áætlanagerð og þátttaka í öflun fjármagns
- Umbótastarf og framþróun í samræmi við alþjóðleg viðmið, sjálfbærni og umhverfi

Sviðsstjóri loftslagsmála, orkuskipta og nýsköpunar

Hlutverk sviðsstjóra loftslagsmála, orkuskipta og nýsköpunar er að móta og leiða til árangurs nýtt svið sem stuðlar að því að Ísland nái markmiðum um kolefnishlutleysi árið 2040 og olíuleysi árið 2050.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Leiða og móta nýtt svið
- Greiningar og ráðgjöf til stjórnvalda um hvernig ná megi markmiðum um kolefnishlutleysi og hraða orkuskiptum á Íslandi
- Efling nýsköpunar og rannsókna á svið loftslagsmála og orkuskipta m.a. í gegnum Orkusetur og Orkusjóð
- Stefnumótun, markmiðasetning, áætlanagerð og eftirfylgni
- Stjórnun teymis, árangursstýring, endurgjöf til starfsmanna, stöðugar umbætur og eftirfylgni
- Uppbygging samstarfs og öflun fjármagns til verkefna sem stuðla að nýsköpun og skilvirkum orkuskiptum

Samskiptastjóri stafrænnar miðlunar

Hlutverk samskiptastjóra stafrænnar miðlunar er að tryggja sýnileika, trúverðugleika og upplýsingamiðlun Orkustofnunar á stafrænum miðlum, gagnvart fjölmiðlum og öðrum hagaðilum, sem og að tryggja markvisst innra upplýsingaflæði.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Uppbygging stafræns miðlunarumhverfis Orkustofnunar
- Umsjón með stafrænni miðlun Orkustofnunar, þar með talið vefsíðu og samfélagsmiðlum
- Samskipti við samstafsaðila innanlands og á erlendum vettvangi
- Skipulagning og utanumhald viðburða
- Ábyrgð á útgáfumálum og framsetningu efnis
- Innri samskipti og upplýsingamiðlun
- Aðstoða orkumálastjóra við samskipti, miðlun og samstarf innan lands og utan

Nánari upplýsingar um hæfniskröfur er að fnna á vef Orkustofnunar:
os.is/orkustofnun/laus-storf/

Umsókn skal fylgja ferilskrá og stutt bréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir áhuga og hæfni í starfi út frá hæfnikröfum auglýsingar. Nánari upplýsingar um störfin veitir Inga Björg Hjaltadóttir hjá Attentus, **inga@attentus.is** Umsóknum skal skilað í gegnum 50skills. Umsóknir eru gildar í sex mánuði frá birtingu auglýsingar innan stofnunarinnar og umsóknir gilda í öll störf þessarar auglýsingar.

Umsóknafrestur er til og með 1. desember 2021.

Orkustofnun starfar í þágu samfélagsins og í takt við orkustefnu Íslands. Hlutverk hennar er að skapa skýra umgjörð um orkumál, stuðla að nýsköpun og upplýstri umræðu og að veita stjórnvöldum faglega ráðgjöf í þágu almannaheilla.

Stefna Orkustofnunar er að byggja upp þekkingu á fagsviðum stofnunarinnar svo sem á sviðum orkuvinnslu, orkunýtingar og loftslagsmála, stunda skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu, sem og sjálfstætt vandað eftirlit. Orkustofnun leggur áherslu á að vera framsýn, traust og skilvirk stofnun, með sem jafnast kynjahlutfall.

ORKUSTOFNUN

Abogado / Lögfræðingur
með þekkingu á spænsku réttarkerfi

Cove Advisers

Starfssvið:
- Erfðamál.
- Undirbúningur, eftirfylgni og frágangur fasteigna-kaupsamninga, og samskipti við þinglýsingaskrifstofur.
- Neytendaréttur.

Hæfniskröfur:
- Íslenskukunnátta.
- Mjög góð spænskukunnátta.
- Viðkomandi þyrfti að vera skráð(ur), eða skrá sig, í „Colegio de abogados" á Spáni.
- Búseta á Torrevieja-Orihuela Costa svæðinu, eða vilji til að flytja þangað.

Sendið ferilskrá á info@coveasesores.com



LAUNAFULLTRÚI HJÁ OLÍS

Olís óskar eftir að ráða launafulltrúa. Starfið tilheyrir mannauðssviði og er með aðsetur í Skútuvogi 5, Reykjavík.

Helstu verkefni
- Skráning upplýsinga í launa- og mannauðskerfi
- Yfirferð gagna í tímaskráningarkerfi
- Mánaðarlegur launaútreikningur
- Skil til lífeyrissjóða, stéttarfélaga og opinberra aðila
- Almenn upplýsingagjöf til starfsmanna varðandi laun og kjaramál

Hæfniskröfur
- Góð þekking og reynsla af launavinnslu
- Þekking á launakerfinu H3
- Þekking á Bakverði
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Trúnaður
- Góð íslenskukunnátta
- Góð Excel-kunnátta

Umsóknir berist til mannauðsstjóra Olís, Ragnheiðar Bjarkar Guðmundsdóttur, merktar „launafulltrúi" á rbg@olis.is fyrir 28. nóvember 2021.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

B.Ó. SMIÐIR

B.Ó. Smiðir ehf. óska eftir að ráða smiði í vinnu

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á **bosmidir@bosmidir.is**

VIÐ LEITUM AÐ ARKITEKT OG/EÐA BYGGINGAFRÆÐINGI TIL AÐ SLÁST Í HÓPINN!

EF ÞÚ HEFUR ÁHUGA SENDU OKKUR FERILSKRÁ OG SÝNISHORN AF VERKUM Á JOBS@BASALT.IS FYRIR 02. DES. 2021

REYNSLA AF REVIT ER KOSTUR

FREKARI UPPLÝSINGAR UM BASALT ARKITEKTA ER AÐ FINNA Á WWW.BASALT.IS

FARIÐ VERÐUR MEÐ ALLAR UMSÓKNIR SEM TRÚNAÐARMÁL

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

das HRAFNISTA

Gefandi vinnustaður

Finndu þitt starf

www.hrafnista.is
eða skannaðu QR-kóðann

Ertu framúrskarandi og styðjandi stjórnandi?

Menntavísindasvið Háskóla Íslands leitar að styðjandi og öflugum stjórnanda

Menntavísindasvið Háskóla Íslands auglýsir eftir metnaðarfullum og kröftugum einstaklingi í starf stjórnanda reksturs og stoðþjónustu sviðsins. Við leitum að styðjandi stjórnanda með framúrskarandi samskiptafærni, drifkraft og metnað til að framfylgja leiðarljósum Háskóla Íslands um áherslu á gæði, traust og snerpu í allri starfsemi skólans.

Í starfinu felst fyrst og fremst að tryggja framúrskarandi stjórnsýslu með það að markmiði að umhverfið veiti nemendum og starfsfólki góðan stuðning.

Stjórnandinn ber ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins og er næsti yfirmaður þeirra sem stýra stoðþjónustu þess. Viðkomandi hefur yfirumsjón með fjárhagsáætlun og almennum rekstri í samvinnu við fjármálastjóra og aðra stjórnendur innan sviðsins. Auk þess situr viðkomandi fundi stjórnar Menntavísindasviðs og starfar með sameiginlegri stjórnsýslu háskólans. Stjórnandinn vinnur samkvæmt stefnu og skipuriti Menntavísindasviðs sem í gildi eru á hverjum tíma og mun eitt af fyrstu verkefnum hans vera að taka þátt í að innleiða metnaðarfulla nýja stefnu Háskóla Íslands.

Stjórnandi reksturs og stoðþjónustu heyrir undir og starfar náið með forseta sviðsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Tryggja framúrskarandi stjórnsýslu og þjónustu fyrir nemendur, fræðimenn og samfélagið
- Daglegur rekstur deilda og starfseininga sviðsins
- Er yfirmaður þeirra sem stýra stoðþjónustu sviðsins
- Umsjón með gæðamálum og innleiðingu samræmdra verkferla
- Stuðla að, skapa og styðja góða vinnustaðamenningu
- Taka virkan þátt í að innleiða nýja stefnu Háskóla Íslands
- Yfirumsjón með fjárhagsáætlun og rekstri sviðsins
- Ábyrgð gagnvart forseta sviðsins á gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlunar
- Önnur verkefni sem forseti kann að fela viðkomandi

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði stjórnunar, stefnumótunar, viðskipta eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Leiðtogahæfileikar og reynsla af stjórnun
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun
- Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Áhugi og/eða reynsla af störfum tengdum menntamálum er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfileikar, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfileiki til að tileinka sér nýja tækni
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar um starfið:
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólakennara hafa gert. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eftir nánara samkomulagi. Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans. Vakin er athygli á málstefnu HÍ. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:
Ferilskrá, bréf þar sem áhuga á starfinu er lýst og fjallað er um hvað umsækjandi telur sig geta lagt af mörkum til þess, staðfest afrit af prófskírteinum og upplýsingar um umsagnaraðila.

Umsóknarfrestur er til og með 10.12.2021
Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, kolbrunp@hi.is, sími 525 5965.

Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík, +354 525 4000, **www.hi.is**

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**

Starfsmaður í vöruafgreiðslu

Smith & Norland vill ráða starfsmann í vöruafgreiðslu og önnur lagerstörf.

Starfið felst í vörumóttöku og -afgreiðslu sem og aðstoð við útkeyrslu vörusendinga til viðskiptavina auk tengdra lagerstarfa.
Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Meirapróf og/eða lyftarapróf auk almennrar tölvukunnáttu er kostur.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, sem vill takast á við skemmtilegt starf og hefur áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum. Stundvísi er krafist. Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Áhugasamir sendi umsókn á halldorh@sminor.is eða skili slíkri á skrifstofu fyrirtækisins. Umsóknafrestur er til og með 4. desember.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Sérfræðingur í gagnasamþættingu

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS óskar eftir að ráða metnaðarfullan og þjónustulundaðan einstakling í starf sérfræðings í deild þróunar á sviði upplýsingatækni og gagnasöfnunar.

Sviðið sér um þróun, rekstur og viðhald á tölvukerfum, gagnaumhverfi og hugbúnaði bankans. Deildin samanstendur af teymum hugbúnaðarsérfræðinga, sérfræðinga í gagnasamþættingu og tæknistjórum þróunarinnviða (DevOps). Teymin sjá um þróun, viðhald og uppfærslur á hugbúnaðarlausnum og gagnainnviðum bankans eins og innlestrar- og auðgunarferli og gagnavöruhús.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Uppbygging, samþætting og viðhald á gagnaumhverfi bankans
- Þróun og viðhald á gagnagrunnum, ETL ferlum, gagnaskilum og gagnaprófunum
- Þróun á vöruhúsi gagna og stoðgögnum (e. Masterdata)
- Verkefni tengd þarfagreiningu og hönnun á gagnamódelum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða öðru sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á SQL og gagnagrunnsforritun
- Þekking og reynsla á Microsoft SQL gagnagrunnslausnum (t.d. MSSQL, SSIS, SSAS, SSRS)
- Þekking á XML, XBRL og/eða SDMX er kostur
- Þekking á C#, Python og/eða R er kostur
- Þekking á skýjalausnum (t.d. Azure data solutions) er kostur
- Áhugi á að vinna í Agile vinnukerfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa sjálfstætt og í hóp
- Frumkvæði, skapandi hugsun, jákvæðni og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veita Elín Rut Guðnadóttir, forstöðumaður á sviði upplýsingatækni og gagnasöfnun (elin.rut.gudnadottir@sedlabanki.is) og Erla Traustadóttir, sérfræðingur á mannauðssviði (mannaudur@sedlabanki.is). Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is/storf. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

HAGVANGUR

TORG

ÚTGÁFUFÉLAGIÐ TORG EHF. ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA

FJÁRMÁLASTJÓRA

Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með fjármálum, áætlanagerð og greiningarvinnu fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Dagleg fjármálastjórn fyrirtækisins
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Umsjón með upplýsingagjöf til stjórnenda
- Ábyrgð á fjárstýringu, greiðsluflæði og innheimtu
- Mánaðauppgjör og undirbúningur uppgjörs til endurskoðenda
- Virkt kostnaðareftirlit og þátttaka í almennri stjórnun félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræðum eða sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálum og notkun bókhaldskerfa
- Þekking og reynsla af Dynamics 365 Business Central væri kostur
- Reynsla af uppgjörum, kostnaðareftirliti og gerð rekstraráætlana
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Vinsamlega sendið umsókn til elisabet@torg.is
Umsóknarfrestur er til 22. nóvember nk.

LYFSALINN

LYFJAFRÆÐINGAR OG AÐSTOÐARLYFJAFRÆÐINGAR

Vegna opnunar nýs apóteks í Reykjavík á vordögum 2022 óskum við eftir lyfjafræðingum og aðstoðarlyfjafræðingum til starfa.

Áhugasamir sendi fyrirspurnir eða umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið svanur@lyfsalinn.is.

Umsóknarfrestur er til 29. nóvember.

Viltu vera með okkur í spennandi vegferð?
Lyfsalinn festi nýlega kaup á Lyfjavali og rekur nú 6 apótek.

Lyfjaval Apótek LYFSALINN

Erum við að leita **að þér?**

Viltu stuðla að vinnuvernd og öryggi?

Við óskum eftir að ráða sérfræðing í fyrirtækjaeftirliti á starfsstöð Vinnueftirlitsins í Reykjavík.

Við leitum að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drífandi einstaklingi með mikinn áhuga á vinnuvernd, til að ganga til liðs við teymi sérfræðinga sem hafa eftirlit með að atvinnurekendur fari að lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Starfið heyrir undir sviðsstjóra öryggis og tæknisviðs.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Undirbúningur og framkvæmd fyrirtækjaeftirlits
- Gerð skýrslna vegna eftirlits og eftirfylgni með fyrirmælum
- Rannsókn vinnuslysa
- Þátttaka í teymisvinnu og umbótastarfi
- Upplýsingagjöf og leiðbeiningar til atvinnurekenda og starfsfólks með áherslu á vinnuvernd og á forvarnir

Menntun, hæfni og reynsla:
- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. í iðn- eða tæknifræði
- Þekking og reynsla af farsælli teymisvinnu og stýringu verkefna
- Reynsla að eftirlitsstörfum kostur
- Reynsla að textaskrifum og skýrslugerð
- Góð greiningarhæfni
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Mikil hæfni í samskiptum
- Mjög góð færni í íslensku og góð færni í ensku nauðsynleg. Vald á norðurlandatungumáli kostur
- Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu. Hlutverk okkar er að tryggja að allir komi heilir heim úr vinnu.

Lykilþáttur í starfseminni er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og eftirlit með vinnuumhverfi, vinnuvélum og tækjum.

Starfsfólk í eftirliti heimsækir vinnustaði til að fylgja því eftir að farið sé að vinnuverndarlögum og -reglugerðum.

Gildi Vinnueftirlitsins eru *frumkvæði, forvarnir og fagmennska.*

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vinnueftirlit.is.**

Starfshlutfall er 100% og starfið felur í sér ferðalög að hluta. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til 22. nóvember nk.

Umsóknum skal skilað á vefsíðu www.alfred.is. Senda skal ferilskrá á íslensku og kynningarbréf þar sem hæfni viðkomandi í starfið er rökstudd. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri katrin.thorsteinsdottir@ver.is eða
Hildur Ösp Gylfadóttir, mannauðsstjóri, hildur.gylfadottir@ver.is.

Vinnueftirlitið

Erum við að leita **að þér?**

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÓSKAST

Leitum að framkvæmdastjóra til að leiða sameinað framsækið framleiðslufyrirtæki og öflugan hóp starfsfólks inn í umhverfisvæna framtíð.

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

BÖRKUR

GLUGGASMIÐJAN SELFOSS

Umhverfisvænni byggingarlausnir eru krafa samtímans og að baki sameiningunni standa rótgróin innlend iðnfyrirtæki, hvert um sig með yfir 50 ára sögu byggða á hugviti, vöruþróun, vönduðum vinnubrögðum og hráefni: **Trésmiðjan Börkur, Glerverksmiðjan Samverk og Gluggasmiðjan.**

Við minnkum kolefnisspor í byggingariðnaði

Stór hluti kolefnisspors í heiminum verður til í byggingariðnaði. Með sameiningunni verður til öflugt framleiðslufyrirtæki sem ætlar sér að minnka kolefnisspor í íslenskum byggingariðnaði umtalsvert með framleiðslu á framúrskarandi byggingarlausnum fyrir hérlendar aðstæður.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirsýn, greiningarhæfni og árangursmiðuð nálgun á verkefni
- Reynsla af stjórnunarstörfum í byggingariðnaði æskileg
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður
- Þekking og áhugi á umhverfisvænum lausnum
- Sannfæringarkraftur, góð samskiptahæfni og forystueiginleikar

Umsókn um starfið þarf að fylgja ýtarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf.
Umsóknir sendist á: *framkvaemdastjori@samverk.is*

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2021.

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Fjarskiptastofa

Hlutverk Fjarskiptastofu er að stuðla að netöryggi ásamt hagkvæmri, öruggri og aðgengilegri fjarskiptaþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Hjá Fjarskiptastofu starfa hátt í 40 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn verkefna á sviði netöryggis, tæknimála, viðskipta og laga sem tengjast hlutverki stofnunarinnar.

Sérfræðingur í netöryggissveit Fjarskiptastofu - CERT-ÍS

Fjarskiptastofa óskar eftir að ráða í stöðu sérfræðings í Netöryggissveitina CERT-ÍS. Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar.

Sérfræðingur í netöryggissveit mun taka þátt í örum uppbyggingarfasa sveitarinnar og bjóðast góð tækifæri til frekari þróunar í starfi í sveigjanlegu og kviku vinnuumhverfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Meðhöndlun öryggisatvika og veikleika í tölvu- og netkerfum
- Samhæfing við sviðshópa mikilvægra innviða
- Viðhalda ástandsvitund netöryggismála innan netumdæmis Íslands
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi CERT/CSIRT teyma
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf varðandi netöryggismál

Hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, svo sem í verk-, tækni- eða tölvunarfræði, eða haldgóða reynslu á sviði netöryggismála
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, ögguð og skipulögð vinnubrögð í meðhöndlun atvika og úrvinnslu þeirra
- Búa yfir skilningi á net- og upplýsingaöryggi ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif
- Geta til að miðla tæknilegum upplýsingum til annarra
- Góð íslensku og enskukunnátta, bæði töluð og í rituðu máli, er áskilin

Frekari upplýsingar um starfið

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs. Umsækjandi þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.

Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á Starfatorgi.
Fjarskiptastofa hvetur einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um starfið.
Litið er svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Arnar Sigmundsson - gudmundur@fjarskiptastofa.is

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

PARHÚSALÓÐIR Í KUMLAMÝRI Á ÁLFTANESI

GARÐABÆR AUGLÝSIR TIL SÖLU BYGGINGARRÉTT 26 PARHÚSALÓÐA Í KUMLAMÝRI Á ÁLFTANESI.

Heildarskipulag svæðisins miðar að því að framtíðarbyggð verði í sem bestu samræmi við umhverfið og taki mið af hugmyndinni um Álftanes sem „sveit í borg". Þannig er gert ráð fyrir lifandi og fjölbreyttri byggð í góðum tengslum við skóla og útivistarsvæði.

Kumlamýri liggur í suðurátt frá Suðurnesvegi og frá henni kvíslast botnlangar. Parhúsin eru staðsett saman í þyrpingu með sameiginlegu götu- og íverusvæði í miðju. Húsin verða 1 hæð og ris.

Einungis einstaklingar geta gert tilboð í lóðirnar og þurfa tveir einstaklingar saman að gera sameiginlegt tilboð í tvær samliggjandi parhúsalóðir. Tilboð í byggingarrétt þarf að berast í lokuðu umslagi á bæjarskrifstofur Garðabæjar fyrir kl. 12:00 föstudaginn 10. desember 2021.

Nánari upplýsingar um lóðirnar og lágmarks tilboðsverð eru á vef Garðabæjar, gardabaer.is

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Lindahverfi, norðan Fífuhvammsvegar.
Mánalind 8. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 26. október 2021 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Mánalind 8.

Í breytingunni felst að komið verði fyrir geymslu á norðausturhluta lóðarinnar ásamt palli með pottasvæði og skjólvegg að hluta til með timburbitum. Stærð geymslu er áætluð 27,5 m2 og hæð skjólveggs 2,4 m. Uppdráttur og skýringarmyndir í mkv. 1:1000 og 1:250 dags. 18. október 2021. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er til kynningar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulagsdeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 10. janúar 2022

Skipulagsfulltrúi Kópavogs

Kópavogsbær

kopavogur.is

MARKAÐSKÖNNUN

HÚSNÆÐISÖFLUN FYRIR ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ - ÆFINGASALUR

Ríkiskaup f.h. Framkvæmdarsýsluna - Ríkiseignir óska eftir að taka á leigu tímabundið æfingasal fyrir Þjóðleikhúsið.

Afmörkun verkefnis
Stefnt er að því að taka á leigu æfingasal fyrir Þjóðleikhúsið. Leigutími er 5 ár með möguleika á framlengingu. Húsnæðið þarf að vera staðsett miðsvæðis í Reykjavík og æskilegt að það sé staðsett innan við 1 km göngufæri frá Þjóðleikhúsinu, Hverfisgötu 19, Reykjavík.

Óskað er eftir verðhugmynd fyrir húsnæði að þessari stærð í samræmi við kröfur sem settar eru fram í kröfulýsingu. Upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar í rafræna útboðskerfinu TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/.

Fyrirspurnir varðandi verkefni **21606** skulu sendar rafrænt í gegnum TendSign og verða svör birt þar. Fyrirspurnartími rennur út föstudaginn 26. nóvember 2021.

Þess er óskað að svörum sé skilað í gegnum **Tendsign.is** eigi síðar en **föstudaginn, 3. desember 2021 kl. 12:00.**

Allar nánari upplýsingar um ferlið og þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/.

Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

„Ég fékk þá hugmynd að nota Kirkjubæjarklaustur sem sögusvið en þekkti ekkert til þar og auglýsti á Facebook eftir tengilið á staðnum. Ég komst í samband við heimamann, Marvin Einarsson, fór austur og tók myndir og glósur. Síðan hef ég farið þarna nokkrum sinnum mér til ánægju og yndisauka, því ég er mjög hrifinn af þessum stað. Það var líka skemmtilegt að setja Hörð í nýtt umhverfi. Hann er ókunnugi maðurinn á staðnum. Þarna rannsakar hann hvarf tveggja stúlkna og það kemur upp úr krafsinu að mannshvörf hafa orðið þarna áður. Hörður fer að róta í skuggum fortíðar."

Stefán Máni hefur fengið sterk viðbrögð frá þeim sem lesið hafa bókina. „Viðbrögðin hafa verið frábær. Bókin er að falla virkilega vel í kramið hjá aðdáendum Harðar og öðrum. Margir segja mér að þetta sé mín besta bók, en um það er ég ekki dómbær," segir Stefán Máni. ■

Maddam Hríslukvist og myndlíkingarnar í hjartanu

BÆKUR

Kolbeinsey
Bergsveinn Birgisson
Útgefandi: Bjartur
Fjöldi síðna: 208

Kristján Jóhann Jónsson

Skáldsagan Kolbeinsey er að ýmsu leyti sérkennileg. Aðalpersónur eru þrjár, sögumaður, þunglyndur vinur hans og hjúkrunarkona sem kallast Maddam Hríslukvist eða bara Maddaman. Þetta með hríslukvistinn tengist því að hún er girt hrísvendi eins og sverði. Í hrísvendinum er falin rafkylfa og „stórir strákar fá raflost", ef þeir haga sér ekki vel.

Sögumaður er vel settur í samfélaginu. Kærastan hans er blíð og góð, hann býr fallega og á að halda fyrirlestraröð. Þunglyndi vinurinn má vart mæla framan af, en færist í aukana þegar á líður. Sögumaðurinn skrópar í vinnunni til þess að hlúa að honum. Hjúkrunarkonan sem annast þunglynda vininn er andstyggilegur svarkur og því lengra sem líður, þeim mun ljósari verður fölska þeirrar illu gribbu.

Í upphafi eru skýr skil milli persóna. Sögumaðurinn er góður í sér og reynir að hjálpa niðurbrotnum og þunglyndum vini. Þegar hagur sjúklingsins lagast hallast hins vegar á merinni hjá sögumanni. Seinna verður stundum vafasamt hvort vinirnir eru einn maður eða tveir og ef þeir eru tveir, hvor á þá við meiri örðugleika að stríða. Hjúkrunarkonan er bölvaldurinn í lífi þeirra og reynir stöðugt að lækna þá af tilfinningasemi og skáldskap. Reyndar verður smám saman ljóst að þeir eru engir englar heldur.

Sögumaðurinn hjálpar vini sínum að strjúka af geðsjúkrahúsinu og meginhluti sögunnar gerist á æðisgengnum flótta þeirra tveggja. Látið er að því liggja að sadistar þjóðarinnar hafi komið sér fyrir í heilsugæslunni eftir að flest unglingaheimili voru lögð niður og vissulega er hjúkrunarkonan illvíg. Hún geysist á eftir þeim yfir allt Suðurlandið á ógnvekjandi hvítum

Opinberar stofnanir eru böl, þeim fylgja skilgreiningar á geðheilbrigði og aðlögun að samfélaginu.

Yaris (!) en sú þjóðvegadramatík verður ekki rakin hér.

Í hugsanagangi sögunnar er töluverður Rousseau-ismi, rétt eins og í Lifandilífslæk sama höfundar. Einlægar tilfinningar, náttúra og fagurt manneðli verður andstæða siðmenningar, fjölmennis og þeirrar aðhæfingar sem nútímasamfélagið krefst. Opinberar stofnanir eru böl, þeim fylgja skilgreiningar á geð-



heilbrigði og aðlögun að samfélaginu. Vinirnir berjast gegn þeim heiladauða sem krafist er af þeim. Í Kolbeinsey getur hinn lúmski og illi nútími hins vegar ekki lifað. Þar eru engar stofnanir og ekkert „nútímasamfélag". Þar er hægt að finna „myndlíkingarnar í hjartanu".

Viðhorf sögunnar til fjölmennis og fámennis, siðmenningar og náttúru getur varla talist einhlítt, þó að vissulega sé það vel þekkt. Margir hafa leitað úr fásinninu og inn í fjölmennið til þess að vernda „myndlíkingarnar í hjartanu". Maður er manns gaman. Hér er rými fyrir íhuganir og ágreining.

Frá öðru sjónarhorni má segja að sagan fjalli um það hve erfitt er að verða fullorðinn og skilja að æskan er horfin, skáldskapurinn í brjóstinu heldur ekki gildi sínu í hörðum heimi fullorðinna og það er engin leið til baka. Kolbeinseyjar bernsku okkar molna undan sjógangi tímans og þar er erfitt að ná landi. Margir öflugir rithöfundar hafa tekist á við þennan vanda, sem er bæði gamall og nýr. ■

NIÐURSTAÐA: Sérkennileg og fjörleg skáldsaga sem þykist vera raunsæ en er þó líka furðusaga. Sagt er frá bílaeltingaleik, prjónandi vélsleðum og hörðum átökum við illa hjúkrunarkonu.

LISTVINAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK OG MÓTETTUKÓRINN 40. STARFSÁR
THE REYKJAVIK FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY AND THE MOTET CHOIR 40TH SEASON

JÓLAÓRATÓRÍAN

J.S. BACH I-IV BWV 248

ELDBORGARSAL HÖRPU
28. NÓVEMBER 2021 KL. 17
1. SUNNUDAG Í AÐVENTU

J.S. BACH: CHRISTMAS ORATORIO I-IV BWV 248
CHRISTMAS CONCERT IN HARPA, ELDBORG
NOVEMBER 28 2021 at 5 PM
1st SUNDAY IN ADVENT

FLYTJENDUR / PERFORMERS

Mótettukórinn / The Motet Choir
Alþjóðlega barokksveitin i Reykjavík /
The Reykjavik International Baroque Orchestra
Herdís Anna Jónasdóttir sópran / soprano
Alex Potter kontratenór / countertenor
Benjamin Glaubitz tenór /tenor
Jóhann Kristinsson bassi / bass
Konsertmeistari/ Concertmaster: Tuomo Suni
Stjórnandi / Conductor: Hörður Áskelsson

Glæsilegir hátíðartónleikar, þar sem eitt fegursta barokkverk jólanna verður flutt með íslenskum og alþjóðlegum flytjendum í fremstu röð til að fagna upphafi 40. starfsárs Mótettukórsins og Listvinafélagsins í Reykjavík.

A festive Christmas Concert in Harpa main hall with outstanding Icelandic and international performers to celebrate the 40th season of the Motet Choir and the Reykjavik Friends of the Arts Society.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg

Miðasala í Hörpu / Ticket sale in Harpa concert hall - HARPA.IS og TIX.IS

Styrkt af Styrktarsjóði samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns, Tónlistarsjóði, Reykjavíkurborg
Supported by the City of Reykjavik, the Cultural Ministry of Iceland and SUT and Ruth Hermanns

listvinafelag.is – motettukor.is

Nýjar og spennandi!



Arnaldur Indriðason deyr
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

Bakað með Evu
5.499 kr. VERÐ ÁÐUR 7.499 KR.

Jómfrúin - Dönsk og dejlig í 25 ár
6.799 kr. VERÐ ÁÐUR 8.999 KR.



Harry Potter og fanginn frá Azkaban
7.299 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.



Kynjadýr í Buckinghamhöll
3.299 kr. VERÐ ÁÐUR 4.499 KR.

Íslenskar draugasögur
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.499 KR.

„Skáldið fann að hann hafði verið of hreinskilinn.“
-Ásta Sigurðardóttir

Komdu við í Pennanum Eymundsson og nældu þér í nýjustu titlana á frábærum tilboðum!

Frábær tilboð!



Djúpið
5.299 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

Læknirinn í Englaverksmiðjunni
5.299 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Kóperníka
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.



Fótbolti, allt um hinn fagra leik
4.699 kr. VERÐ ÁÐUR 6.499 KR.



Þrautabók Stúfs
1.699 kr. VERÐ ÁÐUR 2.299 KR.

Verstu foreldrar í heimi
2.999 kr. VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 22. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is

Penninn Eymundsson

Liðskiptiaðgerðir í Kaupmannahöfn

FKA
FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU

Vertu hreyfiafl, hafðu áhrif!

Félag kvenna í atvinnulífinu FKA heiðrar konur á árlegri FKA Viðurkenningarhátíð.

Opið fyrir tilnefningar!

FKA kallar eftir tilnefningum frá almenningi og atvinnulífinu sem dómnefnd mun meta.

Á FKA Viðurkenningarhátíðinni 2022 verða veittar þrjár viðurkenningar að vanda:

- FKA viðurkenningin
- FKA þakkarviðurkenningin
- FKA hvatningarviðurkenningin

Hægt er að tilnefna á heimasíðu FKA til og með 25. nóvember 2021.

Nánar á heimasíðu FKA - www.fka.is

Sjáumst á FKA Viðurkenningarhátíðinni þann 20. janúar 2022 á Grand Hotel Reykjavík.

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstíls-þáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
19.00 Leiðtoginn með Jóni G. Við-talsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.
19.30 Bióbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
20.00 Kvennaklefinn (e) Heims-borgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
20.30 Sir Arnar Gauti (e)
21.00 Leiðtoginn með Jóni G. (e) Viðtalsþáttur við stjórnend-ur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Sögur snjómannsins
07.24 Við eigum öll réttindi
07.39 Lundaklettur
07.46 Rán - Rún
07.51 Kalli og Lóa
08.03 Millý spyr
08.10 Kátur
08.22 Eðlukrúttin
08.33 Sjóræningjarnir í næsta húsi
08.44 Hið mikla Bé
09.06 Kata og Mummi
09.17 Lautarferð með köku
09.22 Stundin okkar
09.45 Húllumhæ
10.00 Hvað getum við gert? Grænar samgöngur.
10.10 Ævar vísindamaður
10.40 Kappsmál
11.40 Vikan með Gísla Marteini
12.30 Bannað að vera fáviti
13.25 Sá guli
14.15 Kiljan
16.30 Fyrirheitna landið?
17.30 Jan Johansson - lítil mynd um mikinn listamann
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Nýi skólinn
18.39 Eldhugar - Josephine Baker - dansari og mannréttinda-kona
18.42 Jógastund Stóll og Jóga-múdra.
18.45 Landakort Fokker.
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Emil í Kattholti Fjölskyldu-mynd með íslensku tali byggð á klassískri sögu Astrid Lindgren.
21.15 Miðnætursól Midnight Sun
22.45 Alþjóðlegir bíódagar. Út að stela hestum Ut og stjæle hester
00.45 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

07.00 European Tour Bein út-sending frá DP World Tour Championship.
13.00 PGA Highlights
13.55 Champions Tour Highlights
14.50 LPGA Tour 2020 Útsending frá CME Group Tour Cham-pionship.
18.00 PGA Tour Bein útsending frá The RSM Classic.
21.00 PGA Tour. The Cut
21.25 LPGA Tour 2019 Útsending frá CME Group Tour Cham-pionship.

Sjónvarp Símans

09.30 Dr. Phil
10.15 Dr. Phil
11.00 Man with a Plan
11.25 The Good Place
11.50 Speechless
12.15 Carol's Second Act
12.40 Happy Together (2018)
13.05 Single Parents
13.30 Extreme Makeover. Home Edition
14.30 Aston Villa - Brighton Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.15 The King of Queens
17.35 Everybody Loves Raymond
18.00 Intelligence
18.30 Be Somebody
20.00 Það er komin Helgi Helgi Björns ásamt Reiðmönnum vindanna bauð lands-mönnum upp á kvöldvöku heima í stofu.
21.00 The Dressmaker Kvikmynd frá 2015 með Kate Winslet í aðalhlutverki. Myndin gerist í smábænum Dungatar í Ástralíu á sjötta áratug síðustu aldar og segir frá fatahönnuðinum og sauma-konunni Tilly Dunnage sem snýr aftur til bæjarins eftir að hafa verið send þaðan ell-efu ára gömul í kjölfar dauða skólafélaga hennar.
23.00 Top Gun
00.45 Riddick
02.40 Collateral
04.30 Tónlist

RÚV Rás eitt

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Vinill vikunnar
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á ferð um landið. Í Húna-þingi, fyrri hluti
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kventónskáld í karlaveldi Dora Pejacevic.
11.00 Fréttir
11.02 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Heimskviður
13.25 Kynstrin öll
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 Í átt að sannleikanum
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Martin Taylor, Ulf Wakenius og NHÖP og Kvintett Johnny Griffin.
20.50 Ratsjá Eftirlit. Slóðin rakin
21.15 Bók vikunnar Ó - um þegn-rétt tegundanna í íslenskri náttúru.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Litla fluganSjómannalög
23.00 Vikulokin

Stöð 2 Bíó

10.00 Pokémon Detective Pikachu
11.40 Parenthood
13.40 The Lost Husband
15.30 Pokémon Detective Pikachu
17.10 Parenthood
19.10 The Lost Husband
21.00 Come Play
22.35 The Art of Self-Defense
00.15 Stockholm
01.45 Come Play

Stöð 2

08.00 Barnaefni
12.00 Friends
12.25 Bold and the Beautiful
12.45 Bold and the Beautiful
13.50 Bold and the Beautiful
14.10 Friends
14.35 Lodgers For Codgers Skemmtilegir breskir þættir um einstaka lausn á hús-næðisvandanum í Bretlandi.
15.25 Stóra sviðið
16.15 Curb Your Enthusiasm
17.10 Framkoma
17.35 Wipeout
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Kviss Stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjón uppistandarans og sjón-varpsmannsins Björns Braga Arnarssonar þar sem þekktir Íslendingar keppa fyrir hönd íþróttafélaganna sem þeir styðja.
19.45 Ireland's Got Talent
21.20 The Twilight Saga. Eclipse
23.20 The Lord of the Rings. The Two Towers Hringadróttins-saga heldur áfram en nú er komið að öðrum hluta þessa stórbrotna meistaraverks sem hefur sópað til sín verð-launum.
02.15 Friends
02.35 Lodgers For Codgers
03.25 Curb Your Enthusiasm Larry David snýr hér aftur í þessum óborganlegu gamanþáttum. Eins og áður leikur Larry sjálfan sig og hann ratar af óskiljanlegum ástæðum sífellt í vandræði.
04.05 Wipeout

Stöð 2 Sport

07.00 Subway Körfuboltakvöld karla
08.00 Keflavík - Valur Útsending frá leik í Subway-deild karla.
09.40 Stjarnan - Tindastóll
11.20 Tilþrifin
12.05 Subway Körfuboltakvöld karla
13.10 Subway Körfuboltakvöld kvenna
14.05 Stjarnan - Fram Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
15.25 Seinni bylgjan - upphitun
15.40 Keflavík - Valur
17.25 Subway Körfuboltakvöld karla
18.25 Stjarnan - Fram
19.45 Tilþrifin
20.30 Keflavík - Valur
22.10 Subway Körfuboltakvöld karla

Stöð 2 Sport 2

06.50 QPR - Luton
08.30 Port Vale - Bradford
10.10 Ipswich - Oxford
11.50 Football League Show
12.25 Sheffield United - Coventry Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
14.30 QPR - Luton
16.10 Liverpool - Atletico Madrid
17.50 Meistaradeildarmörkin
18.35 NFL Gameday
19.05 The Fifth Quarter
19.35 Valencia Basket - Surne Bilbao Basket Bein útsend-ing frá leik í spænsku úrvals-deildinni í körfubolta.
22.00 New York Knicks - Houston Rockets Bein útsending frá leik í NBA.
00.40 Sheffield United - Coventry

15-50%*

afsláttur af allri gjafavöru!

Nettilboð!

Núna um helgina, laugardag,
sunnudag og mánudag,
20. - 22. nóvember

epal

Ath!
Tilboðin gilda aðeins
í vefverslun okkar:
epal.is

* Sérvalin ljós á betra verði

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 **Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.00 **Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**
19.30 **Bókahornið** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.00 **Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 **Mannamál (e)**
21.00 **Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.

RÚV Sjónvarp

07.15 **KrakkaRÚV**
07.16 **Rán - Rún**
07.21 **Kúlugúbbarnir I**
07.44 **Poppý kisukló**
07.55 **Kátur**
08.07 **Stuðboltarnir**
08.18 **Konráð og Baldur**
08.31 **Hvolpasveitin**
08.54 **Skotti og Fló**
09.01 **Unnar og vinur**
09.24 **Múmínálfarnir**
09.46 **Eldhugar**
09.50 **Sammi brunavörður**
10.00 **Tungumál framtíðarinnar** Forritað í dagsins önn.
10.30 **Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Jökull Júlíusson.
11.00 **Silfrið**
12.10 **Tiskuvitar**
13.25 **John Grant og Sinfó**
15.10 **Okkar á milli** Helga Rakel Rafnsdóttir.
15.45 **Aldrei of seint**
16.25 **Gefðu mér svolitla ást: Donovan**
17.30 **Nýjasta tækni og vísindi**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Stundin okkar**
18.25 **Menningin - samantekt**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.35 **Veður**
19.50 **Landinn** Landinn ferðast um og hittir fólk sem fæst við margt áhugavert og skemmtilegt.
20.25 **Dagur í lífi** Sigurrós Ósk Karlsdóttir
21.05 **Ófærð**
21.55 **Snilligáfa Picassos Genius. Picasso**
22.45 **Atvikið á Nile Hilton Le Caire Confidentiel**
00.30 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

06.30 **European Tour** Bein útsending frá DP World Tour Championship.
12.30 **LPGA Tour**
15.45 **Charles Schwab Cup Playoffs Preview**
16.30 **Road to the Schwab Cup**
16.50 **PGA Special. 2021 FedExCup Playoffs Official Film**
18.00 **PGA Tour** Bein útsending frá The RSM Classic.
21.00 **LET Tour**

Sjónvarp Símans

09.30 **Dr. Phil**
11.00 **Dr. Phil**
11.45 **Top Chef**
12.30 **The Bachelorette**
14.00 **Það er komin Helgi**
15.00 **George Clarke's National Trust Unlocked**
15.45 **Gordon, Gino and Fred. Road Trip**
17.15 **The King of Queens**
17.35 **Everybody Loves Raymond**
18.35 **Ástríða**
19.10 **Heil og sæl?**
20.15 **Extreme Makeover. Home Edition**
21.05 **Law and Order. Organized Crime**
21.55 **Stella Blómkvist**
22.40 **Yellowstone**
23.25 **City on a Hill**
00.15 **Agents of S.H.I.E.L.D.**
01.00 **Dexter**
01.50 **The Rookie**
02.35 **Clarice**
03.20 **Kielergata**

RÚV Rás eitt

06.55 **Morgunbæn og orð dagsins**
07.00 **Fréttir**
07.03 **Hringsól**
08.00 **Morgunfréttir**
08.05 **Sankti María, sestu á stein**
09.00 **Fréttir**
09.03 **Svona er þetta**
10.00 **Fréttir**
10.05 **Veðurfregnir**
10.15 **Bók vikunnar** Blinda
11.00 **Guðsþjónusta í Grundarkirkju**
12.00 **Hádegisútvarp**
12.20 **Hádegisfréttir**
13.00 **Sögur af landi**
14.00 **Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa**
14.03 **Víðsjá**
15.00 **Lestin**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Úr tónlistarlífinu. Reykholtshátíð 2021**
17.25 **Orð af orði** Nýyrðasmíð.
18.00 **Kvöldfréttir**
18.10 **Kventónskáld í karlaveldi** Dora Pejacevic.
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Óskastundin**
19.40 **Á ferð um landið. Í Húnaþingi** (4 af 5)
20.30 **Kynstrin öll**
21.20 **Nóvember '21 Danskir læknar útskrifa Natan Friedman**
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Þögnin rofin - Dora Pejacevic**
23.10 **Frjálsar hendur**

Stöð 2 Bíó

11.05 **Mystery 101. Playing Dead**
12.30 **Nancy Drew and the Hidden Staircase**
13.55 **Something's Gotta Give**
16.00 **Mystery 101. Playing Dead**
17.25 **Nancy Drew and the Hidden Staircase**
18.55 **Something's Gotta Give**
21.00 **The Gentlemen**
22.45 **Madame**
00.15 **Midway**
02.30 **The Gentlemen**

Stöð 2

08.00 **Barnaefni**
10.55 **Friends**
11.20 **Top 20 Funniest**
12.00 **Nágrannar**
13.30 **Nágrannar**
13.55 **Kviss**
14.40 **Ireland's Got Talent**
16.10 **Um land allt**
16.50 **Supernanny US**
17.40 **60 Minutes** Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.45 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Framkoma**
19.40 **Ummerki**
20.10 **Professor T**
21.00 **The Sinner**
21.50 **La Brea**
22.35 **Fantasy Island**
23.20 **Succession**
00.15 **Tin Star. Liverpool**
01.10 **Friends**
01.30 **Top 20 Funniest**
02.15 **Ireland's Got Talent**
03.45 **Supernanny US**

Stöð 2 Sport

07.05 **Njarðvík - Breiðablik** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
08.45 **Stjarnan - Tindastóll**
10.25 **Tilþrifin**
11.10 **Stjarnan - Fram** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
12.30 **Seinni bylgjan**
13.50 **ÍBV - Selfoss** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
15.50 **KA - Haukar** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
17.25 **Stjarnan - KR 2011**
18.05 **Njarðvík - Haukar** Bein útsending frá leik N í Subway-deild kvenna.
20.05 **Breiðablik - Fjölnir** Bein útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
22.05 **ÍBV - Selfoss**
23.30 **KA - Haukar**

Stöð 2 Sport 2

07.15 **Mörkin í undankeppni HM**
08.05 **Valencia Basket - Surne Bilbao Basket**
09.40 **Sheffield United - Coventry**
11.20 **Football League Show**
11.55 **Derby - Bournemouth** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
14.20 **New York Knicks - Houston Rockets**
16.00 **Lokasóknin**
16.55 **NFL Gameday**
17.25 **NFL Extra**
18.00 **Minnesota Vikings - Green Bay Packers** Bein útsending frá leik í NFL.
21.20 **Kansas City Chiefs - Dallas Cowboys** Bein útsending frá leik í NFL.
01.05 **Real Madrid - Coosur Real Betis**

Mánudagur

Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
19.30 **Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
20.00 **Atvinnulífið** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfssemi þeirra.
20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 **Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

13.00 **Heimaleikfimi**
13.10 **Fólkið í landinu** Hugleikur
13.35 **Útsvar 2007-2008** Fljótsdalshérað og Skagafjörður.
14.25 **Vesturfarar** Brottförin frá Íslandi
15.05 **Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** María Birta Bjarnadóttir.
15.30 **Orðbragð**
15.55 **Innlit til arkitekta**
16.25 **Veisla í farangrinum** Suðvestur-Flórída.
16.55 **Silfrið**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Litli Malabar**
18.05 **Lundaklettur**
18.12 **Poppý kisukló**
18.23 **Skotti og Fló**
18.30 **Blæja**
18.37 **Nellý og Nóra**
18.45 **Krakkafréttir**
18.50 **Lag dagsins**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
19.50 **Menningin**
20.00 **Hvað getum við gert?** Tryggingar.
20.10 **Nábýli við rándýr Tribes, Animals & Me**
21.10 **Af öllu hjarta Pala sydämestä**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Arfleifð rómantísku stefnunnar The Romantics and Us with Simon Schama**
23.30 **Cherrie - Út úr myrkrinu Cherrie - ut ur mörkret**
23.50 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

09.00 **LPGA Tour** Útsending frá CME Group Tour Championship.
12.00 **Legends Tour- Highlights**
12.45 **LPGA Tour** Útsending frá CME Group Tour Championship.
15.45 **Legends Tour- Highlights**
16.45 **LPGA Tour** Útsending frá CME Group Tour Championship.
19.45 **PGA Highlights**
20.40 **European Tour - Highlights**
21.25 **LPGA Tour** Útsending frá CME Group Tour Championship.

Sjónvarp Símans

12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **A Million Little Things**
14.45 **The Neighborhood**
15.10 **Gordon, Gino and Fred. Road Trip**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.40 **Intelligence**
20.10 **Top Chef**
21.00 **The Rookie**
21.50 **Clarice**
22.35 **Kielergata**
23.20 **The Late Late Show**
00.10 **Dexter**
01.40 **FBI. Most Wanted**
02.25 **The Good Fight**
03.10 **Paradise Lost**
04.00 **Tónlist**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Flugur**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið Fyrri og seinni hluti**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Hringsól** Um Tucson í Arizona.
15.00 **Fréttir**
15.03 **Orð um bækur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Krakkakiljan**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.40 **Kvöldsagan. Í verum, seinna bindi** (10 af 32)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**

Stöð 2 Bíó

10.30 **Time Freak**
12.10 **The Trip to Spain**
13.55 **Finding Your Feet**
15.45 **Time Freak**
17.25 **The Trip to Spain**
19.10 **Finding Your Feet**
21.00 **Just Mercy**
23.10 **Men in Black. International**
01.00 **Mortal Kombat Legends. Scorpion´s Revenge**
02.20 **Just Mercy** Sannsöguleg mynd frá 2019. Lögfræðingurinn Bryan Stevenson berst fyrir lausn fanga af dauðadeild, en Walter McMillian var dæmdur til dauða árið 1987 fyrir morð á 18 ára gamalli stúlku.

Stöð 2

07.55 **Heimsókn**
08.15 **The Mentalist**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Gossip Girl**
10.05 **Landnemarnir**
10.45 **Grand Designs**
11.30 **Golfarinn**
11.55 **Last Man Standing**
12.20 **The Office**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **Friends**
13.20 **The Goldbergs**
13.40 **The Greatest Dancer**
15.25 **Eldhúsið hans Eyþórs**
15.50 **Hell's Kitchen**
16.35 **First Dates**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.05 **Um land allt** Kristján Már Unnarsson heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki í ólíkum byggðum.
19.45 **Home Economics**
20.05 **Fantasy Island**
20.50 **Succession**
21.55 **The Pact** Nýir glæpa- og spennuþættir frá 2021.
23.00 **60 Minutes**
23.45 **Agent Hamilton**
00.35 **Insecure**
01.10 **SurrealEstate**
01.55 **Masterchef USA**
02.35 **Legends of Tomorrow**
03.15 **The Mentalist**
03.55 **The Office**
04.20 **Friends**

Stöð 2 Sport

07.50 **ÍBV - Selfoss** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
09.20 **KA - Haukar**
10.45 **Subway Körfuboltakvöld karla**
11.45 **Njarðvík - Haukar** Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
13.25 **Breiðablik - Fjölnir**
15.05 **ÍBV - Selfoss**
16.30 **KA - Haukar**
18.00 **Seinni bylgjan**
18.45 **Valur - Afturelding** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
20.40 **Seinni bylgjan**
21.55 **Seinni bylgjan**
22.55 **Valur - Afturelding**

Stöð 2 Sport 2

08.00 **Derby - Bournemouth**
09.40 **Real Madrid - Coosur Real Betis**
11.15 **Leikur** Útsending frá leik í NFL.
13.35 **Leikur** Útsending frá leik í NFL.
15.55 **QPR - Luton**
17.35 **Derby - Bournemouth**
19.15 **Football League Show**
19.40 **Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
20.05 **Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar**
20.55 **LA Clippers - Dallas Mavericks**
22.35 **Football League Show**
23.00 **Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
23.25 **Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar**

Jólafötin þín

finnur þú hjá okkur

SAMDÆGURS FRÍ HEIM-SENDING Í REYKJAVÍK

Yfir 300 gerðir af kjólum

stærðir frá 34-60

Magdashop.is

Nýja uppáhalds fatabúðin þín

Söngkonan á mest spilaða lag í heimi. MYND/GETTY

Swift skaut Scooter Braun ref fyrir rass. MYND/GETTY

Swift er merkilegasti tónlistarmaður okkar tíma að mati Birgis. Það sætir tíðindum að tíu mínútna langt lag sé svo vinsælt. MYND/GETTY

Við hin erum heppin að búa í veröld Swift

Oddur Ævar Gunnarsson
odduraevar
@frettabladid.is

Taylor Swift á vinsælasta lag í heimi. Það er tíu mínútna útgáfa af hinu níu ára gamla lagi All Too Well, á nýrri útgáfu af plötunni Red. Einn mesti aðdáandi hennar hér á landi er rokkhundurinn Birgir Jónsson, forstjóri Play, og fagnar hann útgáfunni.

„Þetta er ekki búið að gerast í ein tuttugu, þrjátíu ár, að svona langt lag nái slíkum vinsældum," segir Birgir Jónsson, forstjóri Play og rokkstjarna, en hann þrumaði í trommusettið með Dimmu meðal annars. Ekki eru margir sem vita að hann er líklega einn stærsti aðdáandi söngkonunnar hér á landi. Hann er sannkallaður flugstjóri á Swift-vagninum.

„Margir halda að ég sé að grínast en ég er á þeirri skoðun að þetta sé einn merkilegasti tónlistarmaður okkar tíma, segir Birgir og stekkur hvergi bros. „Það var mikið að það kom einhver með eitthvað sem skiptir máli. Ég er búinn að bíða lengi eftir þessu," skýtur Birgir svo inn í hlæjandi.

Söngkonan gaf nýverið út nýja útgáfu af plötu sinni Red frá 2012, sem líkt og önnur tónlist söngkonunnar er nú komin í eigu hins alræmda umboðsmanns Scooter Braun. Platan er því ný útgáfa af þeirri gömlu, sem Birgir segir einfaldlega miklu betri.

Red 2021 miklu betri en Red 2012

„Hér er hún að gera eitthvað sem margir tónlistarmenn hafa reynt en engum tekist. Að hrifsa til sín eignarréttinn á þessum upptökum, sem hún missti þarna í hendurnar á einhverjum vondum kapítalista," segir Birgir.

Hann segir að þegar hljóðskrár sömu laga frá 2012 og 2021 séu spilaðar hlið við hlið, séu þær nánast að öllu leyti eins. Minnt er á að um nákvæmlega sömu lög er að ræða.

„En samt er þetta miklu flottara og betra í þetta skiptið og hún er að ná þessu upp á tíu. Þetta er náttúrulega mikil yfirlýsing, þar sem hún gefur „the man" einfaldlega fokkjú putta," segir Birgir.

Treflalagið er kántrílag

All Too Well í tíu mínútna útgáfu er fylgilag á nýja disknum frá söngkonunni. Upprunalega lagið er um fimm mínútna langt og er það líka að finna í nýrri útgáfu á disknum.

„Þetta hefur lengi verið í uppáhaldi meðal aðdáenda og hefur alltaf verið kallað treflalagið [e. Scarf song]. Þarna talar hún um þennan margumræddda trefil," segir Birgir. Í fyrsta versi lagsins syngur Taylor til síns fyrrverandi, sem er nokkuð ljóst að er Hollywood-leikarinn Jake Gyllenhaal, og nefnir að hún hafi gleymt treflinum sínum hjá systur hans. Hann eigi trefilinn enn.

„Hann getur ekki farið út úr húsi núna af því það eru allir brjálaðir út í hann. Svo lætur hún þessa stuttmynd fylgja sem er alveg ógeðslega flott hjá henni og hún eiginlega rífur hann í sig," segir Birgir. Hann segir alveg ljóst hvers kyns lag er hér um að ræða.

„Þetta er hundrað prósent kántrí. Þetta er saga af einhverjum sem er vondur við einhvern og um einhvern sem rís upp í kjölfarið. Ef eitthvað er kántrílag þá er það þetta. Fólk sem segist hata kántrí fattar ekki að það verður ekki meira kántrí en þetta," segir Birgir um vinsælasta lag heims.

Tíu mínútna tónverk

Söngkonan flutti lagið í bandarísku skemmtiþættinum Saturday Night Live um helgina, í fullri tíu mínútna útgáfu. Birgir segir það einstakt og til vitnis um það hvílíkur viðburður vinsældir lagsins séu í raun og veru.

„Á þessum tímum þar sem fólk, og sérstaklega ungt fólk, er að neyta tónlistar í þriggja mínútna bitum, þá er það stórkostlegt að tíu mínútna tónverki sé gefið pláss eins og þarna," segir Birgir. Í þættinum stóð söngkonan alein uppi á sviði við sönginn og hefur fengið mikið lof fyrir.

„Þetta var ótrúlega vel gert. Hún var pínu brothætt og kom þessari tilfinningu alveg á framfæri. Það er magnað að þetta nái svona mikilli athygli, því maður hefði haldið að ungt fólk hefði bara ekki athyglisgáfuna í þetta, miðað við tónlistarmarkaðinn og hvernig hann er í dag."

Red er komin aftur út. Nú svo sannarlega í eigu Swift.

Hver er Taylor Swift?

- Fæddist 13. desember 1989.
- Hún fæddist í smábænum West Reading í Pennsylvaníu.
- Hún heitir fullu nafni Taylor Alison Swift.
- 14 ára fluttist hún til Nashville, Tennessee, til að verða kántrístjarna.
- Hún spilar á gítar, píanó, ukulele, rafmagnsgítar og banjó.

Tár á hvarmi við frumsýningu

„Útgefandinn vildi þetta lag ekki sem smáskífu," sagði söngkonan sigri hrósandi, í einlægri ræðu á frumsýningu á fjórtán mínútna stuttmyndinni sem hún gaf út í síðustu viku með laginu.

Þar fara leikararnir Dylan O'Brien og Sadie Sink með hlutverk tveggja ástfanginna einstaklinga og bregður heimsfrægum trefli þar meðal annars fyrir. Á frumsýningunni rifjaði Taylor upp útgáfu upprunalega lagsins á Red plötunni árið 2012.

„Þetta var uppáhaldið mitt," segir Taylor um lagið. „Þetta var um eitthvað sem var mér mjög persónulegt. Það var erfitt að flytja það í beinni. Fyrir mér, í dag, er þetta lag 100 prósent um okkur og fyrir ykkur," sagði hún við aðdáendurna og þar mátti sjá tár á hvarmi víða.

Staðreyndir um vinsælasta lag í heimi

- Hún samdi það eftir sambandsslit sín við Jake Gyllenhaal.
- Lagið er oft kallað „treflalagið".
- Söngkonan sást með trefil á sér á þeim tíma, sem Gyllenhaal hafði áður haft á hálsi sér.
- Útgefandinn vildi ekki gefa út lagið sem smáskífu og taldi það ekki líklegt til vinsælda.
- Hún hefur sagt þetta sitt persónulegasta lag frá upphafi.

Umboðsmaðurinn sem rændi lögunum

Taylor Swift ákvað að endurgera plötuna sína Red frá 2012, þar sem umboðsmaðurinn Scooter Braun eignaðist útgáfufyrirtækið Big Machine árið 2019.

Hún var vægast sagt ósátt og sagði hún Scooter, sem er meðal annars umboðsmaður Justins Bieber, hafa rænt sig ævistarfinu.

„Núna hefur Scooter rænt ævistarfi mínu og ég fékk ekki tækifæri til að kaupa. Í raun og veru er tónlistararfleifð mín í höndum einhvers sem vill eyðileggja hana."

> **Þetta er náttúrulega mikil yfirlýsing, þar sem hún gefur „the man" einfaldlega fokkjú putta.**

Birgir Jónsson, forstjóri Play og aðdáandi Taylor Swift

Birgir hefur reglulega lýst yfir aðdáun sinni á söngkonunni og kántrítónlist almennt á Facebook. „Og fólk heldur að ég sé eitthvað ruglaður.

Maður segir þetta ekki við hvern sem er, því fólk hugsar alltaf um einhverja Roy Rodgers, en það er ótrúlegasta fólk sem hlustar á kántrí," útskýrir Birgir.

„Þetta er svo ótrúlega vel unnin og útpæld tónlist. En maður fer svolítið með þetta í hljóði og er til í að segja frá öllu nema þessu. Stundum, eins og núna, þá bara getur maður ekki setið á sér. Fólk heldur alltaf að ég sé að grínast, bara einhver þungarokkari að fíflast, en ég bara elska Taylor," segir Birgir. ■

NÓA Konfekt

Pralín molar

MEÐ MJÚKRI FYLLINGU

EFTIRLÆTI ÍSLENDINGA

Pralín molarnir með mjúku fyllingunni eru eftirlæti margra Íslendinga. Þessi konfektaskja inniheldur margar nýjar bragðtegundir og nú eru jarðarberja- og kirsuberjamolarnir sem margir hafa saknað loksins fáanlegir aftur. **Gerðu gæðastundir með góðu fólki enn betri með gómsætum Pralín molum frá Nóa Síríus.**

cocoa HORIZONS

NÓI SÍRÍUS

Sorgleg meðferð á meistaraverkum

TÖLVULEIKIR

Grand Theft Auto: The Trilogy – The Definitive Edition

Útgefandi: Rockstar Games
Framleiðandi: Grove Street Games
Spilaður á: PlayStation 5. Einnig til fyrir Microsoft Windows, Nintendo Switch, PlayStation 4, Xbox One, Xbox Series X/S, Android og iOS

oddurfreyr@frettabladid.is

> Metnaðarleysið og skorturinn á nákvæmni skín í gegn alls staðar, en Rockstar Games hefur hingað til einmitt verið þekkt fyrir nákvæmni í leikjum sínum.

Það var greinilega lítill metnaður lagður í endurútgáfu Grand Theft Auto-leikjanna sem komu fyrst út á PS2.

MYND/ROCKSTARGAMES.COM

Það er margt hægt að segja um nýju útgáfuna af Grand Theft Auto- leikjunum, en fátt af því er jákvætt. Flest allt sem er jákvætt við þessa útgáfu á rætur að rekja til þess að leikirnir voru byltingarkenndir og sérlega vandaðir á sínum tíma, en í þessari endurútgáfu er búið að fara illa með góðan efnivið og útkoman er ókláruð, óvönduð og virkar illa.

Samt enn þá gaman

Byrjum á því jákvæða. Uppfærslan á stýringunum er til bóta og það er þægilegt að leikurinn visti nú sjálfvirkt. Í San Andreas er líka komið kerfi sem vistar árangurinn í miðju verkefni, svo það þarf ekki alltaf að byrja frá byrjun ef illa fer.

Þrátt fyrir alla gallana er ég búinn að skemmta mér mjög vel. Sögurnar og persónurnar eru skemmtilegar og tónlistin og útvarpsþættirnir eru æðisleg. Það er gaman að vera í þessum heimum, flest verkefnin eru skemmtileg og þau verða sífellt betri eftir því sem líður á seríuna. Þetta eru frábærir leikir í grunninn og bæði þeir sem vilja rifja upp kynnin og þeir sem hafa aldrei prófað þá, ættu að geta haft mjög gaman af þeim, sérstaklega ef þessi útgáfa verður fínpússuð.

Bæði flottari og ljótari

Leikirnir líta að mestu leyti betur út en áður. Bætt lýsing er sérstaklega áberandi kostur, sérstaklega í neonljósum Vice City, auk þess sem upplausnin á umhverfi er betri, svo almennt hafa þessir heimar aldrei litið betur út. En það eru líka komnir nýir útlitsgallar. Rigningin í GTA3 er til dæmis rosalega ljót og óraunveruleg og miklu verri en í gamla daga. Hún getur líka litið mjög illa út í Vice City og San Andreas, en það er ekki jafn algengt. Leikirnir eiga líka til að vera bæði of dimmir og of bjartir í HDR og oft birtist fólk eða bílar bara skyndilega rétt fyrir framan mann. Svona mætti lengi telja.

Persónur líta líka bæði verr og betur út. Aðalpersónurnar líta almennt betur út, en margar aukapersónur líta mun verr út en þær gerðu á sínum tíma og þar var greinilega ekki vandað til verka. Það eru líka ýmsar hreyfingar sem líta óeðlilega út eftir að persónunum var breytt.

Leikirnir bjóða upp á valkost milli „Fidelity“ og „Performance“ grafíkstillinga, sem er eiginlega út í hött í leikjum sem eru komnir á kosningaaldur. Það sem verra er, þá halda leikirnir ekki 60 römmum á sekúndu á „Performance“-stillingu á PS5. Á nýjum leikjatölvum ættu svona gamlir leikir að virka í 4K upplausn og 60 römmum á sekúndu án vandræða.

Þokan sem var áður í leikjunum er horfin, sem virkar almennt vel í GTA3 og Vice City, en í San Andreas er furðulegt að geta séð á milli borga og þetta lítur illa út úr mikilli hæð. GTA5 og aðrir nýrri leikir nota líka þoku til að gera umhverfið raunverulegra og það sama ætti að gera hér.

Ótrúlega ófullkomið

Svo hafa allir leikirnir óteljandi galla, bæði þegar kemur að útliti og virkni, svo vonandi fær þetta safn bráðnauðsynlega uppfærslu. Það sem virðist hafa gerst við framleiðslu þessarar útgáfu er að í stað þess að byggja á gömlu leikjunum, voru farsímaútgáfur leikjanna teknar og þær keyrðar gegnum hugbúnað sem jók upplausnina. Svo var greinilega lítið meira gert og sama og ekkert farið yfir vinnuna til að tryggja að allt væri í lagi. Útkoman er óvönduð og ókláruð og þetta skapaði fjöldamörg ný vandamál. Metnaðarleysið og skorturinn á nákvæmni skín í gegn alls staðar, en Rockstar Games hefur hingað til einmitt verið þekkt fyrir nákvæmni í leikjum sínum.

Mér finnst líka lélegt að tveir leikmenn geti ekki lengur spilað saman í San Andreas, eins og hægt var í upprunalegu útgáfunni og mér finnst líka að í „endanlegri útgáfu“ leikjanna ættu Liberty City Stories og Vice City Stories verkefnapakkarnir að fylgja með. ■

NIÐURSTAÐA: Það er sorglegt og skammarlegt að það hafi verið farið svona illa með þessi gömlu meistaraverk. Metnaðarleysið var algjört. Vonandi fær þessi útgáfa fínpússun og ef það gerist verður sannarlega hægt að mæla með því að endurupplifa þessa leiki. En það er því miður ekki hægt að mæla með þeim í núverandi útgáfu.

SÓLHEIMAR.IS
Verið hjartanlega velkomin í vefverslun Sólheima

Bolli með undirskál (E.B)
6.990 kr

Þorgrímur (E.B)
28.900 kr

Ástríkur (E.B.S)
13.900 kr

Lífið á haus (E.B.S)
12.900 kr

Hestur (G.L.A)
5.900 kr

Doppa (K.A.S)
10.900 kr

Bývaxkerti
Margar gerðir

Útikerti

Krem, sápur og olíur

Úrval fallegra listmuna sem fegra og gleðja.
Tilvalið í jólapakkann fyrir starfsmenn, vini og ættingja.

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

NÝJAR EIGNIR Á SKRÁ

Efstasund 90

Reykjavík
224,2 fm. með aukaíbúð og stórum bílskúr. Stórar verandir með heitum potti. Endurbyggt og endurnýjað á glæsilegan máta.
Bókið einkaskoðun

Verð 137.500.000,-

Breiðavík 16

Reykjavík
66,2 fm. 2ja herb. íbúð með suðvestursvölum og sérinngangi af svalagangi. Dýrahald leyfilegt.

Opið hús 12:15 - 12:45 miðvikudaginn 24. nóv.
Verð 41.900.000,-



Sólvallagata 33

Reykjavík
88,0 fm. 3ja herb. Íbúð með stórum svölum til suðvesturs.

Opið hús 12:15 - 12:45 mánudaginn 22. nóv.
Verð 58.500.000,-

Þverbrekka 2

Kópavogur
50,3 fm. 2ja herb. Útsýnisíbúð.

Opið hús 14:00-14:30 sunnudaginn 21. nóv.
Verð 38.500.000,-

Hlíðarbyggð 28

Garðabær
210,0 fm. 4ra herb. raðhús með aukaíbúð.
Góðar leigutekjur

Opið hús 16:30-17:30 mánudaginn 22. nóv.
Verð 115.000.000,-

Garðsstaðir 9

Reykjavík
192,9 fm. 4ra herb. endaraðhús á einni hæð og stórum veröndum og innb. bílskúr.

Opið hús 16:30-17:30 þriðjudaginn 23. nóv.
Verð 125.000.000,-

Goðheimar 23

Reykjavík
127,6 fm. 4ra herb. útsýnisíbúð á efstu hæð.

Opið hús 12:00 - 13:00 þriðjudaginn 23. nóv.
Verð 77.500.000,-

Vogabyggð

Kuggavogur / Dugguvogur
Reykjavík
3ja til 4ra herbergja íbúðir. Bílastæði í bílakjallara. Dýrahald leyfilegt í ákveðnum íbúðum. Örfáar íbúðir eftir
Bókið einkaskoðun
Verð frá 66,9 - 85,9 millj.

Fáðu fasteignasölu með metnað og drifkraft til að selja fyrir þig

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR

Heimir
Lögg. fasteignasali
849 0672
heimir@fastlind.is
heimirhallgrimsson

Lind fasteignasala á toppi Everest 24. maí 2021

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Hátíðarföt fyrir litla kroppa

Brúnt er hlutlaust og smart.

Brúnir skór passa við allt hvort sem það eru kjólar eða pils.

Jólin eru á næsta leiti og ekki úr vegi að fara að huga að jólafötum fyrir þá sem yngri eru. Fréttablaðið fór á stúfana og fann nokkrar fallegar flíkur í verslunum veraldarvefsins. Litir jólanna eru í hávegi enda hátíðarandinn að færast yfir.

svavamarin@frettabladid.is
benediktboas@frettabladid.is

Í dag eru 34 dagar til aðfangadags og ekki seinna vænna að kaupa jólafötin.

Lindex er með fallegar jólavörur.

Skór setja punktinn yfir i-ið og þessir dásamlega fallegu skór passa hvort sem aldurinn er 6 mánaða eða 60 ára.

Smóking og slaufa gera jólin enn hátíðlegri. Þessi múndering fæst í Von.

MYNDIR/ SKJÁSKOT

Samfestingur er eitthvað sem smellpassar í pakkann undir tré eða í skóinn. Þessi fæst í H&M.

Drapplituð Garcia-kápa fæst í Englabörnum.

Allt er vænt sem vel er grænt, segir einhvers staðar.

Litlir drengir verða virðulegir í peysu sem þessari sem fæst í Next.

Fátt er hátíðlegra en pallíettukjóll. Þessi fæst í Englabörnum.

Klassískur kjóll sem dugar lengur en aðeins yfir jólin.

Jólalegt og smekklegt glimmerpils frá Minimo.

Rauður og jólalegur kjóll sem fæst í Lindex.

Skyrta sem allir unglingsdrengir gætu verið stoltir af.

Stórir drengir þurfa góða skyrtu. Þessi gerir hvaða dreng sem er að góðum jólatöffara.

Boozt.COM

FASHION KIDS SPORT HOME BEAUTY

BLACK FRIDAY

FASHION
KIDS
SPORT
HOME
BEAUTY

NÝ TILBOÐ Á HVERJUM DEGI

Galin nálgun að launafólk eigi bara að herða beltið

Frétt vikunnar

Magnús Þór Jónsson

odduraevar@frettabladid.is

Stóra frétt vikunnar fannst mér stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands og kannski ekki síður kynningin á henni. Það er eitt að beita vaxtahækkun til að draga úr þenslu í samfélaginu, en að okkar ágæti bankastjóri telji sig þess umkominn að senda skilaboð inn í yfirstandandi kjaraviðræður eða þær sem eru fram undan, er bara einfaldlega út í hött.

Kjarasamningar snúa að umbun launþega fyrir sín störf og það er auðvitað öllum ljóst að þeim markaði er misskipt. Stéttir sem hafa lengi verið á eftir og eru að vinna að því að ná eðlilegri stöðu á launamarkaði, eru ekki þær sem að hafa stuðlað að þenslunni í samfélaginu og eiga það ekki skilið að gert sé lítið úr sjálfsagðri kröfugerð þeirra.

Aðildarfélög KÍ eru þessa dagana að vinna að kjarasamningum við sveitarfélögin, ég treysti því að í þeim viðræðum verði farið yfir mikilvægi kennarastarfsins, sem hefur verið samfélaginu svo augljóst nú síðustu misserin og orðræða um það að launafólk eigi bara að sitja hjá og herða beltið verði hreint alls ekki tekin upp, enda algerlega galin nálgun! ■

> Kjara-samningar snúa að umbun launþega fyrir sín störf.

Magnús Þór Jónsson, formaður Kennarasambandsins.

Eygló hefur verið undir handleiðslu Ólafs síðustu tvö ár. Hún á eitt ár eftir þar til hún útskrifast. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ríkisstjórnin mynduð í eldhúsi á Kársnesi

Eygló Harðardóttir, fyrrum ráðherra Framsóknarflokksins, er kokkanemi á Brasserí Kársnes þar sem hún framreiðir hverja snilldina á fætur annarri. Í eldhúsinu eru þau Óli, eigandi, að smíða ríkisstjórn landsins, ræða nýtt kvennaathvarf og jólin.

benediktboas@frettabladid.is

„Eygló er mjög góð að elda, enda hefur hún mjög mikinn áhuga á mat. Hún er vandvirk, áhugasöm og dugleg eins og kannski sést helst á hvað hún er að gera fyrir utan vinnutíma, því þá er hún að smíða nýtt kvennaathvarf," segir Ólafur Helgi Kristjánsson, matreiðslumeistari og eigandi Brasserí Kársness, en hann hefur verið með Eygló Harðardóttur sem nema hjá sér undanfarin tvö ár.

Ólafur lét gamlan draum rætast um að opna sinn eigin veitingastað og fann húsnæði á Hafnarbrautinni á Kársnesi, þar sem hann eldar ofan í gesti og gangandi. Eini neminn á staðnum er Eygló Harðardóttir sem var félags- og húsnæðismálaráðherra 2013-2017 og ritari Framsóknarflokksins árið 2009.

> Hún er vandvirk, áhugasöm og dugleg eins og kannski sést helst á hvað hún er að gera fyrir utan vinnutíma.
>
> Ólafur Helgi Kristjánsson, eigandi Brasserí Kársnes

„Ég held að við séum búin að mynda margar ríkisstjórnir með persónum og leikendum í eldhúsinu. Það er töluvert um pólitík í eldhúsinu, ég get alveg viðurkennt það," segir Ólafur.

Eygló byrjaði sem nemi hjá Ólafi þegar hann stýrði Hótel Sögu og flakkaði á milli Mímis, Súlnasalar og hins goðsagnakennda Grills. Þegar hann opnaði svo Brasserí fékk hún nemasamning, en fyrir utan að vera að elda er hún að reisa nýtt kvennaathvarf. „Hún fer bara úr smíðagallanum og beint í kokkagallann. Hún er ótrúlega mögnuð," segir Ólafur, en staðurinn er sannkallaður fjölskyldustaður – því eiginkona hans, Sólveig Júlíana Guðmundsdóttir, og tvö börn þeirra, vinna einnig á staðnum.

„Sólveig er límið í þessu því ég er auðvitað bara kokkavitleysingur. Án hennar væri þetta allt komið í vitleysu. Ég held að við séum gott teymi og það er minna mál en ég hélt að vinna með Sólveigu. Svo eru krakkarnir að vaska upp, þannig að samverustundunum hefur fjölgað töluvert eftir að ég opnaði," segir Ólafur. ■

Á skjánum

Mikil hætta á að maður byrji að safna mottu í hlýrabol

odduraevar@frettabladid.is

Siffi G.

„Ég var nýlega að klára alla Narcos-þættina," segir Twitter stjarnan Sigurjón Guðjónsson, sem betur er þekktur sem Siffi G. Hann er gríðarlega hrifinn af þáttunum.



„Ég mæli mjög mikið með bæði Narcos í Kólumbíu og Narcos Mexico. Mikil hætta er á því að maður byrji að safna mottu og ganga um í hlýrabol með risa kross um hálsinn eftir áhorfið.

Núna er ég samt að horfa á Game of Thrones aftur með frúnni, það er öðruvísi að horfa á þættina þegar maður veit hvað gerist!" ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA

25., 26. OG 27. NÓVEMBER

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Hentry

Miðasala á sinfonia.is • HarryPotterInConcert.com

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

WIZARDING WORLD

PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s21)

BYKO

25%
Innimálning

Frábær HELGARTILBOÐ

20. - 21. nóvember

DOMO
700w ryksuga með 2,5L poka. Rörið er 90cm, snúran er 6m og vinnuradíus 8m. 3 pokar fylgja með ryksugunni. Hepa filter.

-20%
Vnr. 65740149
11.996
Almennt verð: 14.995
Þú sparar: 2.999

20%
Heimilisryksugur

DOMO RYKSUGUVÉLMENNI
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með 9 skynjara. Tekur allt að 90 mínútur að hlaðast. Hægt að stilla þrif viku fram í tímann. Ryksugan tekur allt að hálfan líter af ryki og er auðvelt að hreinsa.

-20%
Vnr. 65740141
35.196
Almennt verð: 43.995
Þú sparar: 8.799

SERIE 2 COMPAXX S
Lítil og nett en öflug. „HiSpin"-mótor: Ný tækni sem skilar hámarksafköstum með lágmarksorkunotkun. Hljóð: 80 dB. „Power Protect system": Tryggir betri afköst jafnvel þó pokinn sé fullur. Öflug sía.

-20%
Vnr. 65742056
15.916
Almennt verð: 19.895
Þú sparar: 3.979

25%
Valin Dremel verkfæri

30%
Valin rafmagnsverkfæri

Jólavörurnar eru komnar í vefverslun byko.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

20%

Bílahreinsivörur

20%

Brauðristar

20%

Kaffivélar

20%

Vöfflujárn

30%

Bökunarform

30%

Pottar & pönnur

25%

Blá BOSCH verkfærasett

30%

Háþrýstidælur

Skoðaðu jólablaðið á byko.is

Skannaðu kóðann

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Bakþankar

Óttars Guðmundssonar

Jónas Hall

Í vikunni var haldið upp á afmælisdag Jónasar Hallgrímssonar (214 ára) og dag íslenskrar tungu. Ég hitti skáldið á dögunum í Hljómskálagarðinum og hann sagðist þakklátur fyrir þá miklu vegsemd sem þjóðin sýndi sér. „Ég sem var blankastur allra námsmanna í Kaupmannahöfn er nú kominn framan á tíuþúsundkallinn ásamt heiðlóunni. Það varð mér sennilega til framdráttar að detta í stiga í maí 1845 og fótbrotna. Ég dó ungur, tæplega miðaldra og þjóðin tók mig í dýrlingatölu og harmaði ljóðin sem ég náði ekki að yrkja.

Sannleikurinn er sá að ég var illa farinn af alkóhólisma þegar ég dó. Krufningalæknirinn sagði mér að hann hefði aldrei séð ljótari og feitari lifur. Eiginlega var ég útbrunninn á sál og líkama og ekki líklegur til frekari afreka.

Síðan hefur þjóðin skemmt sér við að semja helgisögur um mig. Sagt er að ég hafi elskað saklausa smámey á Íslandi „með rauðan skúf í peysu“. Það fór ekki hátt að ég hafði mikið dálæti á vændiskonum sem ég kallaði flyðrur í bréfum til vina minna (luder=lúða=flyðra).

Ekki datt mér í hug þegar ég var grafinn í fátækragarðinum í Kjöben að þjóðin mundi grafa mig upp löngu síðar og jarða á Þingvöllum. Það er leitt að enginn skuli vilja liggja hjá okkur Einari heitnum Benediktssyni, svo að þetta er einmanalegur grafreitur.

Kannski ætti að breyta heiðursverðlaununum mínum og veita þau íslensku skáldi sem getur ort hringhendu og sléttubönd og verið edrú í fimm ár. En það mundi ganga af verðlaununum dauðum.“ Skáldið stundi þungan og klifraði upp á stallinn sinn. ■